


**RAGNHILDUR BENEDIKTSDÓTTIR**

*Hreindýralifrarpylsa með fjallagrösum*

• matur • nám

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**




**INGIBJÖRG REYNISDÓTTIR**

*Veit að þeir fiska sem róa*

**FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR**

*Í íslenskum kjól í Kaíró*

Kynnir Astrópíu í Egyptalandi

**FÓLK 42**





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. nóvember 2008 — 319. tölublað — 8. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000



## FÖSTUDAGUR



### Óvænt ferðalag

Högni Egilsson og félagar í Hjaltalín hita upp fyrir Cold War Kids í Evróputúr.

**FÓLK 34**

### Suður-grænlenskir dagar



Íslendingar geta kynnt sér hvað Suður-Grænland hefur upp á að bjóða á morgun í Norræna húsinu.

**TÍMAMÓT 26**

### Stjarnfræðilegt vanhæfi

„Það er þess vegna ekki verið að persónugera vandann þegar kallað er eftir breytingum í Seðlabankanum“, skrifar Helgi Hjörvar.

**UMRÆÐAN 24**



### Bikarmeistararnir úr leik

KR sló Snæfell út úr 32 liða úrslitum Subway-bikars karla í körfubolta.

**ÍÞRÓTTIR 38**

## VEÐRIÐ Í DAG




**FROST** Í dag verður norðan 5-10 allra austast annars hæg breytileg átt. Skýjað og stöku él norðaustan til annars þurrt og bjart með köflum. Snjómugga eða slydda allra vestast seint í kvöld eða nótt.

**VEÐUR 4**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SIGRI FAGNAÐ** Loki Rúnarsson og Tryggvi Geir Torfason ásamt leikfélögum sínum fagna sigri í hæfileikakeppni grunnskólanna eins og Austurbæingum einum er lagið.

# Telja þjónustuskerðingu óumflýjanlega

**Forsvarsmenn heilbrigðisstofnana telja útilokað að draga saman útgjöld um tíund án þjónustuskerðingar. Lokun deilda og fjöldauppsagnir óumflýjanlegar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Forsvarsmenn heilbrigðisstofnana eru svartsýnir á að tíu prósenta niðurskurður sé mögulegur án þjónustuskerðingar, eins og er markmið heilbrigðisráðherra. Lokun deilda og fjöldauppsagnir eru taldar óumflýjanlegar eigi slíkt markmið að nást.

Fjármálaráðuneytið hefur látið þau boð út ganga að öll ráðuneyti reyni að skera niður kostnað um tíu prósent af ársveltu miðað við fjárlög 2009. Í tilfelli heilbrigðisráðuneytisins þarf að skera niður um tólf milljarða króna. Uppi eru ólík sjónarmið um hvort verið sé að biðja um flatan niðurskurð eða kanna hvernig nýta megi mannafla og aðstöðu með sem allra hagkvæmustum hætti, sem kæmi misjafnlega hart niður á einstökum heilbrigðisstofnunum.

Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítalans, segir að sparnaðarhugmyndir frá LSH nái ekki tíu prósentum af starfsfé spítalans en miklir möguleikar séu fyrir hendi. Hún telur helstu tækifærin liggja í fækkun legudaga með skipulagsbreytingum. Launakostnaður verði minnkaður en laun starfsfólks verði ekki lækkuð. Hún kallar jafnframt eftir samstarfi einstakra stofnana.

Einar Rafn Haraldsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands, segir að umbeðnum niðurskurði ráðuneytisins verði aldrei náð án verulega skertrar þjónustu og fjöldauppsagna. Halldór Jónsson, forstjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, er sammála. Hann segir þó lengi mögulegt að hagræða.

Allar tillögur um sparnað áttu að hafa borist ráðuneytinu í gær.

**- shá /** **sjá síðu 4**

Austurbæjarskóli vann Skrekk:

## Fögnuðu sigri á Adamsklæðum

**FÓLK Austurbæjarskóli sigraði í hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur, Skrekk 2008, á þriðjudagskvöld við gríðarlegan fögnuð nema og aðstandenda. Er þetta í annað sinn sem skólinn vinnur en fyrst var það fyrir þremur árum.**

**Að sögn tveggja félaga í leikhóp Austurbæjarskóla, þeirra Loka Rúnarssonar og Tryggva Geirs Torfasonar, hlupu nokkrir þeirra kviknaktir í kringum Hallgrímskirkju í fagnaðarskyni eftir keppni. Sú hefð hefur skapast innan skólans að gera svo þegar mikið liggur við. Aðspurðir hvað feður þeirra, Rúnar Guðbrandsson leikstjóri og Torfi Geirmundsson hárskeri, segðu við slíkum látum sögðu drengirnir þá ekki vita neitt um þessa venju – fyrr en nú. - jbg**

Forystumenn stjórnarandstöðunnar íhuga að bera upp vantraust á ríkisstjórnina:

## Vantrauststillaga til umræðu

**STJÓRNMÁL** Formenn stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi hafa rætt við um að bera fram sameiginlega vantrauststillögu á ríkisstjórnina.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, og Valgerður Sverrisdóttir, formaður Framsóknarflokksins, staðfestu öll við Fréttablaðið í gærkvöldi að málið hefði verið rætt.

Steingrímur segir að í ljósi aðstæðna í samfélaginu þurfi ekki að koma á óvart þótt stjórnarandstaðan lýsi vantrausti á ríkisstjórnina. Málið hafi verið hugleitt og rætt um nokkurt skeið en ekkert ákveðið. „En ríkisstjórnin á auðvitað ekki annað skilið en að slík tillaga sé borin fram.“ Steingrímur segir að viðkvæm staða sem uppi var vegna samkomulagsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafi haldið aftur af mönnum en eftir gærdaginn þurfi í raun ekkert að koma í veg fyrir að tillagan verði borin upp. **- bþs**










## SPURNING DAGSINS



*Sigurður, eiga ráðgjafar Strandagaldurs eftir að bjarga þjóðarskútunni frá strandi?*

„Tvímælalaust, þegar þeir eru búnir að ráða alvörujólasveina í vinnu.“

Sigurður Atlason, framkvæmdastjóri Strandagaldurs, telur þjóðráð að nota galdra gegn efnahagsástandinu. Íslenskir ráðamenn gætu leitað ráðgjafar um hvernig ætti að eiga við ráðamenn Breta.

Efast um að ríkisstjórnin geti sinnt mikilvægum verkum við óbreytt ástand:

# Davíð burt eða uppstokkun

**STJÓRNMÁL** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að Davíð Oddsson verði að víkja úr embætti seðlabankastjóra, að öðrum kosti efast hún um að ríkisstjórnin geti sinnt mikilvægum verkefnum sínum.

„Á sínum tíma var ég fylgjandi myndun ríkisstjórnar með Sjálfstæðisflokknum vegna málefnasamnings flokkanna. Ég hafði trú á þeim verkum sem stjórnin ætlaði að hrinda í framkvæmd,“ segir Steinunn. Allt önnur staða sé nú uppi. „Formaður bankastjórnar hefur ítrekað orðið uppvís að því að skaða traust bæði innanlands og utan á Seðlabankanum og þar með stjórn efnahagsmála landsins. Hann hefur blandað sér í stjórnmálin á ný og raunar reynt að marka nýja stjórnarstefnu. Það gengur ekki og það gengur ekki lengur að hann gegni embættinu áfram.“



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Ræðan á fundi Viðskiptaráðs á þriðjudag hafi gert útslagið, í henni hafi hann vísað frá sér allri ábyrgð á hruni fjármálakerfisins en bent á alla aðra. Steinunn telur brotthvarf hans nauðsynlega forsendu þess að traust Íslands á alþjóðavettvangi verði endurheimt og að trúnaður milli ríkisstjórnarinnar og þjóðarinnar verði byggður upp á ný.

„Ef ekki verður breyting á yfirstjórn Seðlabankans þarf að mínu mati að stokka upp á nýtt því ég hef miklar efasemdir um að ríkisstjórnin geti í raun sinnt mikilvægum verkum á næstu mánuðum og misserum með óbreyttum Seðlabanka,“ segir Steinunn en vill ekki útlista að svo stöddu hvað í slíkri uppstokkun gæti falist.

**- bþs**

Frestur til greiðslujöfnunar:

# Sækja um fyrir 25. nóvember

**EFNAHAGSMÁL** Þeir sem vilja fá greiðslujöfnun á fasteignaveðlán á gjalddaga í desember þurfa að sækja um fyrir 25. nóvember. Það á að vera lántakendum að kostnaðarlausu.

Með greiðslujöfnun er greiðslubyrði verðtryggðra lána reiknuð út eftir nýrri vísitölu. Ef afborganir samkvæmt henni eru lægri en samkvæmt vísitölu neysluverðs er hægt að fresta mismuninum. Hann leggst inn á jöfnunarreikning sem bætist við höfuðstól lánsins. Það getur því á endanum leitt til kostnaðarauka fyrir lántakendur.

Sækja þarf um greiðslujöfnun fyrir hver mánaðamót.

**- kóp**

# Græddu milljarða á hruni bankanna

**Fjárfestingarfélög og fjárfestar, innlendir og erlendir, sem tekið höfðu skortstöðu gegn íslensku bönkunum, högnuðust um milljarða á falli þeirra. Einungis þó þeir sem í skjóli stærðar sinnar eða tengsla þurftu ekki að reiða fram tryggingu.**

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingarfélög og fjárfestar, innlendir sem erlendir, græddu verulega á falli bankanna þar sem þeir höfðu tekið skortstöðu í þeim áður en þeir féllu. Engar upplýsingar eru fáanlegar um hverjir eiga í hlut né um umfang gróðans. Heimildir Fréttablaðsins herma þó að um fleiri milljarða geti verið að ræða.

En ekki græddu allir sem tóku skortstöðu í bönkunum á hruni þeirra. Þvert á móti lítur út fyrir að margir þeirra hafi tapað verulega á þeim. Helga Hlín Hákonardóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Saga Capital, segir þá sem fengu bréf að láni hjá bönkunum þremur hafa þurft að leggja fram tryggingar til þeirra fyrir að fá bréfin lánuð til að skortselja þau. Þeir séu líkast til í slæmri stöðu, því tryggingin, sem er hrein eign þeirra, lendi að öllum líkindum meðal annarra krafna í þrotabúi bankans og hafi þar engan forgang.



HELGA HLÍN HÁKONARDÓTTIR

Hinir, sem í skjóli stærðar eða tengsla reiddu ekki fram tryggingu eða gerðu samning við aðra en viðskiptabankana þrjá um skortsölu á bréfum bankanna, græddu verulega.

Að undanförnu hefur heyrst af hluthöfum í Kaupþingi sem fengið hafa tilboð í það sem þeir töldu vera verðlaus hlutabréf sín, í því miði að loka ætti skortstöðu. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, staðfestir að hann hafi heyrt af viðskiptum með bréf bankans. Þau eigi sér stað á bilinu fimm til tuttugu krónur á hlutinn.

Taka má einfalt dæmi um fjárfesti sem fær lánaða milljón hluti og skortselur þá. Hafi hann gert það á síðasta skráða gengi Kaupþings í Kauphöllinni fékk hann fyrir það 654 milljónir króna. Kaupi hann bréf á genginu fimm, til að loka skortsölunni, er gróði hans 649 milljónir króna, að frádregnum vöxtum og þóknun.

Helga Hlín segir ómögulegt að henda reiður á hversu margir skortsölusamningar séu enn útistandandi. Þeir geti hlaupið á mörgum hundruðum. Þá er heldur engin yfirsýn yfir umfang viðskipta með bréf í bönkunum nú. Þau fara ekki í gegnum Kauphöllina, enda voru viðskipti með bréf í fjármálafyrirtækjum stöðvuð þar hinn 8. október, samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Það bann tekur til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði en bannar ekki viðskipti utan hans.

**holmfridur@frettabladid.is**



### HVAÐ ER SKORTSTAÐA?

Það kallast skortstaða þegar fjárfestir fær lánaða eign, svo sem hlutabréf, sem hann selur síðan á markaði. Á móti leggur hann tryggingu sem er jafnan meira virði en bréfin sem hann fær að láni. Á sama tíma hefur hann gert samning um að kaupa eignina aftur á lægra verði og afhenda hana á tilteknum tíma. Eigandi bréfanna fær greidda þóknun og vexti. Sá sem tekur skortstöðuna veðjar á lækkun eignarinnar. Samningnum er ekki fullnægt fyrr en hann er búinn að kaupa eignina aftur og afhenda þeim sem hún fékkst að láni frá. Þá fyrst fær hann tryggingu sína til baka.

Ágreiningur í ríkisstjórn:

# Tveir ráðherrar vilja kosningar

**STJÓRNMÁL** Bæði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra telja rétt að kosið verði til Alþingis í vor. Þetta kom fram í máli þeirra í fréttum Sjónvarps í gær. Þau telja nauðsynlegt að endurnýja umboð ríkisstjórnarinnar.



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagðist í Kastljósi hissa á þessari skoðun Samfylkingarráðherranna og sagðist henni ósammála. „Það verða allir að standa í lappirnar. Annað væri uppgjöf,“ sagði Geir.

Ekki náðist í aðra ráðherra Samfylkingar í gærkvöldi.

**- sh**

Hagfræðingar um Seðlabanka:

# Trúverðugleiki er lykilatriði

**EFNAHAGSMÁL Trúverðugleiki Seðlabankans er lykilatriði í því mikla verkefni sem stendur fyrir dyrum með fleytingu krónunnar. Þann trúverðugleika verður erfitt að byggja upp undir núverandi yfirskrift Seðlabankans. Þetta var samdóma álit hagfræðinganna Jóns Steinssonar frá Columbia-háskólanum, David O. Beim frá Columbia-viðskiptaháskólanum og Gauta Eggertssonar frá Federal Reserve Bank, á umræðufundi sem íslensk-ameríska viðskiptaráðið stóð fyrir í New York í gær.**

**Í máli Jóns og Gauta kom einnig fram að flestar hagfræðikenningar segðu að inngrip í gjaldeyrismarkaði borguðu sig ekki, þó svo að um ýkt dæmi eins og Ísland væri um að ræða.**

**- kg**



BALDURSGATA Allt tiltækt slökkvilið var kallað á vettvang síðasta laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Bruninn á Baldursgötu:

# Fikt drengja olli brunanum

**LÖGREGLUMÁL Drengir á grunnskólaaldri sem voru að fikta með eld urðu valdir að bruna hússins við Baldursgötu síðastliðinn laugardag. Lögregla tilkynnti um þetta í gær og telst rannsókn málsins nú lokið.**

**Húsið sem brann hefur staðið autt síðan um síðustu áramót. Lögregla fékk margsinnis kvartanir frá nágrönnum vegna barna, unglinga og útigangsfólks sem sótti í autt húsið.**

**- kg**

BT-verslanir opnaðar á ný:

# Hagar kaupa verslanir BT

**VIÐSKIPTI** Hagar, sem meðal annars reka Hagkaups-verslanirnar, keyptu í gær allar eignir BT og stendur til að opna einhverjar verslananna aftur. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gærkvöldi.

Verslunum BT var lokað í byrjun nóvember og fyrirtækið tekið til gjaldþrotaskipta. Að sögn Finns Árnasonar, forstjóra Haga, verða einhverjar verslanir BT opnaðar að nýju, en þó ekki allar. BT rak þrjár raftækjaverslanir á höfuðborgarsvæðinu og auk þess verslanir á Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og í Keflavík.

Starfsmenn BT voru um fimmtíu og Hagar taka yfir rúmlega fjörutíu þeirra.

**- sh**






Unglingar kærðir fyrir að misþyrma skólabróður:

# Unglingar mynduðu hrottalega árás

**LÖGREGLUMÁL** Þrír fimmtán ára drengir gengu hrottalega í skrokk á jafnaldra sínum á lóð Njarðvíkurskóla í gær. Sá fjórði stóð hjá og myndaði misþyrmingarnar og setti myndskeiðið síðan á netið.

Lögreglunni barst fjöldi tilkynninga um myndbandið í gær og hóf þá þegar rannsókn. Ekki leið á löngu þar til foreldrar tveggja árásarmannanna höfðu samband við lögreglu og voru slegnir, að sögn varðstjóra. Vitað er hverjir árásarmennirnir eru. Sá sem ráðist var á leitaði á spítala í gær, mjög bólginn í andliti. Foreldrar hans hafa kært árásina. Búið er að ræða við einn drengjanna, sem gaf litlar skýringar á athæfinu.

„Þetta er það allra grófasta sem ég hef svona unga krakka gera,“ segir Jón Þór Karlsson, varðstjóri lögreglu á Suðurnesjum. Hann segir árásina flokkast sem alvarlega samkvæmt lögum, vegna aðferðanna sem voru notaðar. Sá sem myndaði árásina sé líkast til meðsekur. Allir eru drengirnir sakhæfir. Brotið getur varðað við margra ára fangelsi.

**- sh**



ÚR MYNDSKEIÐINU Á myndskeiðinu sjást ofbeldismennirnir sparka af alefli í bak og höfuð piltsins.

Frumvarp kynnt í ríkisstjórn:

# Eftirlaunalögunum breytt

**STJÓRNMÁL Stjórnarflokkarnir hafa náð saman um breytingar á eftirlaunalögunum umdeildu og verður frumvarp þess efnis kynnt í ríkisstjórn í dag. Samstarf við stjórnarandstöðuna um þetta mál fór út um þúfur.**

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður meðal annars tekið fyrir að þeir sem lögin ná til geti samtímis þegið eftirlaun og laun fyrir önnur störf á vegum hins opinbera.**

**Þeir sem þegar hafa áunnið sér réttinn til töku eftirlauna samkvæmt gildandi lögum halda þeim.**

**- sh/bþs**



Jólin verða algjört bíó!
6 X í bíó og 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. með öllum símatilboðum Nova!
Bíókort NOVA
Sony Ericsson G502
útborgun 0 kr.
Afborgun 2.000 kr. á mán. 2.000 kr. notkun fylgir!
Staðgreitt: 24.000 kr.
Nokia 5320 ExpressMusic
0 kr. útborgun
Afborgun 2.000 kr. á mán. 2.000 kr. notkun fylgir!
Staðgreitt: 24.000 kr.
Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti +250 kr./mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort.
Netið í símann frítt til 1. jan!
0 kr. Nova í Nova!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

## GENGIÐ 20.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 140,24 | 140,9 |
| Sterlingspund | 208,17 | 209,19 |
| Evra | 175,51 | 176,49 |
| Dönsk króna | 23,546 | 23,684 |
| Norsk króna | 19,721 | 19,837 |
| Sænsk króna | 17,114 | 17,214 |
| Japanskt jen | 1,4699 | 1,4785 |
| SDR | 175,51 | 176,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
236,5712

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hráolíuverð hefur ekki verið lægra á erlendum mörkuðum í þrjú ár:

# Von er á ódýrari bensínfarmi

**VIÐSKIPTI** „Eldsneytisverð gæti lækkað um fjórar til fimm krónur í desember þegar við fáum nýjan farm,“ segir Hermann Guðmundsson, forstjóri N1. Von er á sendingu um miðjan næsta mánuð.

Verð á hráolíu lækkaði talsvert á bandarískum olíumarkaði í gær og fór undir fimmtíu dali á tunnu. Slík verðlagning hefur ekki sést í rúm þrjú ár, eða í maí árið 2005.

Væntingar um minnkandi eftirspurn eftir olíu og eldsneyti á neytendamarkaði víða um heim skýrir verðlækkunina að mestu, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar.

Olíuverðið fór hæst í 147,27 dali á tunnu á olíumarkaði í Bandaríkjunum um miðjan júlí síðastliðinn og hefur þessu samkvæmt fallið um rúm 66 prósent síðan þá. Eldsneytisverð vestanhafs hefur lækkað um fimmtíu prósent á sama tíma.

Hermann segir verðþróunina hér miðast við óbreytt gengi dals gagnvart krónu fram að afhendingartíma en erlendir birgjar fóru fram á staðgreiðslu eftir bankahrunið í síðasta mánuði. Falli krónan megi reikna með að lækkunin þurrkist út. Neytendur hér muni hins vegar sjá enn ódýrara eldsneytisverð takist að styrkja krónuna, að sögn Hermanns. - jab




**EIN AF STÖÐVUM N1** Landsmenn gætu átt von á fjögurra til fimm króna lækkun á eldsneyti í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL BJARNASON

Evrópusambandið:

## Landbúnaðarstyrkjum breytt

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Landbúnaðarráðherrar Evrópusambandsríkjanna hafa samþykkt að gerðar verði frekari umbætur á styrkjakerfi landbúnaðarins í ESB.

Tilgangurinn er að bæta samkeppnishæfni evrópskra bænda á alþjóðavísu og auka líkurnar á því að samkomulag náist um alþjóðleg viðskipti.

Ekki verður þó dregið úr styrkjum til landbúnaðar, sem nú nema 53 milljónum evra á ári, heldur verður dregið úr beingreiðslum til bænda en féð í staðinn notað til að efla dreifbýlisþróun, matvælagæði og umhverfisvernd. - gb



**AUGLÝSINGIN** Leiðtogi Palestínumanna hefur ekki áður beitt þessari aðferð.

Abbas fer nýjar leiðir:

## Auglýsir friðartilboð í Ísrael

**ÍSRAEL, AP** Heilsíðuauglýsing frá Palestínustjórn birtist í þremur ísraelskum dagblöðum í gær, þar sem Mahmoud Abbas fullvissar ísraelskan almenning um að arabaríki muni taka Ísraelsríki í sátt ef herteknu svæðin verða látin af hendi.

Auglýsingin vísar í friðartillögu Arababandalagsins frá árinu 2002, sem Íraelar hafa hvorki fallist á óbreytta né viljað nota sem grunn að samkomulagi.

Þetta er í fyrsta sinn sem leiðtogi Palestínumanna notar þessa aðferð til að ná eyrum Ísraela. - gb

Jobbia kynnir atvinnutækifæri:

## Mikill áhugi á vinnu erlendis

**VINNUMARKAÐUR** Norska ráðningarfyrirtækið Jobbia kynnti atvinnutækifæri fyrir iðnaðarmenn í Noregi í húsakynnum Samiðnar í gær. Vel á annað hundrað manns mætti til að hlusta á og spjalla við fulltrúa fyrirtækisins um þá atvinnumöguleika sem bjóðast í Noregi.

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir að troðfullt hafi verið á fundinum og greinilegt að margir séu að íhuga alvarlega þann möguleika að athuga með vinnu í Noregi enda sé rík hefð fyrir því að íslenskir iðnaðarmenn fari til vinnu til hinna Norðurlandaþjóðanna. - ghs

# Útilokað að hægt sé að skera niður um tíu prósent

**Forstjórar heilbrigðisstofnana telja útilokað að skera niður kostnað um 10 prósent án þjónustuskerðingar og uppsagna. Launalækkanir og lokanir er talinn eini raunhæfi kosturinn til að ná sparnaðarmarkmiðinu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Niðurskurður í heilbrigðiskerfinu um tíu prósent er útilokaður án verulegrar skerðingar á þjónustu og fjöldauppsögnum, segja forstjórar heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Færar leiðir koma allar beint niður á starfsfólki í launalækkunum eða auknu álagi.

Fjármálaráðuneytið hefur látið þau boð út ganga að öll ráðuneyti reyni að skera niður kostnað um tíu prósent af ársveltu. Í tilfelli heilbrigðisráðuneytisins þarf að skera niður um tólf milljarða króna. Landspítalinn einn þarf að skera niður um fjóra milljarða.

Einar Rafn Haraldsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA), segir að umbeðnum niðurskurði ráðuneytisins verði aldrei náð án verulega skertrar þjónustu og fjöldauppsagna. „Hvernig á það að vera hægt þegar laun eru sjötíu til áttatíu prósent af kostnaði við heilbrigðiskerfið?“ Einar segir sparnaðarhugmyndir hjá HSA felast í lækkuðu starfshlutfalli og að fólki séu ætluð fleiri verk. „Þetta þýðir einfaldlega meira álag á starfsfólkið, eins og það hafi ekki verið nægt fyrir.“ Einar segir að sparnaður HSA verði um 100 milljónir króna. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2009 eru stofnuninni ætlaðir um tveir milljarðar króna í starfsfé. Þegar allt er talið er því mögulegur niðurskurður HSA innan við fimm prósent. Stjórnendur heilbrigðisstofnana hafa skilað hugmyndum um niðurskurð frá fjórum til sjö prósenta. Engin þeirra nær tíu prósentum án niðurskurðar á starfsemi eða fjöldauppsagna.

Halldór Jónsson, forstjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, tekur undir með Einari um hvað tíu prósenta niðurskurður þýði fyrir heilbrigðiskerfið. Hann segir þó lengi mögulegt að hagræða. „Sumt snýst um líf og dauða en annað ekki. Það er eðlilega í forgangi og verður aldrei skorið niður. Annað þarf hins vegar að víkja eða vinna síðar.“

Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, segir að niðurskurðurinn þýði verulegar breytingar á starfsemi. „Við höfðum að leiðarljósi hvert væri frumhlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum. Við reyndum að forðast uppsagnir og skerðingu þjónustu eins og kostur er. Við segjum upp öllu sem er umfram kjarasamninga og endurskoðum vaktir. Þetta dugar þó ekki til og ef við eigum að skera niður um tíu prósent er óhjákvæmilegt að skera niður starfsemi. Við gerðum ráðherra grein fyrir því í okkar tillögum.“

svavar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HREIÐRIÐ Á LANDSPÍTALANUM** Lokun deilda er talin óumflýjanleg við niðurskurð. Fæðingardeildir heilbrigðisstofnana á Selfossi og á Suðurnesjum eru títtnefndar í því sambandi. Nálægð við LHS er ástæðan.

## Sparar með bættu skipulagi

Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítalans, segir að laun starfsfólks verði ekki lækkuð en hægt sé að draga úr launakostnaði. Mögulegt sé að spara með fækkun legudaga á sjúkrahúsinu og hún viðrar hugmyndir um sjúklingahótel í því samhengi.

„Okkar tillaga nær ekki tíu prósenta niðurskurði í þeim drögum sem við höfum skilað ráðuneytinu. Við höfum lagt fram tillögur um hvað við getum gert til þess að nálgast það markmið,“ segir Hulda. „Við lækkum launakostnað með því að leggja niður yfir- og aukavinnu. Við munum einnig breyta legudeildum í dag- og göngudeildir sem útheimtir færra starfsfólk.



**HULDA GUNNLAUGSDÓTTIR**

Hulda segir mörg dæmi þess að hámarkshagkvæmni hafi ekki verið höfð að leiðarljósi í íslensku heilbrigðiskerfi. „Við skipuleggjum ekki fleiri sjúklingsins í gegnum sjúkrahúsið nægilega vel og erum aðeins á byrjunarreit samanborið við það sem gerist erlendis hvað þetta varðar.“ Hulda segir mögulegt að fækka legudögum gífurlega með skipulagsaðgerðum og það sé forsenda í lækkun kostnaðar. „Ef við hefðum til dæmis sjúklingahótel, ekki sjúkrahótel, væri hægt að halda uppi þjónustunni en hvert legupláss er mun ódýrara. Þar dvelur fólk sem er að koma í aðgerð eða er að ljúka meðferð á Landspítalanum.“






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HLÝNAR Í NÓTT OG Á MORGUN**
Síðdegis í dag tekur að þykkna upp á landinu vestanverðu er lægð nálgast. Seint í kvöld eða nótt má búast við snjómuggu eða slyddu vestan til og í fyrramálið verður komin sunnan og síðar suðvestan strekkingur eða allhvasst með rigningu á vesturhluta landsins. Síðdegis á morgun fer að slydda eða rigna austan til á landinu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 9° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 2° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 11° |
| New York | 2° |
| Orlando | 19° |
| Osló | -1° |
| París | 11° |
| Róm | 17° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Frábær helgartilboð!

netto



GOÐI
FROSIÐ LAMBALÆRI
**1.049** kr/kg



40% afsláttur

ÍSFUGL
TEX MEX KJÚKLINGAVÆNGIR
**269** kr/kg
~~449~~ kr/kg



30% afsláttur

GOÐI
GRÍSAHRYGGUR 1/2
**979** kr/kg
~~1.398~~ kr/kg

COOP HOLLENSK GRÆNMETISBLANDA 750g
**239** kr/pk.
~~299~~ kr/pk.







31% afsláttur

COOP HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 í pk.
**199** kr/pk.
~~289~~ kr/pk.

BERTOLLI GARLIC EÐA SPICY PASTASÓSUR 450g
**279** kr/pk.
~~399~~ kr/pk.




30% afsláttur

PEPSI MAX 2l
**98** kr/stk.




www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 20. - 23. NÓVEMBER

## Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**KJÖRKASSINN**



*Komast stelpurnar okkar upp úr dauðariðlinum á EM í knattspyrnu í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 67,1% |
| Nei | 32,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að boða til kosninga á næstunni?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is vísir

Verðkönnun ASÍ sýnir gríðarlega verðhækkun á einstökum matvörum:

# Verð tvöfaldast á hálfu ári

**NEYTENDUR** Dæmi eru um að verð á einstökum matvörum hafi hækkað um yfir 100 prósent frá mars og til október. Algengt er að matvaran hækki um 30 til 50 prósent. Hækkunin er mest í lágverðsverslunum og hefur dregið saman með þeim og öðrum verslunum í verði.

Verð á brauði, pasta og hrísgrjónum hækkaði í flestum tilvikum yfir 50 prósent í lágverðsverslunum, en minna í hinum. Mjólk hefur hækkað um 25 til 30 prósent í verði síðan í vor.

Grænmeti og ávextir hafa hækkað mikið í verði frá því í mars. Kílóverðið á banönum hefur hækkað um 83 prósent í Bónus, svo dæmi sé tekið. Sú vara sem hækkaði mest frá í vor er púðursykur frá Dansukker, en hann hefur hækkað um 106 prósent í Krónunni.



**MATUR HÆKKAR Í VERÐI** Dæmi eru um yfir 100 prósent verðhækkun á einstakri matvöru frá því í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Henný Hinz, verkefnastjóri hjá ASÍ, segir könnunina sýna sláandi hækkanir síðan í vor. „Mest hækkar verðið í lágverðsverslunum og það er verulega að draga saman með þeim og öðrum í verði. Þetta hefur náttúrlega mikil áhrif á heimilin. Matvara er einn af stóru útgjaldaliðunum og þegar þrengir að hjá fólki vegur hún kannski meira í útgjöldum heimilanna."

Kannanirnar voru gerðar 27. mars og 18. nóvember 2008. Mælt er það verð sem er í gildi á hverjum tíma í versluninni og getur tilboðsverð haft áhrif á verðbreytingar einstakra vara. **- kóp**

Ráðhús Reykjavíkur:

# Kynning á vinnu erlendis

**VINNUMARKAÐUR Kynning verður á störfum í ýmsum Evrópulöndum í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag frá fimm til níu í kvöld og á morgun frá klukkan tólf til sex.**

**EURES-ráðgjafar frá Danmörku, Noregi, Hollandi, Belgíu, Austurríki, Þýskalandi, Litháen og Póllandi verða á staðnum til að kynna atvinnutækifæri og veita ráðgjöf varðandi atvinnuleit í sínum löndum.**

**Þá munu fulltrúar nokkurra störfyrirtækja í byggingariðnaði í Evrópu verða á staðnum og kynna laus störf innan sinna fyrirtækja og taka á móti umsóknum. - ghs**


TILBOÐ VIKUNNAR




Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum
Tilboðið gildir til 25. nóvember
HAGKAUP Ein ferð betra verð


# Segir logið upp á sig í bók um forsetann

**Júlíus Hafstein, fyrrverandi starfsmaður forsætisráðuneytisins, segir Önnu Kristinsdóttur, fyrrverandi borgarfulltrúa, ljúga upp á sig í bók um forseta Íslands. Anna stendur við orð sín. Orð gegn orði, segir höfundur bókarinnar.**

**STJÓRNMÁL** Júlíus Hafstein segir það ósatt að hann hafi lagt til að forseta Íslands yrði vikið til hliðar í hátíðarhöldum 17. júní, eins og fram kemur í bók Guðjóns Friðrikssonar, *Saga af forseta*, sem fjallar um forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar.

Við undirbúning hátíðarhaldanna fyrir 17. júní 2003 óskaði Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur (ÍTR), sem annast skipulagningu hátíðarhaldanna, eftir að forsætisráðuneytið tæki aukinn þátt í framkvæmdinni. Ráðuneytið brást við með því að boða til viðræðufundar. Fyrir hönd borgarinnar mættu Anna Kristinsdóttir, þáverandi borgarfulltrúi og formaður ÍTR, og Gísli Eggertsson, embættismaður hjá Reykjavíkurborg, en Júlíus Hafstein mætti fyrir hönd forsætisráðuneytisins.

Í bókinni er haft eftir Önnu að Júlíus hafi lýst því yfir að forsætisráðuneytið gæti vel hugsað sér að breyta hátíðarhöldunum, til dæmis teldi það ekki endilega rétt að forseti Íslands legði blómsveig að styttu Jóns Sigurðssonar. Anna kveðst í bókinni hafa verið furðu lostin en sagt við Júlíus að sér þætti þetta áhugavert tillaga og bað hann að senda sér hana skriflega. Það hafi hann ekki gert og málið fallið niður. „Enginn velktist í vafa um hvaðan Júlíusi kom sú hugmynd að víkja forsetanum til hliðar með þessum hætti," skrifar Guðjón Friðriksson í bókinni, og á við að hugmyndin hafi verið að undirlagi Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra.



**SÁTTAHÖND** Í bók Guðjóns Friðrikssonar er því haldið fram að Davíð Oddsson hafi staðið á bak við hugmyndir um að víkja forsetanum til hliðar á hátíðinni 17. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**JÚLÍUS HAFSTEIN**



**ANNA KRISTINSDÓTTIR**

Júlíus Hafstein segir frásögnina ósanna. „Þetta er haugalygi. Það var ekkert í þessa veru rætt á fundinum. Og mér finnst það ekki góð sagnfræði hjá Guðjóni að hafa ekki leitast eftir að heyra mína hlið á málinu." Gísli Eggertsson, embættismaður hjá Reykjavíkurborg, segist ekki reka minni til þess að Júlíus hafi borið upp neina tillögu í þessa átt. „Ég man ekki eftir neinu slíku," segir Gísli. Spurður hvort hann hafi verið viðstaddur allan fundinn, segist hann ekki muna það með vissu.

Ekki náðist í Önnu Kristinsdóttur símleiðis en hún svaraði fyrirspurn í tölvupósti og hafði þetta eitt að segja: „Þessi ummæli mín eru rétt eftir mér höfð. Að öðru leyti mun ég ekki tjá mig um málið." Guðjón Friðriksson segir að Anna sé hans eina heimild um hvað fór fram á fundinum. „Hér standa orð gegn orði."

bergsteinn@frettabladid.is


Gefðu ostakörfu frá Ostabúðinni á Skólavörðustíg í jólagjöf

Erum byrjuð að taka á móti pöntunum í síma 562 2772

www.ostabudin.is

Delicatessen OSTABÚÐIN SKÓLAVÖRÐUSTÍG


Vísar áviröingum um embættisafglöp á bug:

# Sýslumaður segir vígsluna hafa verið löglega

„Ég hefði aldrei framkvæmt slíka hjónavígslu nema ég teldi að hún hefði verið fullkomlega lögleg og ég tel að hún hafi verið það," segir Guðmundur Sophusson, sýslumaður í Hafnarfirði, um hjónavígslu forsetahjónanna Ólafs Ragnars Grímssonar og Dorritar Moussaieff.

Guðmundur gaf hjónin saman í maí 2003. Í bók Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings um forsetatíð Ólafs Ragnars segir, að þrátt fyrir að sýslumaðurinn hafi fullvissað forsetann um að hann hefði öll nauðsynleg gögn undir höndum hafi hann haft samband við lögfræðing Ólafs Ragnars nokkrum vikum síðar og óskað eftir pappírum sem sýndu fram á að fyrra hjónabandi hennar væri í raun lokið. Tíu vikum eftir athöfnina skrifaði Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, Ólafi Ragnari bréf, þar sem hann átaldi hjónavígsluna fyrir alvarlega ágalla og sagði sýslumanninn hafa gert mistök að gefa hjónin saman án þess að formsatriðum hefði verið fullnægt.

Guðmundur sýslumaður var staddur erlendis þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann sagðist ekki hafa getað kynnt sér fréttir af málinu og vildi því ekki tjá sig um það að öðru leyti en að hann teldi að hjónavígslan hafi verið fullkomlega lögleg.

Davíð Oddsson, seðlabankastjóri og fyrrverandi forsætisráðherra, svaraði ekki fyrirspurn blaðsins um málið. **- bs**

## ÓHEFÐBUNDIÐ EN LÍKLEGA EKKI ÓLÖGLEGT

„Af því að lesa þetta bréf getur maður ekki fullyrt að þáverandi forsætisráðherra hafi með því beinlínis farið út fyrir verksvið sitt eða brotið með skýrum hætti gegn reglum um verkaskiptingu innan stjórnsýslunnar," segir Trausti Fannar Valsson, lektor í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands.

Trausti bendir á að Hagstofa Íslands hafi farið með málefni sem vörðuðu þjóðskrána og almenna skráningu og Davíð hafi verið ráðherra hennar. „Það hefur þó væntanlega ekki verið hefðbundið að ráðherra hlutaðist til með þessum hætti um meðferð einstakra mála, án þess að ég þekki það."

Ekki sé heldur nauðsynlegt að skilja bréfið þannig að Davíð sé með því að skikka forsetann til að fylgja tilmælum sýslumanns, að öðru leyti en því sem tengist hlutverki Hagstofunnar, þótt sýslumenn heyri almennt undir dómsmálaráðherra. **- sh**


NICOTINELL
Fæst nú hjá okkur!



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins
N1
Ártúnshöfða - Lækjargötu – Hringbraut – Háholti

512 50 50 Auglýsingasími
Mest lesið




# EXECUTIVE MBA KYNNINGARFUNDUR

Hilton Reykjavík Nordica Hótel, 24. nóvember kl. 17.

inform.is 2008

## EXECUTIVE MBA IN SHIPPING, OFFSHORE AND FINANCE

Nemendur sem ljúka Executive MBA-námi fyrir skipa-, olíu- og fjármálageira útskrifast með tvær meistaragráður og er námið unnið í samvinnu við Nanyang Business School í Singapore.
Námið er sniðið að einstaklingum með mikla starfs- og stjórnunarreynslu. Aðal áherslur námsins eru á hinar margþættu áskoranir innan skipa-, olíu- og fjármálageira.
Námið hefst í janúar 2009
**www.bi.no/emba/shipping**

## EXECUTIVE MBA

Nemendur sem ljúka Executive MBA-námi frá BI útskrifast með tvær meistaragráður og er námið unnið í samvinnu við evrópska viðskiptaskólann ESCP-EAP.
Námið býður stjórnendum upp á tækifæri til að þróa leiðtoga- og stjórnendahæfni undir handleiðslu mjög hæfra kennara og í tengslum við alþjóðleg námskeið. Námið býður einnig upp á á alþjóðlegt umhverfi og samskipti við námsfélaga frá ólíkum menningarheimum.
Námið hefst í janúar 2009
**www.bi.no/emba**

**Til að fá frekari upplýsingar hafið samband:**

Rektor: Kristin Omholt-Jensen
BI Norwegian School of Management
Sími: +47 46 41 08 54
Tölvupóstur: kristin.omholt-jensen@bi.no

Íslenskur samstarfsaðili BI
Indriði Þ. Gunnlaugsson
Sími: +354 894 3888
Tölvupóstur: ithg@online.no

Handelshøyskolen BI í Noregi er í hópi 35 bestu viðskiptaháskóla í Evrópu og hefur gæðavottun frá NOKUT (Nasjonalt organ for kvalitet utdanningen) og EQUIS (European Quality Improvement System).

BI NORWEGIAN SCHOOL OF MANAGEMENT

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir sýslumaðurinn sem gaf Ólaf Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff saman?*

2 *Hvert er viðurnefni kraftlyftingakappans Páls Logasonar?*

3 *Hver er landsliðsþjálfari Argentínu í knattspyrnu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Siv Friðleifsdóttir furðaði sig á framgöngu Helga Hjörvar gagnvart Geir H. Haarde:

# Óstarfhæf stjórn vegna deilna

**ALÞINGI** Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, sagði ríkisstjórnina óstarfhæfa eftir að Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, kallaði eftir breytingum á yfirstjórn Seðlabankans í þingumræðum í gær.

Eftir að Geir H. Haarde forsætisráðherra hafði flutt ræðu sína í umræðum um samkomulag stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tók Helgi til máls og sagði yfirstjórn Seðlabankans rúna trausti. Þingmenn úr öllum flokkum kölluðu eftir breytingum og meirihlutavilji væri fyrir að aðeins fagmenn kæmu að



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

stjórn bankans. Geir sagði yfirstjórn Seðlabankans hafa átt aðild að samkomulaginu, formaður bankastjórnar hefði skrifað undir það og gerði sér þar af leiðandi grein fyrir hvað í því felst. Sagði hann málflutning Helga ekki eiga rétt á sér.

Tók þá Siv til máls og sagði stjórnina óstarfhæfa. Samverkamenn í stjórnarliðinu kæmu í pontu þingsins og berðu hvor á öðrum með Seðlabankanum. Fulltrúi Samfylkingarinnar segði allt í steik en forsætisráðherra segði allt í himnalagi. „Það er ekki hægt að bjóða neinum upp á þetta. Ríkisstjórnarflokkarnir geta ekki hagað sér svona,“ sagði Siv og hélt áfram: „Ég verð að viðurkenna að ég er farin að vorkenna hæstvirtum forsætisráðherra að þurfa að sitja undir þessu. Ég vorkenni forsætisráðherra sem er að reyna að standa vaktina og fyrsta innlagið er frá samstarfsflokknum sem ræðst að forsætisráðherranum.“ - bþs

Seljahverfi í Breiðholti:

# Tveir teknir eftir innrás í íbúð

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru handteknir vegna eignaspjalla í gærdag eftir að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði verið kölluð að húsi í Breiðholti.**

**Lögregla telur víst að óboðnu gestirnir hafi alls verið þrír talsins.**

**Innrásarmennirnir töldu sig eiga eitthvað sökótt við tiltekinn húsráðanda í Breiðholti. Þeir spörkuðu upp útidyrahurðinni. Húsráðandi náði hins vegar að hringja í lögreglu sem gómaði tvo mannanna. Þeir voru færðir á lögreglustöð, þar sem þeir voru yfirheyrðir síðdegis í gær.** - jss

Bresk stjórnvöld:

# Vændiskaup verði bönnuð

**BRETLAND, AP** Breska stjórnin er með áform um að gera vændiskaup ólögleg, líkt og tíðkast hefur í Svíþjóð undanfarin ár. Einnig er meiningin að birta opinberlega nöfn þeirra sem verða uppvísir að vændiskaupum.



GORDON BROWN

Auk þess er ætlunin að enn harðari refsing verði við því að borga fyrir kynlíf með konum sem neyddar hafa verið út í vændi.

Reglur um vændi eru mjög strangar í Bretlandi, strangari en víðast hvar í Evrópu. Búist er við að breska þingið taki afstöðu til þessa máls í næsta mánuði. - gb

Frestur til að sækja um greiðslujöfnun rennur út á þriðjudaginn:

# Léttir greiðslubyrðina tímabundið

**VELFERÐARMÁL** Frestur til að sækja um greiðslujöfnun verðtryggðra lána rennur út 25. nóvember. Umsókn um greiðslujöfnun skal koma á framfæri við viðkomandi lánastofnun umsækjanda að kostnaðarlausu. Hægt verður að segja sig frá greiðslujöfnun síðar á lánstímanum ef aðstæður lánþega breytast til betri vegar.

Greiðslujöfnunin mun leiða til aukins kostnaðar fyrir lántaka þegar upp er staðið í formi vaxta og verðbóta og því er ekki sjálfgefið að þeir hafi hag af greiðslujöfnuninni þótt hún létti greiðslubyrði lána tímabundið í niðursveiflunni og geti þannig létt á efnahag heimilanna í landinu.

Greiðslujöfnunin felst í því að reiknuð verður ný vísitala, greiðslujöfnunarvísitala, mánaðarlega. Í henni verður vegin saman launaþróun og þróun atvinnustigs. Ef afborganir reynast lægri samkvæmt nýju vísitölunni en samkvæmt vísitölu neysluverðs er hluta af afborgunum fasteignalánsins frestað þar til greiðslujöfnunarvísitalan hækkar umfram neysluvísitöluna. Frestaðar afborganir fara á sérstakan jöfnunarreikning sem bætist við höfuðstól lánsins. Verði skuld á jöfnunarreikningi við lok upphaflegs lánstíma verður lánstíminn lengdur. - ghs

**VERÐTRYGGING - Tvö dæmi**

| Dagsetning | Greiðsla á mánuði óbreytt | Greiðsla á mánuði jöfnuð |
|---|---|---|
| **Lánsupphæð 30 milljónir, vextir 5,0 prósent til 40 ára:** | | |
| 1.1. 2009 | 171.275 | 152.355 |
| 1.12.2009 | 177.293 | 144.626 |
| **Lánsupphæð 30 milljónir, vextir 5,0 prósent til 20 ára** | | |
| 1.1.2009 | 234.414 | 208.519 |
| 1.12.2009 | 242.651 | 197.941 |

365 verður Íslensk afþreying:

# Ari skiptir um forstjórastól

**VIÐSKIPTI** „Það þótti eðlilegt að ég hætti,“ segir Ari Edwald, fráfarandi forstjóri 365 hf.

Samþykkt var á hluthafafundi fyrirtækisins í gær, í kjölfar kaupa Nýrrar sýnar um mánaðamótin á 365 miðlum, að breyta nafni þess sem eftir standi í Íslenska afþreyingu. Þar undir eru Sena og ráðandi hlutur í EGF. Ari sest í forstjórastól fjölmiðlahlutans en verður stjórnarformaður Íslenskrar afþreyingar. Björn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Senu, sest í forstjórastólinn þar. Breytingin tók gildi í gær.

Nýja stjórn Íslenskrar afþreyingar skipa, auk Ara, Einar Þór Sverrisson, Lára N. Eggertsdóttir en varamaður er Hildur Sverrisdóttir. - jab



**KARLAR SEM HATA KONUR** EFTIR **STIEG LARSSON**

# TOPPAR METSÖLULISTA UM ALLAN HEIM

**YFIR 8 MILLJÓN EINTÖK!**

Stieg Larsson skrifaði þrjár glæpasögur sem selst hafa í milljónum eintaka um allan heim, en hann lést áður en nokkur bóka hans kom út. „Stöff sem enginn áhugamaður um sakamála- og spennusögur ætti að láta fram hjá sér fara,“ skrifaði Páll Baldvin í Fréttablaðið.

**ÞÝÐANDI:** HALLA KJARTANSDÓTTIR

BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK

**LOKSINS Á ÍSLENSKU!**




**„ÓGJÖRNINGUR AÐ LEGGJA BÓKINA FRÁ SÉR“ – TIME OUT**

LAUGARDAGUR 22. NÓVEMBER 2008
LESBÓK
Þjóðlegur laugardagur



Íslenski fáninn
Hvað merkir íslenski fáninn, hvað má gera við hann og hvað ekki?

Fjársjóður í íslenskri hönnun
Sigurður Þorsteinsson ræðir möguleika og framtíðarhorfur íslenskrar hönnunar

Lárus Pálsson leikari
Röddin og Útvarpsleikhúsið






Njóttu laugardagsins til fulls.
Tryggðu þér áskrift á **mbl.is/askrift** eða í síma **569 1122**

Morgunblaðið

**NEISTAR AF NEISTA:** Orka á Íslandi — Grein 8 af 8

# Orkubúskapur til framtíðar

### Breytum orkunni í verðmæt tækifæri

Núverandi orkusala getur skilað meiri arði inn í íslenskt hagkerfi og mikilvægt er að auka áhættudreifingu tekna af raforkusölu ef til byggingar nýrra virkjana kemur. Styrkir til lítilla og meðalstórra fyrirtækja er leið sem þarf að skoða til að auka fjölbreytni og gefa frumkvöðlum tækifæri á að koma hugmyndum um orkufreka starfsemi í framkvæmd. Mikilvægt er að skoða markvisst fjölbreyttari nýtingarmöguleika raforku og heits vatns. Sem dæmi um nýtingarmöguleika sem ræddir voru má nefna:

Rafvæðing samgangna: Það þarf að setja saman hóp til að skoða hvort og hvernig á að rafmagnsvæða samgöngur á Íslandi og gera tímasetta aðgerðaáætlun ef verkefnið reynist fýsilegt.

Ylræktun: Skoða þarf möguleika á hverskyns ræktun á Íslandi, í það minnsta til að anna eftirspurn Íslendinga en einnig með hugsanlegan útflutning í huga.

Nýting úrgangs og ónýttrar orku frá jarðvarmavirkjunum (sbr. GeoChem o.fl.): Mikilvægt er að skoða leiðir til að bæta nýtni við vinnslu jarðvarmaorku þar sem einungis lágt hlutfall orkunnar sem hleypt er af jarðvarmakerfum við vinnslu nýtist í dag (<20%).

Mikilvægt er að styðja við útrás íslenskrar þekkingar og efla menntun og rannsóknir á sjálfbærri nýtingu orkuauðlinda.

### Markviss öflun og miðlun upplýsinga

Mikilvægt er að traustar forsendur séu til staðar til grundvöllunar ákvarðana og að almenningur hafi aðgang að öllum upplýsingum. Þessu er mikilvægt að breyta strax. Upplýsingar sem þurfa að vera til staðar varða meðal annars:

- Efnahagslegan ávinning þjóðarinnar af virkjunum og stóriðju.
- Áhrif og áhættu vegna opinberrar ábyrgðar á virkjunarframkvæmdum.
- Núverandi nýtingu og endingartíma jarðhitasvæða.
- Orkuverð og samninga um orkusölu. Hérna mætti hugsanlega birta lykiltölur sem duga til að meta arðsemi virkjana, í stað þess að birta samninga í heild sinni sem skaðað getur samkeppnisaðstöðu.
- Áhrif orkuvinnslu á hagsmuni ferðaþjónustunnar.
- Stærð orkuforðans og fjölda mögulegra vinnslusvæða.
- Áhrif virkjana á óbyggð víðerni og landslag og alþjóðlegt gildi íslensks landslags og gildi þess fyrir Íslendinga.
- Endingartíma uppistöðulóna í jökulám.
- Áhrif uppistöðulóna og setsöfnunar á grunnsævi og á lífríki á grunnslóð, þ.m.t. á uppvöxt og umhverfi nytjastofna í hafi.
- Samninga um opinber gjöld og skatta á stóriðju.
- Fagaðilar, stjórnvöld og orkufyrirtæki, jafnt sem almenningur þurfa á áreiðanlegum upplýsingum að halda.
- Hagsmunaaðilar leggja fram mjög ólíkar forsendur og halda þeim að almenningi og stjórnvöldum, oft án nauðsynlegs rökstuðnings. Slík vinnubrögð eru upplýstri umræðu til tjóns.

### Skýr stefnumörkun um sjálfbæra þróun

Við þurfum að styrkja heildarstefnumótun í orkumálum fyrir landið þar sem tekið er tillit til allra þátta sem snerta orkuvinnslu. Mikilvægt er að upplýst og ábyrg umræða eigi sér farveg í okkar þjóðfélagi til þess að skýra kosti og hagsmuni þjóðarinnar. Mörgum spurningum er ósvarað varðandi nýtingu og eignarhald orkuauðlinda sem og verndun náttúru og gildi hennar sem óspilltrar auðlindar. Einnig er spurningum ósvarað varðandi opinberar ábyrgðir af virkjunarframkvæmdum og áhættu sem þeim fylgir. Það er nauðsynlegt að leita sátta í þjóðfélaginu og setja reglur sem miða að því að möguleikar komandi kynslóða á að nýta auðlindir verði ekki skertir, hvort sem er í formi orku eða einstæðrar náttúru Íslands sem er ekki síður verðmæt auðlind.

### Í HNOTSKURN

Móta þarf heildarstefnu í orkumálum fyrir landið þar sem tekið er tillit til allra þátta sem snerta orkuvinnslu. Skoða þarf markvisst fjölbreyttari nýtingarmöguleika orku. Mikilvægt er að upplýst og ábyrg umræða eigi sér farveg í okkar þjóðfélagi til þess að skýra kosti og hagsmuni þjóðarinnar. Til þess þarf að aflétta upplýsingaduld um forsendur ákvarðanatöku í orkumálum.

Hlynur Stefánsson, lektor og sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs í tækni- og verkfræðideild HR, hafði umsjón með samræðu og vinnslu útgangspunkta um orkumál.

Björk Guðmundsdóttir boðaði til vinnufunda 12. og 19. október síðastliðinn í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, og vefinn nattura.info. Um hundrað sérfræðingar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar réðu ráðum sínum og gerðu drög að átta tillögum um úrbætur í jafnmörgum málaflokkum. Fréttablaðið hefur birt tillögurnar undanfarna daga. Nánari upplýsingar má finna á nattura.info.

„HÖNNUN OG AÐGENGI“
MÁLÞING UM AÐGENGISMÁL

Ásvallalaug í Hafnarfirði, Ásvöllum 2, 2. hæð
27. nóvember kl. 14 – 17

Þátttaka tilkynnist í síma 5454700 í síðasta lagi þriðjudaginn 25. nóv.

Dagskrá:

**Kl. 14.00 – 14.10 :** Sigurður Einarsson arkitekt Batteríinu: Opnun

**Kl. 14.10 – 14.30 :**
Helgi Hjörvar alþingismaður: „Nýr sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um aðgengismál – hvernig kemur hann okkur við ?“.

**Kl. 14.30 – 14.50 :**
Harpa Ingólfdóttir Aðgengi ehf.: „Handbókin „Aðgengi fyrir alla“ – reynslan, er þörf fyrir uppfærslu ?“.

**Kl. 14.50 – 15.10 :** Kaffihlé

**Kl. 15.10 – 15.30 :**
Magnús Skúlason arkitekt: „Gömul hús – hvernig á að gera þau aðgengileg ?“.

**Kl. 15.30 – 15.50 :**
Sigurður Harðarson arkitekt Batteríinu: „Aðgengisáætlun – vinnuaðferð og lausnir við hönnun Ásvallalaugar “.

**Kl. 15.50 – 16.20 :** Umræður

**Kl. 16.20 – 17.00 :**
Skoðun á Ásvallalaug undir leiðsögn Þórarins Malmquist, arkitekts á Batteríinu.

Fundarstjóri: Sigurður Einarsson, arkitekt hjá Batteríinu.

BATTERÍIÐ | ARKITEKTAR 20 ára

# Nú á tímum er nauðsynlegt að sofa vel

## fjárfestu í heilsunni

**6 mánaða** vaxtalausar greiðslur

**JÓLATILBOÐ**



**Stór pakki**
**fylgir heilsurúmum**
**frá Svefn og heilsu**
Lök, silkidamask sængurverasett
og hlífðardýnur
Verðmæti allt að kr. **55.200**

# PROFLEX



### Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stífara mjóbakssvæði.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 384.900.
Nú á jólatilboði kr. **327.165** stgr.

# S-CAPE
WALLHUGGER



### Sá nýjasti og besti frá Leggett

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 624.900.
Nú á jólatilboði kr. **499.920** stgr.



### Ein besta heilsudýna heimi

# IQ-CARE



**Queen rúm kr. 189.900,-**
**King rúm kr. 269.900,-**

### Amerísku heilsudýnurnar frá

# Chiropractic®

**Queen rúm kr. 209.000,-**
**King rúm kr. 269.000,-**




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is



**HAUSKÚPA Í VÍNARBORG** Vegfarendur á Karlstorginu í Vínarborg reka þessa dagana upp stór augu þegar þeir sjá þessa hauskúpu, sem þar hefur verið stillt upp. Hollenski listamaðurinn Joep van Lieshout ber ábyrgð á öllu saman, en í kúpunni er hægt að bregða sér í gufubað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Val á fólki í lykilstöður stangast á við loforð um breytingar:

# Obama velur innanbúðarfólk

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama, nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, lofaði í kosningabaráttunni að gera víðtækar breytingar á stjórnarháttum í Washington. Hins vegar hafa fyrstu nöfnin, sem nefnd hafa verið í tengslum við lykilstöður í stjórn hans, verið nöfn sem eiga sér langa sögu í valdakerfinu í Washington.

Til dæmis er Tom Daschle, sem þykir koma til greina sem heilbrigðisráðherra, fyrrverandi leiðtogi meirihluta demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings, og Hillary Clinton, öldungadeildarþingmaður og fyrrverandi forsetafrú, þykir líkleg í utanríkisráðuneytið.



**BARACK OBAMA** Hillary Clinton, Robert Gates, Tom Daschle og Eric Holder eru ekki beinlínis nýjasta fólkið í Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þá hefur Eric Holder þótt líklegur til að verða dómsmálaráðherra, en hann var næstráðandi í því sama ráðuneyti meðan Bill Clinton var forseti. Rahm Emanuel, sem verður skrifstofustjóri Hvíta hússins, var einnig í hópi nánasta starfsliðs Clinton forseta.

Að öllum líkindum verður einnig repúblikaninn Robert Gates, varnarmálaráðherra í stjórn George W. Bush, áfram í því embætti eftir að Obama tekur við.

Repúblikanar hafa ekki getað stillt sig um að skjóta á Obama vegna þessa: „Barack Obama er að skipa í stjórn sína gamalreynda innanbúðarmenn í Washington," segir Alex Conant, talsmaður landsnefndar Repúblikanaflokksins. - gb

Björgun Íslands:

# Finnar lána minna en hinir

**NORÐURLÖND Norrænu ríkin Noregur, Svíþjóð, Danmörk og Finnland hafa ákveðið að lána Íslendingum 2,5 milljarða dollara. Upphæðin skiptist nokkuð jafnt milli landanna en þó segir Jyrki Katainen, fjármálaráðherra Finnlands, að Finnar muni trúlega lána Íslendingum eitthvað minni upphæð en hin ríkin.**

**Martti Hetemäki, embættismaður í finnska fjármálaráðuneytinu, segir í viðtali við finnska ríkisútvarpið YLE að Finnar verði að taka lán til að geta stutt Ísland en það sé þó mikilvægt fyrir þjóðina að taka þátt í norrænu björgunaraðgerðunum. - ghs**



**BLÁTT ÁFRAM VEITT VIÐURKENNING** Árni Geir Pálsson, Ívar Eiðsson, Hulda Margrét Erlingsdóttir, Sigríður Björnsdóttir og Petrína Ásgeirsdóttir við afhendingu viðurkenningar Barnaheilla. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Viðurkenning Barnaheilla:

# Blátt áfram fær viðurkenningu

**SAMFÉLAGSMÁL Samtökin Blátt áfram hlutu í gær viðurkenningu Barnaheilla fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra. Þykja samtökin hafa verið fremst í flokki þeirra sem varpað hafa hulunni af þeirri leynd sem hvílt hefur á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.**

**Það voru Hulda Margrét Erlingsdóttir og Ívar Eiðsson, fulltrúar í ungmennaráði Barnaheilla, sem afhentu Sigríði Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Blátt áfram, viðurkenninguna við hátíðlega athöfn í gær, á nítján ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. - hhs**

# Lán í höfn en ósamið um vexti

**Ósamið er um kjör á þeim lánum sem ríkissjóður tekur í útlöndum. Fjármálaráðherra segir lánin og aðrar aðgerðir fyrsta skrefið út úr kreppunni. Formaður VG óttast milljarðatap á tilraun til gengisstýringar.**

**ALÞINGI** Samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eykur traust á þeim skrefum sem við þurfum að taka og er það samdóma álit þeirra sem að þessari vinnu komu að samstarf við sjóðinn sé ekki aðeins rétt heldur nauðsynlegt við núverandi aðstæður.

Þetta sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í þingumræðum um samkomulag stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í gær.

Samkomulagið miðar einkum að því að endurvekja á traust á íslenskum efnahag og koma á gengisstöðugleika, styrkja stöðu ríkissjóðs og endurreisa bankakerfið.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, lýsti áhyggjum af samkomulaginu og sagði það í raun fela í sér yfirráð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í mörgum veigamiklum málaflokkum. Hann sagði skilyrði í ríkisfjármálum áhyggjuefni, óvíst væri um kjaramál næstu misseri og spurði hvort allt væri sagt eða hvort leyniskilmálar hefðu verið gerðir sem ekki þyldu dagsljósið. Þá fjallaði Steingrímur um áætlanir um að verja gengi krónunnar þegar hún yrði sett á flot á ný og sagði að tugir eða hundruð milljarða gætu sóast í árangurslausum tilraunum til þess.

Valgerður Sverrisdóttir, formaður Framsóknarflokksins, sagði það fagnaðarefni að samkomulagið væri í höfn og kvaðst trúa að með lántökunum yrði trúverðugleiki byggður upp á ný. Hún gagnrýndi þó seinagang og sagði blasa við að Seðlabankinn hefði tafið framgang málsins. Þá sagði Valgerður ríkisstjórnina skorta framtíðarsýn auk þess sem hún taldi hana of bjartsýna að telja kreppuna aðeins standa í tvö ár.



**MÁLIN RÆDD** Samkomulag stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var rætt á Alþingi í gær. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Geir H. Haarde hrósuðu happi yfir að málið væri frágengið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, lagði út af mörg hundruð milljarða króna skuldsetningu þjóðarinnar. Byrðarnar yrðu þungar á komandi árum og myndu lenda harðast á því fólki sem nú væri á aldrinum 15 til 45 ára.

Bæði Guðjón og Grétar Mar Jónsson flokksbróðir hans vildu vita um skilmála lánanna frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þeim sex Evrópuríkjum sem gefið hafa lánsvilyrði. Þeir uppskáru þau svör frá forsætisráðherra og utanríkisráðherra að lánskjörin lægju ekki fyrir, samningaviðræðum þar um væri ekki lokið. Þó var upplýst að lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum ætti að greiðast til baka á árunum 2012–2015.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra kvaðst líta svo á að með samkomulaginu hefðu Íslendingar losnað úr ákveðinni herkví og Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagði að nú hefðum við stigið fyrsta skrefið út úr kreppunni.

bjorn@frettabladid.is





TVÆR GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ BROSA!

Öflugt háskólasamfélag er hornsteinn í þeirri uppbyggingu sem nú bíður þjóðarinnar. Með miða í Happdrætti Háskólans leggur þú þitt af mörkum og átt um leið mikla möguleika á frábærum vinningum.

Gakktu í hópinn og brostu og brostu!

- Þú færð miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

# RISA
## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
# MARKAÐUR

**Nú er allra síðasti séns að gera góð kaup fyrir jólin**

Lokum sunnudaginn 23. nóv

**ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR**

## Opnunartími

| | |
|---|---|
| Föstudagur | 12 - 18 |
| Laugardagur | 12 - 18 |
| Sunnudagur | 12 - 18 |




Útsöluvörur frá

**Frábærar vörur í jólapakkann**

Kaupfélagið · skór.is · STEINAR WAAGE · ecco · BLEND · PUMA · adidas · Clarks · SKECHERS · RbK

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FERSKT GRÍSAKJÖT- GOTT VERÐ !




ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 499 kr./kg.




ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR 698 kr./kg.




ÍSLANDSGRÍS KÓTILETTUR 1069 kr./kg.
MERKT VERÐ 1779 KR./KG.




ÍSLANDSGRÍS RIFJASTEIK 598 kr./kg.
MERKT VERÐ 998 KR./KG.




ÍSLANDSGRÍS LUNDIR 1498 kr./kg.
MERKT VERÐ 2498 KR./KG.




BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
959 kr./kg. MERKT VERÐ 1198 KR./KG




Þykkvabæjar




ÞYKKVABÆJAR KARTÖFLUGRATÍN
600g 298 kr.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
45% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR PÍRI PÍRI KJÚKLINGABRINGUR
1869 kr./kg. MERKT VERÐ 3398 KR./KG.
1554
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr./kg. 30% afsláttur MERKT VERÐ 2220 KR./KG
40% AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR HEILL KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR
659 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.
299
FROSNIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
299 kr./kg. 40% afsláttur MERKT VERÐ 499 KR./KG.
KJARNAFÆÐI
25% AFSLÁTTUR
KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI 1424 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.
KOFAREYKT
KJARNAFÆÐI
40% AFSLÁTTUR
KF KOFAREYKT FOLALDAKJÖT M/BEINI
399 kr./kg. MERKT VERÐ 664 KR./KG.
1155
KS LAMBALÆRI Í SNEIÐUM 1155 kr./kg. MERKT VERÐ 1359 KR./KG.
Konfekt
498
NAUTAVEISLU
NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI
498 kr.
998
BÓNUS GÓU KONFEKT 800g 998 kr.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30

Vísindamenn skrá erfðaefni ísaldarskepnu:

# Unnt að endurskapa loðfíla

**VÍSINDI, AP** Vísindamenn í Bandaríkjunum hafa skrásett allt erfðaefni loðfíls, útdauðrar dýrategundar sem átti sitt blómaskeið á síðustu ísöld.

Nú, þegar erfðaefnið er þekkt, opnast jafnframt sá möguleiki að endurskapa þessa lífveru.

„Spurningin er bara sú, hvort rétt væri að endurskapa lífveruna, jafnvel þótt við værum fær um það,“ segir Stephan Schuster, prófessor við Penn State-háskólann. Schuster er annar tveggja höfunda rannsóknarinnar, og fullyrðir að möguleikinn sé fyrir hendi: „Ég væri hissa ef það tæki meira en tíu eða tuttugu ár.“

- gb



**Á LEIÐ ÚT ÚR ÍSNUM** Loðfílar sagðir eiga möguleika enn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ENN HÆKKAR OFAN Í BLÁA LÓNIÐ** Nú kostar 2.800 kr. á manninn. Í alvöru!

Neytendur: Tvö ólík mál á föstudegi

# Aukaostur og okurlón



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Mörg fyrirtæki bregðast við kreppunni og meina vel. Margt er þó að varast. Móðir skrifar: *„Veitingastaðurinn American Style auglýsir nú að 10 ára og yngri borði frítt þegar forráðamaður kaupir máltíð. Við fórum fjölskyldan, keyptum hamborgaramáltíð handa stráknum og báðum um ost aukalega. Þegar við fengum reikninginn áttuðum við okkur á því að fyrir ostsneiðina á borgara barnsins vorum við rukkuð um 235 krónur! Samkvæmt heimasíðu staðarins áttum við reyndar „bara“ að borga 195 kr., en þetta var slegið svona vitlaust inn. Sem sé, gott framtak hjá American Style, en passið ykkur bara á að biðja ekki um neitt aukalega!“*

En að allt öðru. Sunneva Guðjónsdóttir fór í Bláa lónið. *„Það kostar heilar 2.800 krónur í Bláa lónið og mér finnst það algjört okur!“* skrifar hún, gráti næst. Börn yngri en ellefu ára fá reyndar frítt í dýrðina. Í byrjun sumars auglýsti lónið sérstakt „sumarverð“, 2.300 kr., sem átti að gilda út ágúst. Fyrir „sumarverðið“ kostaði 1.800 kr. ofan í. Það er nokkuð ljóst eftir þessa nýjustu hækkun að Bláa lónið er ekki staður fyrir venjulegan íslenskan meðaljón.




Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Póst húsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is


**FRÉTTASKÝRING:** Óvissa um gengið

# Álkrónan gat víst flotið

**Óvíst er hvernig krónunni verður fleytt en bent er á að álkrónan gamla flaut á vatni. Gengi á að ráðast á markaði, en höft verða á fjármagnsflæði og nota á gjaldeyrisforða sem fenginn er að láni.**



**SMÁ Í SAMANBURÐI** Búast má við gengisfalli þegar krónan fer á flot. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væntir þess að gengið verði um 176 krónur á evru þegar frá líður. Venjulegt fólk vöknar í úðanum við niðurstreymið en má sín lítils upp við fossinn.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur samþykkt beiðni Íslands um aðstoð. Umtalsverð lán felast í henni, alls 4,6 milljarðar Bandaríkjadala, sem nemur um 644 milljörðum króna. Þetta er háð skilyrðum sem koma fram í þingsályktun um fjárhagslega fyrirgreiðslu sjóðsins. Þar er í nítjánda lið, af 27, rætt um væntanlegar aðgerðir Seðlabankans.

Sjóðurinn og stjórnvöld segja gjaldeyrismarkaðinn brýnasta verkefnið; krónan á flot, varin af háum vöxtum, höftum og inngripum. John Lipsky, aðstoðarframkvæmdastjóri sjóðsins, segir í tilkynningu, mikilvægast að fá stöðugt gengi. Reka verði stífa peningastefnu og reyna að hefta útflæði fjármagns til skemmri tíma litið.

**Hundruð milljarða bíða**

Ætla má að hundruð milljarða króna séu erlent fé í íslenskum krónum. Þetta fé er falið í svonefndum krónu eða jöklabréfum, en líka ríkisskuldabréfum og innistæðum. Þetta fé hafa menn bundið í íslenskum krónum til að græða á vaxtamun, þar sem vextir erlendis hafa verið mjög lágir undanfarin ár, en með allra hæsta móti hjá okkur. Bankarnir hrundu og gjaldmiðillinn nýtur lítils trausts annars staðar og er óttast að krónukaupmenn flýi héðan. Íslendingar hafa líka verið í krónuviðskiptum, eignarhaldsfélög sem voru á bak við bankana, svo dæmi sé tekið. Óvíst er um umfang þess. Skilanefndir þegja þunnu hljóði.

**Gengið gæti orðið of hátt**

„Versta niðurstaðan væri að Seðlabankinn reyndi að halda gengi krónunnar of háu og sóaði í það stórum hluta nýfengins gjaldeyrisforða og síðan félli krónan engu að síður.“ Þetta segir Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands.

Hann bendir einnig á að flotið geti tekist vel. Gjaldeyristekjur skiluðu sér til landsins, fé færi ekki út í of miklum mæli og eitthvað kæmi hingað til lands, því fjárfestar sjái kauptækifæri. „Þá gæti krónan jafnvel styrkst eitthvað frá því sem nú er og samt verið afgangur á viðskiptajöfnuði,“ segir Gylfi. Hann bætir því við að enda þótt besta niðurstaðan næðist ekki, ætti að vera hægt að koma á „þokkalega virkum gjaldeyrismarkaði, halda útflutningsatvinnuvegum gangandi og tryggja nauðsynlegan innflutning til landsins. Gjaldeyrisforðinn dugar vel til þess, jafnvel þótt eitthvað verði um fjárflótta frá landinu og að útflytjendur flytji ekki allar sínar gjaldeyristekjur til landsins.“

**Takmörk á takmörk ofan**

Daði Már Kristófersson hjá Hagfræðistofnun, Jón Daníelsson, dósent við LSE, og Ragnar Árnason, prófessor, segja í Morgunblaðsgrein, að margar krónur bíði þess að verða breytt í erlenda mynt. Ætli Seðlabankinn að halda uppi eða „jafnvel hækka“ gengið, þá leiði það bara til þess að þeir sem flytja út fé selji það við hærra verði en annars. Geri bankinn það sé hann í raun að niðurgreiða gjaldeyri „til þeirra sem hyggjast flýja Ísland með sitt fjármagn.“ Reynslan sýni að þar sem forðinn fari í stuðning við gjaldmiðil hverfi þorri hans í vasa spákaupmanna.

Poul Thomsen hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sagði á símafundi með fréttamönnum í gær, að Seðlabankanum væru takmörk sett um hversu mikið af láninu frá sjóðnum mætti nota í þetta. Hann vildi hins vegar ekki upplýsa hversu mikið mætti nota.

Friðrik Már Baldursson, prófessor og ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í samstarfinu við sjóðinn, segir heldur ekki markmiðið að eyða forðanum með þessum hætti. „Heldur er ætlunin að láta krónuna fljóta, en jafnframt að beita ákveðnum inngripum.“

**GENGIÐ HÉR OG ÞAR**

**Gengi evrunnar gagnvart krónunni samkvæmt gengisskráningu Seðlabankans er ólíkt því sem annars staðar tíðkast:**

| | |
|---|---|
| Seðlabankinn | 176 kr. |
| Evrópski Seðlabankinn | 240 kr. |
| Greining Danske bank | 250 kr.* |
| Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn | 176 kr.* |
| Gengið 1. janúar 2008 | 91,2 kr. |

* Spá þegar gengið fer á flot.

**Óvissa um gengi**

Gengið sem hefur myndast á uppboðsmarkaði Seðlabankans hefur smám saman verið að lækka. Tíunda þessa mánaðar kostaði evran 166 krónur, samkvæmt miðgengi. Í gær kostaði hún hins vegar 176 krónur. Evrópski seðlabankinn skráði gengi krónunnar á 240 gagnvart evru í gær.

Heimildarmenn Fréttablaðsins hafa nefnt að flotgengið geti orðið þarna á milli.

Gengisvísitala Mentis fór upp undir 300 í fyrradag, og aftur niður í gær. Ekki fást opinberar skýringar á þessu. Hvorki hjá Seðlabanka né eftirlifandi greiningardeildum. Einn viðmælandi Fréttablaðsins nefndi raunar sem skýringu að Deutsche Bank, sem ekki hefur skipt með krónur um nokkra hríð, hefði opnað fyrir viðskipti. Lækkunin er óskýrð.

**Þeir fara hvernig sem fer**

Lars Christensen, forstöðumaður greiningar Danske Bank, segist reikna með að evran kosti yfir 250 krónur þegar krónan verður sett á flot aftur. Samkvæmt því færi gengisvísitalan yfir 330 stig. Beat Siegenthaler sérfræðingur hjá TD Securities segir að væntingar Seðlabankans um hvar krónan muni ná stöðugleika séu af bjartsýnasta toga.

Thomsen sagðist á símafundinum gera ráð fyrir að jafnvægisgengi krónunnar yrði náð á svipuðum slóðum og það er nú. Það þýðir að evran eigi eftir að kosta yfir 170 krónur enn um sinn.

Friðjón Þórðarsson, sem sinnir markaðsviðskiptum hjá Virðingu, óttast að þegar ýmsir erlendir bankar, eins og UBS, Citygroup og fleiri hefja viðskipti með krónuna á ný, þá fallið gengið í áttina að því sem nú tíðkast utan Íslands og jafnvel neðar, vegna veðkalla. „Krónurnar eiga eftir að rjúka út og þeim verður sama hvert gengið verður.“

**Erfitt fram undan**

Lipsky segir í fréttatilkynningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að Íslendingar eigi erfiða leið fyrir höndum. Efnahagsáætlunin sé háð óvenju mikilli óvissu og mikil áhætta sé jafnframt í henni fólgin. Þetta endurspegli fordæmislaust hrun heils bankakerfis af þeirri stærðargráðu sem hið íslenska var.

Lilja Mósesdóttir, doktor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir á smugan.is að gengisfall, vaxtahækkun og niðurskurður í ríkisfjármálum neyði Íslendinga til að veita öðrum löndum aðgang að náttúruauðlindum landsins og vinnuafli á útsöluverði.

**Þögn í Seðlabanka**

Skylt er að geta þess að leitað var svara í Seðlabankanum um hvernig krónunni verður fleytt. Þaðan fékkst ekkert um framhaldið.

Viðmælandi Fréttablaðsins í stjórnkerfinu sem ekki vildi láta nafns síns getið sagði að endingu að álkrónan gamla hefði nú víst flotið.



FRÉTTASKÝRING
**INGIMAR KARL HELGASON**
ingimar@markadurinn.is

**MARKMIÐ OG LEIÐIR SEÐLABANKANS***

■ Að hækka stýrivexti í 18%. Við erum tilbúin til að hækka stýrivextina enn frekar, en erum meðvituð um að hækkun stýrivaxta nægir ekki ein og sér til að koma í veg fyrir fjármagnsútflæði undir núverandi kringumstæðum sem eru mjög sérstakar.

■ Að beita miklu aðhaldi í aðgangi bankanna að lánum frá Seðlabankanum. Við hyggjumst herða á reglum um lausafjárstýringu, sérstaklega aðgang að lausu fé í því skyni að Seðlabankinn geti haft meira frumkvæði við stjórnun grunnfjár; og við höfum hækkað vaxtamun á lausafjáraðgangi til að koma í veg fyrir að dregið verði um of á mikið lausafé eftir þessum farvegi. Við höfum þrengt skilgreiningu á þeim tryggingum sem Seðlabankinn tekur gildar – nýútgefin ótryggð bankabréf verða ekki lengur tekin gild. Reynist það nauðsynlegt erum við reiðubúin til að aðlaga reglur um stjórnun grunnfjár enn frekar, svo sem með því að breyta grunnviðmiðum fyrir meðaltal gjaldeyrisforða og veðviðmið. Til að byrja með munum við leyfa litla sem enga aukningu í lánum frá Seðlabanka.

■ Við erum reiðubúin til að nota gjaldeyrisforðann til að koma í veg fyrir of miklar sveiflur í gengi krónunnar. [...] og erum því reiðubúin til að nýta gjaldeyrisforðann til að styðja við markaðinn ef þörf krefur. Geta okkar til þess hefur aukist við það að gjaldeyrisforðinn hefur verið styrktur, [...].

■ Við erum reiðubúin að beita tímabundnum gjaldeyrishöftum á fjármagnsviðskipti. Við gerum okkur ljóst að slík höft hafa talsverð neikvæð áhrif og hyggjumst afnema þau svo fljótt sem auðið er. [...].

* Úr þingsályktunartillögu um aðstoð Alþjóðagjaldeyrisjóðsins.

**25%**
**afsláttur af auglýstum vörum**

| Vara | Verð | Áður |
|---|---|---|
| Fjörmjólk 1 l | 94,kr. | ÁÐUR 125,kr. |
| Undanrenna 1 l | 79,kr. | ÁÐUR 105,kr. |
| Léttmjólk 1 l | 74,kr. | ÁÐUR 99,kr. |
| Nýmjólk 1 l | 74,kr. | ÁÐUR 99,kr. |
| Pillsbury hveiti 2,26 kg | 276,kr. | ÁÐUR 368,kr. |
| Ljóma smjörlíki 500g | 134,kr. | ÁÐUR 179,kr. |
| Jólasmjör 500g | 199,kr. | ÁÐUR 269,kr. |
| Flórsykur 500g | 124,kr. | ÁÐUR 165,kr. |
| Strásykur 1 kg | 99,kr. | ÁÐUR 146,kr. |
| Meðalstór egg 10 stk. | 269,kr. | ÁÐUR 359,kr. |
| Hagver rúsínur 500g | 172,kr. | ÁÐUR 229,kr. |
| Hagver kókosmjöl gróft 500g | 134,kr. | ÁÐUR 179,kr. |
| Síríus 56% | 142,kr./stk. | ÁÐUR 189,kr./stk. |
| Síríus Konsum 200g | 194,kr. | ÁÐUR 259,kr. |

# þegar mikið stendur til

**Tilboð gilda til laugardagsins 22. nóvember**

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga

**FK FJARÐARKAUP**

## „ORÐRÉTT“

*Bréf til forsetans*

**„Naumast þarf að árétta að allir eiga að vera jafnir fyrir lögunum en þó verður að telja að enn gætilegar verði að fara þegar þjóðhöfðinginn sjálfur á hlut að máli.“**

ÚR BRÉFI DAVÍÐS ODDSSONAR TIL ÓLAFS RAGNARS GRÍMSSONAR, 31. JÚLÍ 2003.

Fréttablaðið 20. nóvember

*Gamla Svíagrýlan*

**„Svíar virðast ekki elska okkur jafnmikið og hinir.“**

GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA.

Morgunblaðið 20. nóvember

**tilveran**

*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR

# Á ferðalagi um ástir og ævi Möggu Pálu



„Það er ágætt að gleyma sér bara í bókavertíðinni og sleppa því að hugsa um þjóðfélagsástandið. Afneitun getur verið ágæt, ef hún er ekki í of stórum skömmtum,“ segir Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir rithöfundur, en í síðustu viku kom út bók hennar Ég skal vera Grýla – Margrét Pála Ólafsdóttir í lífsspjalli.

„Ferðalagið um ævi og ástir Möggu Pálu var ótrúlega fróðlegt og upplífgandi. Talandi um konu sem fólk ætti að taka sér til fyrirmyndar þegar neikvæðni og bölsýni ætlar allt lifandi að drepa,“ segir Þórunn Hrefna. „Við stöllur erum báðar mjög hamingjusamar með bókina og höfum fengið jákvæð viðbrögð úr öllum áttum. Beiðnir um að lesa upp úr henni fyrir bókaorma eru þónokkrar og við tökum þeim auðvitað ljúfmannlega, enda eru upplestrarnir partur af skemmtuninni.“

Þórunn Hrefna segist ekki kvíða því að bókin rati ekki til sinna þó að kreppa ríki á landinu. „Ég hef heyrt að nú seljist bækur sem aldrei fyrr, enda er mun ódýrara að kaupa sér nokkrar bækur en að fara til Tenerife og borga þúsundkall fyrir kaffibollann. Ýmsir sálnahirðar hafa líka sagt okkur það sem við vissum fyrir; að þegar við sitjum í rústum hins veraldlega þá sé besta ráðið að auðga andann og byggja sjálfan sig upp. Mölur og ryð fá ekki grandað því sem góðar bækur skilja eftir sig.“

„Sjálf er ég á kafi í lestri eins og alltaf á þessum árstíma. Við litla fjölskyldan vorum svo ljónheppin að fá léðan bústað við Þingvallavatn og þangað ætlum við um helgina. Þó að ég sé áhugamanneskja um svokallaðar sumarbústaðabókmenntir, það er að segja bækur sem skildar eru eftir í bústöðum og geta verið stórbrotnin samtíningur, þá held ég að ég taki með mér góðan stafla af glænýjum íslenskum.“

## SJÓNARHÓLL

ÁSTANDIÐ Á ÍSLANDI

# Burt með rudda-kapítalismann



**MARGRÉT KRISTÍN BLÖNDAL** Tónlistarmaður og anarkisti.

„Það má segja að anarkistinn í mér sé að fullu vaknaður,“ segir Margrét Kristín Blöndal tónlistarmaður um ástandið í íslensku þjóðfélagi. „Ég opna augun hvern dag og ég trúi því bókstaflega ekki að þessi ríkisstjórn sitji enn. Ég verð að segja að það dettur alveg yfir mann í tíma og ótíma nú um mundir því ég botna bara alls ekki í því hvernig þessi leikaraskapur stjórnvalda getur haldið svona endalaust áfram. Enginn ætlar að taka ábyrgð á þeim ruddakapítalisma sem hér hefur ríkt, með meira en fullu samþykki yfirvalda, árum saman. Við höfum búið við stjórn manna sem nú hafa algjörlega misst niður um sig buxurnar. Og þeir ætla sér að sitja áfram svona líka buxnalausir! Það sama má segja um fyrrverandi ofurhetjurnar í bönkunum. Að þetta fólk skuli voga sér að ætla að viðhalda þessu kapítalíska kerfi sem er þegar hrunið finnst mér með ólíkindum. Það er algjört akútmál að ríkisstjórnin og seðlabankastjórnin segi af sér. Og það strax. Valdið til fólksins! Lifi hugarfarsbyltingin!“


**KAUPTHING FUND**

Société d'Investissement à Capital Variable
Registered office: 14, boulevard Royal, L-2449 Luxembourg
R.C.S. Luxembourg B 96 002

**NOTICE**

The shareholders of KAUPTHING FUND are hereby informed that the Board of Directors of the Sicav has decided, with effect on 10th October 2008, to appoint CONVENTUM ASSET MANAGEMENT as management company of KAUPTHING FUND.

The shareholders of KAUPTHING FUND - GLOBAL EQUITIES, KAUPTHING FUND - NORDIC GROWTH and KAUPTHING FUND - SWEDISH GROWTH are further informed that the Board of Directors of the Sicav has decided, with effect on 1st January 2009, to change the cut-off time for subscriptions/redemptions/conversions of the Sub-Funds KAUPTHING FUND - GLOBAL EQUITIES, KAUPTHING FUND - NORDIC GROWTH and KAUPTHING FUND - SWEDISH GROWTH so that applications for subscriptions/redemptions/conversions of shares received before 12 p.m. on a Valuation Day are treated on the basis of the Net Asset Value as determined on such Valuation Day.

The shareholders of KAUPTHING FUND - GLOBAL VALUE are further informed that the Board of Directors of the Sicav has decided, with effect on 15th October 2008, to close the ISK share class of KAUPTHING FUND - GLOBAL VALUE.
This decision was taken due to the recent devaluation of ISK.
Payment to shareholders will be effected as soon as the assets will have been realised. Payment to shareholders may be done in one or several tranches.
The sums payable in respect of shares not presented for reimbursement at the liquidation of the said share class will be deposited at the custodian bank for a period not exceeding nine months as from the date of liquidation. After this deadline, the assets will be deposited with the "Caisse de Consignation" in Luxembourg for the benefit of the persons entitled thereto.

The shareholders of KAUPTHING FUND - US BOND are further informed that the Board of Directors of the Sicav has decided, with effect on 21st November 2008, to close the sub-fund.
This decision was taken due to the small size of the Sub-Fund.
Meanwhile, the Board of Directors has decided not to continue accepting redemption orders for the said sub-fund. Payment to shareholders will be effected as soon as the assets will have been realised. Payment to shareholders may be done in one or several tranches.
The sums payable in respect of shares not presented for reimbursement at the liquidation of the said sub-fund will be deposited at the custodian bank for a period not exceeding nine months as from the date of liquidation. After this deadline, the assets will be deposited with the "Caisse de Consignation" in Luxembourg for the benefit of the persons entitled thereto.

The sums payable in respect of shares may be requested at the following Paying Agents

Luxembourg — BANQUE DE LUXEMBOURG
14, boulevard Royal
L-2449 LUXEMBOURG

Iceland — Kaupthing Bank hf
Borgartún 19
IS-105 Reykjavik
Iceland

The shareholders of KAUPTHING FUND are further informed that the Board of Directors has decided, with effect on 21st December 2008, to:

- appoint KAUPTHING FONDER AB as Investment Manager of KAUPTHING FUND - GLOBAL EQUITIES.
- amend the investment policy of KAUPTHING FUND - GLOBAL VALUE as follows:

  The Sub-Fund mainly invests in equity securities of medium and smaller companies worldwide with the aim to outperform its benchmark, the Morgan Stanley Capital International World Index (MSERWI).
  In addition, when an investment opportunity arises, the Sub-Fund may invest on an ancillary basis in UCITS and / or other UCIs within the limits as described under Chapter 5 of the present prospectus, as well as ETF.

From 21st November 2008 to 20th December 2008, the shareholders of KAUPTHING FUND - GLOBAL EQUITIES and KAUPTHING FUND - GLOBAL VALUE may ask for the redemption of their shares free of charge.

An up-dated prospectus of the KAUPTHING FUND is available at the registered office.

The Board of Directors
Luxembourg, 21st November, 2008


# Hleypur 250 km í Sahara-eyðimörk

**Ágúst Kvaran ætlar að hlaupa 250 kílómetra á sjö dögum í sandinum í Sahara-eyðimörkinni. Hann hleypur með matarbirgðir og útilegugræjur í um og yfir 40 stiga hita í viku og fær aðeins tíu lítra af vatni á dag. Það verður að duga.**



**MEÐ MATARBIRGÐIRNAR Í BAKPOKA** „Stóra málið er að maður ber matarbirgðirnar með sér allan tímann,“ segir Ágúst Kvaran ofurhlaupari sem ætlar að hlaupa 250 kílómetra í um og yfir 40 stiga hita í Sahara-eyðimörkinni í Marokkó. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Frakkar standa fyrir þessu hlaupi og það heitir Sandmaraþonið. Þetta er árlegt hlaup og ég kalla það áfangahlaup því að það er hlaupið í sex áföngum í heila viku. Hlaupið breytist alltaf milli ára, það er aldrei farin sama leiðin. Maður fær ekki vitneskju um hlaupaleiðina fyrr en daginn áður en hlaupið byrjar,“ segir Ágúst Kvaran ofurhlaupari.

Sandmaraþonið fer fram í Sahara-eyðimörkinni næsta vor. Fyrstu þrjá dagana eru hlaupnir 30-40 kílómetrar á dag. Fjórða og fimmta daginn er ofurmaraþon á bilinu 75-80 kílómetrar að lengd. Fimmta hlaupið er á sjötta degi og þá er hefðbundið maraþon, 42,2 kílómetrar. Síðasta daginn hlaupa menn sig niður með því að fara 15-20 kílómetra.

„Samanlagt gerir þetta um 250 kílómetra,“ segir hann, „og hlaupið fer alltaf fram í Sahara-eyðimörkinni í suðaustur-hluta Marokkó,“ segir þessi 56 ára ofurhlaupari.

Þátttakendur þurfa að vera með áttavita en merkingar eru þó á hálfs kílómetra fresti. „Þeir lentu í vandræðum fyrir nokkrum árum þegar einn hlauparinn villtist og var nærri dauða en lífi þegar hann fannst. Þeir hafa verið varkárir síðan.“

Undirlagið er misjafnt. Bæði er hlaupið á dæmigerðum eyðimerkursandi og svo má búast við að undirlagið geti orðið grófara og jafnvel að leiðin liggi um fjalllendi. Flest hlaupin byrja klukkan níu á morgnana en lengsta hlaupið nær yfir nótt og þá er leysigeisla beint upp í loftið til þess að hlaupararnir sjái stefnuna.

„Stóra málið er að maður ber matarbirgðir með sér allan tímann. Maður verður að hlaupa með bakpoka með mat fyrir heila viku og lágmarksbúnað til að elda. Og svo verður maður að bera bakpoka, og dýnu ef maður vill sofa á dýnu, en þeir útvega tjald og vatn enda eins gott. Við fáum tíu lítra af vatni á sólarhring og það verður að duga en við fáum þó viðbótarvatn á ákveðnum stöðum í sjálfu hlaupinu,“ segir hann.

Hlaupið fer fram í lok mars og byrjun apríl. Hlaupararnir skipta hundruðum, flestir frá Frakklandi og Bretlandi. Ágúst er á kafi í undirbúningi, hleypur um 100 kílómetra á viku, oft með stuðningsmönnum sínum og félögum í Hlaupasamtökum lýðveldisins, og ætlar að ná hámarkinu mánuði fyrir hlaupið með 120-140 kílómetrum á viku. Mesta málið segir hann hitastigið, það geti farið upp í 46 gráður og niður í sjö stig. Undirbúningurinn felst í því að hlaupa kappklæddur með byrði á bakinu og jafnvel inni.

„Sandstormur getur skollið á og þá eru skýr fyrirmæli um að stoppa,“ segir Ágúst.

ghs@frettabladid.is

VIKA 40

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Rachid Benguella

### Eldar marokkóskan mat



„Ég sakna þess að geta ekki fengið hefðbundinn marokkóskan mat,“ segir Rachid. „Marokkó er ekki ríkt land en þar er maturinn mjög góður. Kúskús er til dæmis hefðbundinn marokkóskur matur og Ird eru pönnukökur fylltar með kjúklingi og kryddjurtum. Ég veit að það er hægt að fá flest þessi krydd hér á Íslandi en ég kann ekki að búa til réttar kryddblöndur í þessa rétti. Samt erum við hjónin dugleg að elda marokkóskan mat og þá notum við helst marokkóskan tajine-pott þar sem maturinn er eldaður frekar hægt og lengi.“

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier

### Seldi bílinn og fékk strætókort



„Um síðustu helgi fór ég á Ekvador-sýninguna í Bókasafni Kópavogs og sá þar meðal annars þurrkað höfuð af galdramanni, boga og örvar með eituroddum,“ segir Charlotte. „Svo heimsótti ég ömmusystur mína og eyddi sunnudeginum í að elda súpu og baka brauð. Þar sem ég er búin að selja bílinn minn ákvað ég að kaupa mér strætókort. Ég var glöð að sjá strætó fullan af fólki. Það pirrar mig þó enn hvað það líður langt á milli strætóferða. Annars er ég mjög spennt vegna þess að foreldrar mínir eru búnir að bóka flug til Íslands.“

Algirdas Slapikas

### Stundar fjarnám við MÍ



„Þessa dagana nota ég flest kvöld til að læra,“ segir Algirdas sem stundar fjarnám við Menntaskólann á Ísafirði. „Námskeiðið kallast samfélagstúlkun og þar lærum við meðal annars samfélagsfræði, stjórnmálafræði og upplýsingatækni. Ég get ekki sagt að mér finnist þetta mjög skemmtilegt en ég er að reyna að bæta íslenskukunnáttu mína.

Annars er nóg að gera í vinnunni, sem betur fer og þegar ég er ekki að vinna eða læra reyni ég að verja tíma með fjölskyldunni.“


Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Rúðuvökvi, 4 ltr
398
99 KR PR LÍTER
6990
NOKIA 1208
•Farsími
MEÐ SÚKKULAÐI
165
JÓLADAGATAL
•75 gr
99 pr. pk
JÓLAPAPPÍR
•2 m x 70 cm
2590 pr. pk
GJAFAPAKKNING
•Lacoste, 4 í pk, dömu
•Hugo Boss, 4 í pk, dömu/herra
•Bað-/sturtusápa
ÓDÝRT FYRIR JÓLIN
599
JÓLAGLÖGG
• 500 ml
• Glöggblanda, 175 gr, kr 499
3 í pk
199
TWIX
•3 x 2 stk
199 pr. stk
PAKKABANGSAR
•10 cm, fleiri gerðir
3 saman
SENDUM UM ALLT LAND!
Pöntunarsími í Reykjavík 511 3322
Pöntunarsími á Akureyri 466 2533
Visa / MasterCard
5990
KULDAGALLI
•Rauður og blár
•S-XXL
2990
BÖKUNARSKÁLAR
•Þrjár saman
•Ummál: 20/22/24 cm
199
JÓLADISKUR
•20,8 cm
2900
KÖKUKEFLI
•Sílikon
1990
SLÖKKVITÆKI
•Duft, 2 kg
Opið frá kl. 10 til 19 á virkum dögum og frá kl. 10 til 18 um helgar
www.europris.is
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
635 **-1,98%**

**Fjöldi viðskipta:** 136
**Velta:** 363 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **NÝHERJI** | 3,96% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **BAKKAVÖR** | 17,60% |
| **ATORKA** | 16,67% |
| **FØROYA BANKI** | 11,36% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,70 +0,00% ... Atorka 0,50 -16,67% ... Bakkavör 2,06 -17,60% ... Eimskipafélagið 1,32 -0,75% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,05 -1,14% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 77,10 -6,32% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 97,50 -4,88%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Upplýst fólk vinnur betur

Afköst eru meiri hjá starfsfólki fyrirtækja sem meðvitað er um stefnu fyrirtækjanna sem það vinnur hjá. Þetta kemur fram í rannsókn sem unnin var meðal íslenskra fyrirtækja.

„Íslenskir fyrirtækjastjórnendur virðast fylgjast mjög vel með því sem er að gerast í stjórnunarfræðum erlendis," segir Einar Svansson, ráðgjafi hjá ParX viðskiptaráðgjöf og meistaranemi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands.

Rannsóknir sem Einar hefur gert vegna meistararitgerðar sinnar sýna að tveir þriðju hlutar af tvö hundruð stærstu fyrirtækjum hér á landi eru með formlega stefnu sem er kerfisbundið kynnt fyrir starfsmönnum. „Það er sama hlutfall og erlendis og þessi niðurstaða kom okkur því mjög skemmtilega á óvart."

Einar segir að fram komi skýr fylgni árangurs og notkunar á stefnu og kynningu hennar fyrir starfsmönnum. „Stundum er sagt að stefnumótun sé rammi utan um óvissu. Það er því enn mikilvægara þegar óvissa er mikil, eins og nú, að fyrirtæki móti sér skýra stefnu og geri starfsmönnum ljóst hver langtímamarkmiðin eru svo allir geti unnið að þeim." **- msh**



**EINAR SVANSSON** Einar, sem ráðgjafi hjá ParX, gerði í tengslum við meistararitgerð rannsókn meðal íslenskra fyrirtækja.

# Exista skráð úr Kauphöll Íslands



**LÝÐUR GUÐMUNDSSON**

Hlutabréf Existu verða tekin úr viðskiptum í Kauphöllinni eftir lokun hennar 12. desember.

Afskráning félagsins var samþykkt á hluthafafundi Existu í lok síðasta mánaðar. Fram kom á sama fundi að hugsanlega yrði það skráð aftur á markað síðar þegar aðstæður batna.

Exista var stærsti hluthafi Kaupþings með 24,7 prósenta hlut þegar bankinn fór í þrot í byrjun síðasta mánaðar. **- jab**

# Woolworths til sölu

Stjórn bresku verslanakeðjunnar Woolworths hefur borist óformlegt tilboð í smásöluhluta verslunarinnar. Lokað var fyrir viðskipti tímabundið með bréf félagsins í kjölfarið í fyrradag. Þegar viðskipti hófust á ný féll gengið um tæp 40 prósent. Fallið hélt áfram í gær.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

Tilboðið er frá fatakeðjunni Hilco sem sérhæfir sig í fyrirtækjum í rekstrarvanda og viðsnúningi þeirra. Samkvæmt heimildum breska blaðsins Times hljóðar tilboðið upp á eitt pund.

Baugur á rúman tólf prósenta hlut í Woolworths og hefur ítrekað þrýst á uppstokkun í rekstrinum. Þá gerði Baugur tilboð í smásöluhlutann síðla sumars upp á fimmtíu milljónir punda í félagi við Malcolm Walker, forstjóra frystivörukeðjunnar Iceland. Tilboðið þótti fela í sér of mikla uppstokkun og var vísað út af borðinu eftir að það lak í fjölmiðla. Í kjölfarið hrundi gengi bréfa í Woolworths og stóð það fyrir hádegi í gær í lægsta gildi, tveimur pensum á hlut

Hilco hefur áður komið að málum hjá Baugi en félagið keypti rekstur fatakeðjunnar MK One af félaginu í maí. **- jab**

**FLÖGGUÐU 2005**

Baugur flaggaði þriggja prósenta hlut í Woolworths í desember 2005 í gegnum eignarhaldsfélagið Unity. Það er nú skráð fyrir 12,4 prósentum. Gengi bréfa í Woolworths hefur fallið um tæp 95 prósent frá væntu meðalgengi bréfanna (um 37 pensum á hlut) á tímabilinu.

# Fastgengi gegn hugbúnaðarþjófnaði

**Microsoft hefur fest gengi evru við 120 krónur í viðskiptum við íslensk fyrirtæki næstu þrjá mánuði. Gengi evrunnar hefur verið nálægt 174 krónum.**

„Við tókum upp fastgengisstefnu til að búa til stöðugleika. Grundvöllur Microsoft er sá að fyrirtæki starfi í landinu," segir Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.

Microsoft hefur náð samkomulagi við höfuðstöðvar Microsoft um að öll viðskipti íslenskra fyrirtækja og einstaklinga við Microsoft miðist við að evran kosti 120 krónur næstu þrjá mánuði.

Þetta er í fyrsta sinn sem Microsoft grípur til aðgerða sem þessa ef frá eru taldar sértækar aðgerðir í Argentínu.

Gengi evru hefur staðið í kringum 174 krónur upp á síðkastið. Miðað við það er gengi krónu um 31 prósenti sterkara í viðskiptum íslenskra fyrirtækja við Microsoft en það raunverulega er.

Microsoft tekur á sig allan kostnað við fastgengisstefnuna.

Halldór segir von manna standa til að þetta komi í veg fyrir að ólögleg afritun hugbúnaðar frá Microsoft aukist hér á landi. Landsmenn voru aftarlega á merinni fyrir nokkrum árum, á pari við svonefnd „austantjaldslönd" en hafa bætt sig nokkuð síðan. Nýjustu mælingar sýna að tæpur helmingur, 48 prósent, alls hugbúnaðar sem notaður er hér á landi er ólöglegur. Árið 2005 stóð þetta hlutfall í 57 prósentum. Stór hluti þess er búnaður undir merkjum Microsoft, að sögn Halldórs. **- jab**



**HALLDÓR JÖRGENSSON** „Íslensk fyrirtæki geta ekki beðið lengur eftir því að gengi krónunnar lagist," segir forstjóri Microsoft á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


EURES
EURopean Employment Services
www.eures.is



VINNUMÁLA STOFNUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

## Viltu starfa í Evrópu?

Evrópsk starfskynning í Ráðhúsi Reykjavíkur 21. & 22. nóvember 2008.

Vinnumálastofnun og EURES –samevrópsk vinnumiðlun, standa fyrir evrópskri starfskynningu í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 21. nóvember frá kl. 17:00 til 21:00 og laugardaginn 22. nóvember frá kl. 12:00 til 18:00.

EURES ráðgjafar frá Danmörku, Noregi, Hollandi, Belgíu, Austuríki, Þýskalandi, Litháen og Póllandi munu kynna atvinnutækifæri og veita ráðgjöf varðandi atvinnuleit í sínum löndum.

Auk þess munu fulltrúar nokkurra stórfyrirtækja í byggingariðnaðnum í Evrópu verða á staðnum og kynna laus störf og taka á móti umsóknum.

VINNUMÁLASTOFNUN HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
Engjateig 11 - 105 Reykjavík - sími 515 4850 - hofudborgarsvaedid@vmst.is




Fjölbreyttustu

# sturtulausnir á Íslandi

til afgreiðslu af lager

Eitt hagstæðasta verð á markaðnum

## Walk-in stærðir

30 x 220 sm
70 x 220 sm
80 x 220 sm
90 x 220 sm
100 x 220 sm
110 x 220 sm
120 x 220 sm

# Walk-in STURTUSKJÓL



8-10 mm rammalaust öryggisgler

## HURÐIR OG VEGGIR

GLERVEGGIR með hurð
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

GLERENDAVEGGIR
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm og 110 sm



## BAÐKARSHLÍFAR

76x130, 85x140, 120x150, 60x150 og 80x150 sm

## STURTUKLEFAR

70x70, 75x75, 80x80 og 90x90 sm





Rúnað



Kantað

## STURTUHORN

KANTAÐ: 80x80, 90x90 RÚNAÐ: 80x80, 90x90 sm

6 mm rammalaust öryggisgler sem auðveldar þrif

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vandamálið Davíð Oddsson:

## Hvað er málið með Geir?

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Umfang Davíðs Oddssonar í umræðu undanfarna daga er orðið með öllu óþolandi. Það versta er þó að við eigum einskis annars úrkosta en að halda áfram að tala um hann. Því eins og allir vita hverfa vandamálin ekki þótt við hættum að tala um þau. Það kallast bara uppgjöf. Vandamál hverfa ekki fyrr en þau eru leyst.

Engin ástæða er til að efast um að Davíð sé vandamál. Hann er reyndar svo stórt og mikið vandamál að ríkisstjórnarsamstarf landsins hangir á því hvort hann verði áfram í Seðlabankanum eða ekki.

Það liggur kristaltært fyrir að Samfylkingin treystir ekki núverandi stjórn Seðlabankans til verks við þá viðkvæmu tilraun að endurreisa krónuna. Nokkuð víst er að sú aðgerð mun ekki fara fram með Samfylkingu í ríkisstjórn og Davíð í Seðlabankanum á sama tíma.

Að þessi staða skuli vera komin upp er fyrst og fremst á ábyrgð eins manns: Geirs H. Haarde. Forsætisráðherra hefur lengi haft á valdi sínu að taka af skarið og leysa úr þeirri flækju sem hefur skapast vegna vantrausts á stjórn Seðlabankans.

En hvað er þá málið með Geir? Hvað tefur? Möguleikarnir eru þrír.

Númer eitt: Geir er sammála Davíð í öllum meginatriðum. Er á móti Evrópusambandsaðild, telur krónuna traustan gjaldmiðil og að einhverjir aðrir beri meginsök á hruninu.

Númer tvö: Geir óttast að Davíð snúi aftur í stjórnmálin, taki af honum Sjálfstæðisflokkinn eða kljúfi flokkinn með sérframboði.

Númer þrjú: Geir hefur sig ekki í að taka á vandamálinu og leysa það.

Sá sem hér skrifar telur síðasta möguleikann vera líklegustu skýringuna. Verkfælni Geirs sýndi sig þegar borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna fékk óáreittur að glutra frá sér borginni og ganga skömmu síðar til glórulauss samstarfs við Ólaf F. Magnússon. Sýnu alvarlegra var þó aðgerðaleysið í aðdraganda þess að efnahagslíf landsins hrundi til grunna.

Allt fram á síðasta dag taldi Geir ekki þörf á að gera neitt. Ummæli hans í þá veru á tröppum ráðherrabústaðarins innan við sólarhring fyrir setningu neyðarlaganna verða lengi minnisstæð.

Átakafælni Geirs var kostur á meðan allt lék í lyndi. Sérstaklega í samanburði við feikilega átakaást forvera hans í formannsstól Sjálfstæðisflokks. Þegar á reynir verða foringjar hins vegar að taka þá slagi sem reka á fjöru þeirra. Annað er til stórkostlegra trafala.

Finnist einhverjum hér of mikið gert úr mikilvægi eins manns við stjórn landsins má rifja upp arfleifð eins manns, George W. Bush, eftir átta ár í Hvíta húsinu. Er það hvorki meira né minna en breytt heimsmynd. Að taka að sér stjórn snýst auðvitað ekki síst um að velja með sér aðra til verka.

Vonin um að Geir leysi vandamálið Davíð Oddsson dofnar hratt. Það væri óskandi að Davíð tæki sjálfur af skarið af myndugleika, sem allir vita að hann býr yfir, og gerði þjóðinni þann greiða að kveðja Seðlabankann sjálfviljugur. Það yrði dýmætasta framlag hans til að koma á vinnufriði til að leysa önnur mikilvægari vandamál.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ég um mig …

Það getur verið upplýsandi að orðtaka texta og oftar en ekki hjálpar það til við að skyggnast í merkinguna á bak við framsetninguna. Fræg er sagan af fræðimanninum sem eyddi allri ævinni í að orðtaka bækur Laxness, en horfði síðan á tölvu framkvæma ævistarfið á innan við mínútu.

Fáar ræður hafa vakið meiri athygli en ræða Davíðs Oddssonar á fundi Viðskiptaráðs. Sé hún orðtekin kemur ýmislegt merkilegt í ljós.

Orðið Seðlabankinn kemur 16 sinnum fyrir í ræðunni, framtíð 4 sinnum, sem og traust, sökudólgur 3 sinnum, stjórnvöld 2, október 5 sinnum, útrás 9 sinnum en stöðugleiki aldrei, svo dæmi séu tekin.



Orðið ég kemur hins vegar fyrir 34 sinnum í ræðunni; mig einu sinni, mér 2 og mín einu sinni. Ætli þessi 38 skipti sem Davíð talaði um sjálfan sig segi eitthvað um áherslur hans?

### Kýrskýrt

Og talandi um orð. Stjórnmálamenn eiga að tala skýrt. Það veit Geir H. Haarde og þess vegna ræðir hann um að hætt sé við að „krónan verði fyrir skammtímaþrýstingi fyrst í stað“ á þingi.

Einhver sem ekki talar jafnskýrt hefði jafnvel asnast til að segja að hér yrði gengishrun.



### Og nöfnin

Og er ekki rétt að snúa sér að nöfnunum. Trauðla finnst skemmtilegri iðja en að glugga í nafnaskrár ævisagna, enda margt merkilegt þar að finna og þar sjást áherslur þess sem bókin er um.

Í nýútkominni ævisögu Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta vors, sést til að mynda að forsetanum verður tíðrætt um konur sínar tvær, sem eðlilegt er. Dorrit kemur fyrir á ívið fleiri blaðsíðum. Það nafn sem oftast kemur fyrir í bókinni – væntanlega fyrir utan nafn Ólafs sjálfs – er hins vegar Davíð Oddsson.

Þá vitum við hvernig forsetinn forgangsraðar.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## SPOTTIÐ




# Velferðarríkið til varnar

**UMRÆÐAN**

Stefán Ólafsson skrifar um fjármálakreppuna



STEFÁN ÓLAFSSON

Kreppan verður þjóðinni afar erfið næstu 2 til 3 árin. Mikil skuldabyrði heimila, atvinnuleysi og kjaraskerðing eru fyrirsjáanleg. Hætta er á skaðlegum landflótta. Við þessar aðstæður er mikilvægt að heimilin verði varin eins og kostur er. Stjórnvöld undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur hafa þegar innleitt leiðir til að auka sveigjanleika við afborganir lána og við framkvæmd atvinnuleysisbóta. Það er gott. Eftirfarandi 6 úrræða er einnig þörf:

*Til að velferðarríkið geti varið heimilin þarf að auka útgjöldin á mikilvægustu sviðum þess. Því verður að mæta með skattahækkunum á þá sem breiðari bökin hafa.*

■ Fólk fái fullar heimildir til að losa séreignasparnað sinn nú þegar til að lækka húsnæðisskuldir;
■ Vaxtabætur vegna húsnæðisskulda verði hækkaðar mikið;
■ Vísitölubinding húsnæðisskulda verði skert tímabundið, að hálfu eða fullu;
■ Grunnur atvinnuleysisbóta verði hækkaður;
■ Stórefla þarf virkniaukandi aðgerðir vegna atvinnulausra (þ.e. styrkja stoðkerfi atvinnuþátttöku, endurmenntunar og endurhæfingar);
■ Almannatryggingar og lágmarksframfærslutrygging þurfa að hækka til fulls vegna verðlagsbreytinga 1. janúar 2009, eins og lög kveða á um.

Nýting séreignasparnaðar nú getur lækkað húsnæðisskuldir og greiðslubyrði margra heimila og það léttir einnig þrýstingi af ríkisvaldinu og gerir því betur kleift að styðja þá sem minnst hafa. Vörslumenn séreignasjóða munu leggjast gegn þessu en fólkið á að ráða þessu sjálft, enda verður ávöxtun sjóða áfram áhættusöm. Ef ekki tekst að fá fram tímabundið afnám vísitölubindingar húsnæðisskulda verður að hækka vaxtabætur verulega. Þær rýrnuðu mjög frá 1995 til 2005. Hækkun þeirra nýtist best þeim heimilum sem lægstar tekjur og mestar skuldir hafa.

Atvinnuleysisbætur hér á landi eru mjög lágar m.v. meðallaun. Tekjufall meðaltekjufólks sem lendir í atvinnuleysi verður því að óbreyttu of hátt. Hærra atvinnuleysisstig en áður hefur þekkst mun skapa ný og erfið vandamál. Stóraukinna virkniaukandi aðgerða er þörf. Slíkar aðgerðir voru t.d. afar þýðingarmiklar í kreppunni í Svíþjóð 1990–1994. Almannatryggingar þurfa loks að verja lífeyrisþega sem margir hafa lágar tekjur.

Til að velferðarríkið geti varið heimilin þarf að auka útgjöldin á mikilvægustu sviðum þess. Því verður að mæta með skattahækkunum á þá sem breiðari bökin hafa. Það er einmitt fólkið sem hlaut aukin skattfríðindi á síðustu tólf árum.

*Höfundur er prófessor við Háskóla Íslands.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
**ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**ENSK JÓLAKAKA** er nokkuð sem þarf að huga að tímanlega. Sérfræðingar vilja meina að kökuna sé best að vökva reglulega með rommi í að minnsta kosti mánuð svo það fer hver að verða síðastur að byrja.



Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447




# Jólahlaðborð Perlunnar

*20. nóvember - 30. desember*

Lifandi tónlist: *Þrjár raddir* alla fimmtudaga og sunnudaga, *Þórir Baldurs og Óli Sveinn Jónsson* alla föstudaga og laugardaga.

Verð 7.250 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*6.250 kr.*

23. des. Skötu- og jólahlaðborð í hádeginu
1. jan. Nýárskvöldverður Perlunnar
6. jan. Þrettándakvöld í Perlunni
*Sannkölluð þrettándastemmning!*
*Flugeldar og „Allt í steik" seðillinn!*

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is



Ragnhildur Benediktsdóttir notar íslenskar jurtir í matargerð og útbýr lifrarpylsu úr hreindýralifur og fjallagrösum.
MYND/ÖRLYGUR HNEFILL

# Eldsúrt hreindýraslátur

**Ragnhildur Benediktsdóttir er tilraunaglöð í eldamennskunni og notar íslenskar jurtir og grös. Hreindýralifrarpylsa með íslensku byggi og fjallagrösum er einn af hennar sérréttum.**

„Ég hef alltaf gert tilraunir með mat og ég notaði mikið jurtir sem ég fann uppi í fjalli meðan ég var bóndi uppi í Jökuldal," segir Ragnhildur Benediktsdóttir en hún matreiddi hreindýralifrarpylsu fyrir Fréttablaðið.

Í lifrarpylsuna notar Ragnhildur íslenskt byggmjöl sem er ræktað fyrir austan, fjallagrös og lítið af mör sem hún segir hægt að sleppa alveg og nota í staðinn bankabygg frá Móður náttúru. „Þeir sem eru ekki hrifnir af mör geta notað bankabyggið í staðinn en það þarf að leggja í bleyti. Svo koma fjallagrösin mikið til í staðinn fyrir mjöl. Hreindýralifrin er líka aðeins bragðsterkari en lambalifur."

Ragnhildur vill alls ekki gefa upp hvaða matur er í uppáhaldi hjá henni, segir hann svo óhollan að hún geti ekki gert það opinbert. Hún er hrifin af lambakjöti og nýjum fiski og segist dugleg að elda.

„Ég á fjögur börn svo það segir sig sjálft að það kemur af sjálfu sér," segir hún hlæjandi. „Lambakjötið var oft á borðum þegar ég var með búskap og alltaf heit máltíð einu sinni á dag. Ég held því áfram þó ég sé hætt að búa og tel það bara nauðsynlegt fyrir vinnandi fólk. Svo geri ég sultur og hrútaberja- og krækiberjalíkjör sem er gott að fá sér með hráu hangikjöti. "

Ragnhildur fer á grasafjall á hverju ári upp á Jökuldalsheiði. Hún segir misjafnt bragð af jurtunum eftir árstíma og hún hafi lært á þær með því að smakka sig áfram. „Að sumu leyti hef ég hollustuna bak við eyrað en þetta er kannski frekar löngun til að gera eitthvað öðruvísi. Það er hægt að nota allar jurtir. Margar tilraunir hafa samt mislukkast gjörsamlega hjá mér en hreindýraslátrið tókst vel."

Meðlætið með hreindýraslátrinu er það sama og með hefðbundnu slátri. Kartöflustappa eða uppstúfur og soðnar kartöflur. „En það er langbest eldsúrt, sérstaklega til að hressa sig á heitum sumardögum."

*heida@frettabladid.is*

**Íslensk hrísgrjón!**

Við hjá Nings erum afar stolt af því að geta boðið upp á ljúffenga og bráðholla rétti þar sem uppistaðan er íslenskt lífrænt ræktað bygg. Byggið er ræktað af Eymundi bónda í Vallanesi á Héraði og kallar hann byggið ***„hrísgrjón norðursins"***.



| Næringargildi í 100g af byggi | |
|---|---|
| Orka kkal. | 319 |
| Orka kj. | 1334 |
| Prótein | 11,8 |
| Kolvetni | 65 |
| Fita | 1,9 |
| Trefjar | 12,3 |

Íslenskt bygg með kjúklingi, grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
Kynningartilboð lítill 590 kr. | stór 990 kr.

Íslenskt bygg með grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
Kynningartilboð lítill 390 kr. | stór 690 kr.

Viðskiptavinum stendur einnig til boða að fá íslenskt bygg í stað hvítra hrísgrjóna í flesta rétti sem Nings býður upp á.

www.nings.is

TRANS FITA · LO SALT · MSG

NINGS

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899

**MUSIK.IS** er vefur þar sem hægt er að finna upplýsingar um fjölda tónlistarskóla á Íslandi sem og í öðrum löndum. Á vefnum má einnig finna námsefni, söngtexta, gítargrip og upplýsingar um stök námskeið.




**teg. 42027** - mjúkur og styður samt vel í CDE skálum á kr. 3.850,- buxur í stíl á kr. 1.950,-



**MISTY** - LAUGAVEGI 178, 105 REYKJAVÍK sími 551-3366 misty@misty.is www.misty.is opið mán-fös kl **10-18** lau kl.**10-14**

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is



FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Endurmenntun Háskóla Íslands býður spennandi námsleiðir fyrir þá sem kjósa hagnýtt háskólanám með fullu starfi.

# Nýjar námsbrautir hjá Endurmenntun

**Um áramótin mun Endurmenntun Háskóla Íslands taka inn nýnema á sjö námsbrautir, þar af tvær nýjar.**

Endurmenntun HÍ býður sem fyrr fjölda námsbrauta sem sniðnar eru að þörfum þeirra sem sinna fullu starfi en vilja bæta við sig hagnýtu námi á háskólastigi. Námsbrautin Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun hefur notið gífurlegra vinsælda undanfarin ár og hefst á ný á vormisseri. Sama er að segja um námsbrautirnar rekstrar- og viðskiptanám og mannauðsstjórnun sem allar verða í boði í fjarnámi. Tvær nýjar námsbrautir hefjast einnig á vormisseri en það eru breytingastjórnun og kostnaðarstjórnun- og greining. Jafnframt verða teknir inn nýnemar í Þjónustustjórnun og Gæðastjórnun.

Tekið er við umsóknum til 24. nóvember.

*- þlg*

# Andað af bjartsýni

**Streitulosandi og bjartsýnisgefandi öndunartækni er nú kennd á námskeiði í Varmárskóla.**

Art of Living-samtökin standa fyrir öndunarnámskeiði í Varmárskóla í Mosfellsbæ dagana 20. til 25. nóvember. Öndunartæknin hefur gefið góða raun sem áfallahjálp, meðal annars í flóðunum í Asíu fyrir nokkrum árum og eftir hörmungarnar í stríðinu í Kosovo.

Námskeiðið er kennt frá klukkan 19 til 22 á virku dögunum, en frá 10 til 16 um helgina. Það eina sem hafa þarf meðferðis er jógamotta, teppi, þægilegur klæðnaður og vatnsflaska.

Verð á námskeiðið er lækkað vegna ástandsins í þjóðfélaginu og fólk hvatt til að mæta.

*- þlg*



Margir þjást nú af streitu í íslenskum veruleika, en nota má öndunartækni til að losa um streitu og auka bjartsýni.




zetor

Ný t

Tæknimenntaskólinn
- Almenn námsbraut
- Náttúrufræðistúdent - Flugtækni
- Náttúrufræðistúdent - Skipstækni
- Náttúrufræðistúdent - Raftækni
- Náttúrufræðistúdent - Véltækni
- Stúdentspróf af list- og starfsnámsbrautum
- Tæknistúdentspróf (frumgreinanám)

Byggingatækniskólinn
- Veggfóðrunar- og dúklagningabraut
- Tækniteiknun
- Múrsmíðabraut
- Málarabraut
- Húsgagnasmíðabraut
- Húsgagnabólstrun
- Húsasmíðabraut
- Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina

# Gegnir draumastarfinu

**Stundum geta áhugamál og menntun tvinnast skemmtilega saman en sú er raunin hjá Gísla Rafni Ólafssyni tölvunarfræðingi sem starfar hjá alþjóðadeild Microsoft og ferðast víða um heim.**

„Ég vinn hjá alþjóðadeild Microsoft og starfið mitt felst í að vinna með alþjóðastofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum, Evrópusambandinu, NATO, Rauða krossinum og fleirum í því að nýta betur tölvutæknina í viðbrögðum við náttúruhamförum,“ segir Gísli Rafn Ólafsson, tölvunar- og efnafræðingur.

„Við horfum bæði á það hvernig hægt er að fyrirbyggja hluti eða draga úr afleiðingum. Það getur falist í að hjálfa fólk upp í að bregðast fyrr við og svo horfum við líka á hvernig viðbragðið sjálft er þegar eitthvað gerist og hvernig hægt er að bæta það með hjálp tölvutækninnar. Þá er til dæmis hægt að nýta tölvutæknina til að miðla betur upplýsingum sín á milli,“ útskýrir Gísli áhugasamur. „Þegar ekki eru náttúruhamfarir þá fer ég á milli þessara stofnana og vinn með þeim í að byggja upp og búa til lausnir sem menn geta nýtt sér þegar eitthvað gerist. Ég bendi þeim á leiðir og dreg inn hópa innan Microsoft sem eru í því að þróa og hanna og tengi þá við alþjóðastofnanir þannig að þeir vinni saman,“ segir Gísli og nefnir að til að sinna þessu starfi þurfi mjög breiða þekkingu á efninu til að geta útskýrt það á mannamáli fyrir samstarfsaðilum.

„Í augnablikinu er ég staddur í Bandaríkjunum, í næstu viku verð ég í Asíu og fyrir tveimur vikum síðan var ég í Afríku þannig að ég held því fram að ég haldi uppi flugfélögunum,“ segir Gísli og hlær en hann ferðast víða vegna vinnu sinnar. „Það sem er gaman við þetta er að undanfarin fimmtán ár hef ég verið tengdur björgunarstarfi í gegnum Slysavarnafélagið Landsbjörg sem sjálfboðaliði. Í gegnum það tengdist ég síðan sveit sem


Gísli ferðast um allan heim í tengslum við starf sitt hjá Microsoft og hér er hann staddur í Kenýa. MYND/ÚR EINKASAFNI

Sameinuðu þjóðirnar eru með og er kölluð út þegar það eru stóráföll. Nú er ég hins vegar búinn að tengja saman áhugamálið og vinnuna þannig að maður veit aldrei hvenær maður er í vinnunni og hvenær maður er að stunda áhugamálið,“ útskýrir Gísli spenntur og nefnir að toppurinn sé að geta tengt þetta allt saman og námið líka.

„Ég útskrifaðist úr Kaupmannahafnarháskóla með BS-gráðu í tölvunarfræði og MSc í efnafræði og nú nýtist námið mér í starfinu sem og áhugamálið. Þannig verður vinnan skemmtileg þegar þú vaknar á hverjum morgni og finnst áhugavert það sem þú ert að fara að gera á daginn,“ segir Gísli glaðvær og bætir við að ef hann hefði ekki haft þetta áhugamál hefði hann aldrei lent í þessu skemmtilega starfi sem hann nú gegnir. „Ég hef verið í þessu starfi í eitt og hálft ár en mér bauðst það í gegnum sjálfboðastarf mitt hjá Sameinuðu þjóðunum. Þá var Microsoft einmitt að leita að starfsmanni til að hjálpa stofnunum á borð við Sameinuðu þjóðirnar í því að nýta tölvutækni í tengslum við náttúruhamfarir. Segja má að ég hafi verið réttur maður á réttum stað á réttum tíma.“

*hrefna@frettabladid.is*


Kommóður
á tilboði


kr. 21.800


kr. 14.900


kr. 10.900


kr. 15.900

Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

Auglýsingasími 512 50 50
Fréttablaðið – Mest lesið

ækifæri

**Raftækniskólinn**
- Grunnnám rafiðna
- Grunnnám rafiðna - hraðferð
- Kvikmyndasýningastjórnun
- Rafeindavirkjun
- Rafveituvirkjun
- Rafvélavirkjun
- Rafvirkjun
- Hljóðtækni

**Fjölmenningarskólinn**
- Sérdeildir
- Nýbúabraut

**Hársnyrtiskólinn**
- Hársnyrtiðn

**Upplýsingatækniskólinn**

Upplýsinga- og fjölmiðlabraut
- Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina
- Bókband
- Grafísk miðlun (prentsmíð)
- Kvikmyndagerð
- Ljósmyndun
- Prentun

Tölvubraut
- Forritun, nettækni, tölvutækni

Margmiðlunarskólinn

**Skipstjórnarskólinn**
- Skipstjórn A (< 24 metrar)
- Skipstjórn B (< 45 metrar)
- Skipstjórn C (Öll fiskiskip + 3000 BT)
- Skipstjórn D (Öll skip, alþjóðaréttindi)

**Véltækniskólinn**
- Vélstjórn A (VA og ≤750 kW)
- Vélstjórn B ( ≤1500 kW)
- Vélstjórn C ( ≤3000 kW)
- Vélstjórn D (Vélfræðingur)

**Hönnunar- og handverksskólinn**
- Grunnnám fataiðnbraut
- Fatatæknir
- Almenn hönnun
- Almenn hönnun – hraðbraut
- Fataiðnbraut - kjólasaumur
- Fataiðnbraut - klæðskurður
- Gull- og silfursmíði
- Handverkshönnun

**Endurmenntunarskólinn**
- Meistaraskólinn, dagskóli
- Meistaraskóli, kvöldskóli
- Framleiðslustjórnun
- Lýsingarfræði
- Mótun
- Rafeindavélfræði
- Diplóma nám í rekstri og stjórnun
- Hljóðtækni

**Flugskóli Íslands**

Næstu námskeið
- Bóklegt einkaflugmannsnámskeið
- Bóklegt atvinnuflugmannsnámskeið
- Flugkennaranámskeið
- MCC námskeið

Skráning hafin á www.flugskoli.is

**Innritun í dagskóla fyrir vorönn 2009 lýkur 21. nóvember.**
Innritun í kvöldskóla og fjarnám lýkur 30. desember. Allar nánari upplýsingar á **www.tskoli.is** og í síma **514 9000**.
Aðstoð við innritun verður frá kl. 12-16 dagana 20. og 21. nóvember (fimmtudag og föstudag) á Skólavörðuholti.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



**AFGANGAR** geta verið herramannsmatur ef þeir eru notaðir í matarmiklar súpur eða eggjakökur. Kartöflur, pasta, kjötálegg og alls konar grænmeti er allt matur sem gott er að nota.


NÝR STAÐUR Í HJARTA BÆJARINS

ÚTSÝNISFERÐ FYRIR BRAGÐLAUKANA



BORDAPANTANIR Í SÍMA +354 595 8545





Ingólfsstræti 1 . 101 Reykjavík . www.panoramarestaurant.is

panorama restaurant






Rúnar Marvinsson matreiðslumaður gefur út bókina Náttúran sér um sína, með glensi innan um mataruppskriftir. Hann dreifir bókinni sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Gaspur og gamansögur

**Náttúran sér um sína er titill matreiðslubókar eftir Rúnar Marvinsson þar sem hann blandar uppskriftum með hráefni úr náttúrunni saman við gamanmál. Bókin er væntanleg á markað á næstu dögum.**

„Við fengum fyrstu tvö eintökin í hendurnar í gær og ég reikna með að hún komi út á næstu dögum,“ segir Rúnar Marvinsson, matreiðslumaður og höfundur matreiðslubókarinnar Náttúran sér um sína. Útgáfufyrirtækið White River gefur bókina út.

Í bókinni eru uppskriftir þar sem hráefni sem finnst úti í náttúrunni er nýtt. „Ég hef haft það að leiðarljósi að bruðla ekki mikið, það er óþarfi að venja sig á það. Ég nota það sem náttúran hefur upp á að bjóða, allt frá kryddjurtum yfir í þörunga.“

Í bókinni fer Rúnar gegnum feril sinn í matreiðslunni. Hann vill ekki kannast við að hafa alltaf haft að leiðarljósi að nýta það sem til var og hafi þurft að læra hlutina eins og aðrir. „Í byrjun var ég bara eins og hver annar skussi og skunkur og kunni ekki neitt. En áhuginn á auðlindum náttúrunnar kom svo með reynslunni.“

Innan um uppskriftirnar er að finna gamanmál sem Rúnar segir krydda lesturinn og sumar sögurnar jaðri við að vera óprenthæfar „Þetta er hálfgert gaspur. Ég var nú til sjós í gamla daga og þar var viðhafður gálgahúmor. Þegar ég var að byrja á sjónum var fyrsta viðurkenningin sem ég fékk fyrir matreiðslu: „Komdu með kaffið, kokkfjandi, ég þarf að losna við óbragðið úr kjaftinum!“ En síðar á lífsleiðinni sagði fólk: „Nei takk, ég vil ekki kaffi til að skemma ekki góða bragðið í munninum“. Þá fór ég að trúa því að ég hefði kannski eitthvað lært, að minnsta kosti eitthvað skánað.“

*heida@frettabladid.is*



Myndirnar í bók Rúnars eru teknar af Áslaugu Snorradóttur ljósmyndara.


# Spennandi nám, miklir atvinnumöguleikar

Raftækniskólinn kynnir



zetor

## Grunnám rafiðna - Hraðdeild

Undirbúningur fyrir framhaldsnám í rafiðngreinum. Tekur tvær annir í stað fjögurra. Inntökuskilyrði er stúdent eða sambærileg menntun.

## Rafeindavirkjun

Menntun í rafeindavirkjun gefur mikla atvinnumöguleika í raf- og hátækniiðnaði. Menntun í rafeindavirkjun er góður undanfari fyrir rafmagnstækni- eða rafmagnsverkfræðimenntun.

*Tölvur, netkerfi, staðarnet, víðnet, hub, switch, router, rauntímanet, IP, VHF, GPS, radar, AIS Linux, Windows, jaðarbúnaður, loftnetskerfi, fjarskiptakerfi, iðnstýringar, radíófjarskipti, sjónvarp, hljóð, video streaming, miðlun, hátækni, LCD, Plasma, CanOpen, I2C, forritun.*

## Rafvirkjun

Menntun í rafvirkjun gefur mikla atvinnumöguleika í raf- og hátækniiðnaði. Menntun í rafvirkjun er góður undanfari fyrir nám á hærra skólastigi.

*Raflagnir, stýringar, lýsing, segulliðar, PLC tölvur, forritanlegt raflagnaefni, tengi, dósir, kló, innstunga, lekaliði, útsláttaröryggi, símkerfi, tölvulagnir, reglugerðir um raforkuvirki, tæknilegir tengiskilmálar, raflagnateikning, loftstýringar, rökrásastýringar, stjórnbúnaður, rafalar, rafmótorar, spennar, rafdreifikerfi.*

www.tskoli.is/skolar/raftaekniskolinn/

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 21. nóvember 2008

Ingibjörg Reynisdóttir leikkona og rithöfundur er búin að skrifa sína aðra bók. Hún veit að þeir fiska sem róa.

## BÍÐUR EKKI EFTIR TÆKIFÆRUNUM

### GLÆSIÍBÚÐ Á 85 MILLJÓNIR

Ármann Þorvaldsson vill selja íbúð sína í Skuggahverfinu.

### EINAR FANN DRAUMAHÚS Í NJARÐVÍK

Athafnamaðurinn Einar Bárðarson sér til þess að hjól atvinnulífsins snúist.

### HERRALÍNAN ATIKIN SLÆR Í GEGN

Rúnar og Heiða í Nikita eru komin með nýja línu á markað.


Mizú

SNYRTI- NUDD OG FÓTAAÐGERÐASTOFA

Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • sími 551 1050 • www.mizu.is

Andlitsmeðferðir
Handsnyrtingar
Fótsnyrtingar
Vaxmeðferðir
Líkamsmeðferðir
Nuddmeðferðir
Tattoo
Förðun




# núna

✻ eru einhverjir á lausu?

## BRYNJA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR

„Maðurinn minn er búinn að vera í tökum alla vikuna svo að ég og sonur minn, Baltasar Logi, ætlum að njóta þess að vera með honum um helgina. Ég ákvað í byrjun nóvember að ég ætlaði að skreyta þessa helgi svo að hjá okkur verður tekið forskot á jólin, spilaður Bing Crosby og hengdar upp jólaseríur. Veitir ekki af í þessu þunglyndi sem ríkir í landinu.“



### Brúðkaup ársins

Magnús Stephensen, fyrrverandi forstjóri XL Leisure Group, lét kreppuna ekki stoppa sig þegar hann gekk að eiga kærustu sína til margra ára, Bergljótu Þorsteinsdóttur, fyrrverandi flugfreyju og ljósmyndara. Parið er búið að vera saman í nokkur ár og eiga tvo drengi saman. Veislan fór fram í Dómkirkjunni en veislan sjálf var haldin á Hilton. Brúðkaupsveislan var standandi með girnilegum pinnamat og Föstudagur hefur heimildir fyrir því að á stuðmælikvarðann slái hún brúðkaupi ársins 2007 út þegar Jón Ásgeir gekk að eiga Ingibjörgu Pálmadóttur. Það er kannski ekki svo skrýtið að halda því fram því brúðkaup Magnúsar og Bergljótar fór fram á ársbrúðkaupsafmæli Jóns Ásgeirs, 15. nóvember.



### Margrét keypti kjólinn

Þetta HELST

Mikil leynd hefur hvílt yfir því hver hafi keypt Bjarkarkjólinn sem boðinn var upp á SUK-markaðnum í Perlunni í ágúst. Kjóllinn, sem er eftir Matthew Williamson, var sleginn á 120 þúsund krónur. Það voru ákveðin vonbrigði að kjóllinn færi ekki fyrir hærri upphæð því sambærilegir kjólar eftir hönnuðinn eru mun meira virði. Það var hins vegar Margréti Írisi Baldursdóttur í hag að enginn yfirbauð hana. Fyrir þá sem ekki þekkja Margréti er hún unnusta Magnúsar Ármanns fjárfestis.



**Lúxusíbúð Ármanns Þorvaldssonar er föl fyrir 85 milljónir**

# DREGUR SAMAN SEGLIN

Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi forstjóri, Singer & Friedlander, dótturfélags Kaupþings í Lundúnum, hefur sett glæsiíbúð sína að Vatnsstíg 21 á sölu. Innlit í íbúðina birtist í tímaritinu Veggfóðri í janúar 2006 en íbúðin vakti mikla athygli fyrir glæsileika. Hún er hönnuð í hólf og gólf af stjörnuarkitektinum, Rut Káradóttur, og var ekkert til sparað við hönnun íbúðarinnar. Í greininni í Veggfóðri segir að Rut hafi leitast við að sýna samtímalegt útlit sem á rætur að rekja til mínimalisma tíunda áratugarins. Gólfefni eru kasmírhvítt granít og parketið er svartbæsuð eik. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, annaðhvort hvítar háglans eða úr svartbæsaðri eik. Íbúðin er ekki bara glæsilega hönnuð heldur er innbúið ekki af verri endanum, þar er leðurklæddur Svanur Arne Jacobsen, Uxi Hans J. Wegner, græjur frá Bang&Olufsen, stólar frá B&B Italia auk glæsilegra listaverka.

Íbúðin er 164,7 fm og er á 10. hæð með svölum til suðurs og vesturs. Íbúðin er mjög björt og lofthæð er meiri en almennt gerist. Íbúðin skiptist í forstofu, tvær svefnálmur sem í eru tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi og þvottahús, borðstofu, stofu, sjónvarpsstofu, eldhús og 16,4 fm svalir. Í sameign er sérgeymsla og hjólageymsla, ásamt sérbílastæði í bílageymslu.

Þar sem Ármann hefur verið búsettur í Lundúnum hefur hann aðeins notað íbúðina þegar hann hefur verið á landinu.

Í október 2006 festi Ármann kaup á 371 fm húsi við Dyngjuveg 2 í Reykjavík. Frá því hann fékk húsið afhent í maí 2007 hafa framkvæmdir staðið yfir en þeim er ekki nærri lokið. Húsið stendur því eins og hálfgert draugahús innan um allar villurnar í Vesturbrún.




**Veggfóður** Myndir úr íbúðinni birtust í tímaritinu Veggfóðri í janúar 2006 og vöktu mikla athygli.



**Vatnsstígur 21** Glæsileikinn drýpur af hverju strái en stjörnuarkitektinn Rut Káradóttir hannaði íbúðina.



**Það bar mikið á Ármanni Þorvaldssyni í góðærinu en talið er að hann hafi haldið hressustu áramótapartíin í Lundúnum en hann fékk til dæmis Duran Duran og Tom Jones til að syngja fyrir sig.**



**Dyngjuvegur 2** Ármann keypti húsið í október 2006. Framkvæmdir hafa staðið yfir síðan hann fékk húsið afhent í maí 2007 og ekki sér enn fyrir endann á þeim.


Árangur fer eftir gæðum

Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®

Aukið úthald, þrek og betri líðan




**Gott fyrir ræktina og mikið álag.**
Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu.
Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni.

www.celsus.is


Eygló Harðardóttir tekur sæti Guðna Ágústssonar

# Eiginmaðurinn lætur hlutina ganga upp

Maður er ekki alveg búinn að átta sig á þessu,“ segir Eygló Harðardóttir sem tekur sæti á Alþingi í kjölfar afsagnar Guðna Ágústsonar. „Ég var á leiðinni á Kirkjubæjarklaustur þegar ég frétti þetta og var vinsamlegast beðin um að stoppa bílinn svo ég keyrði ekki út af. Síðan þá hef ég nánast verið í símanum,“ segir Eygló en hún sat á Alþingi í þrjár vikur á síðasta kjörtímabili og segir þingmennskuna leggjast vel í sig. „Það er mikil nýliðun hjá okkur og nú erum við fjórar konur af sjö, svo þetta er í fyrsta sinn sem konur eru í meirihluta í blönduðum flokki,“ segir Eygló, en meðalaldur flokksins hefur einnig lækkað töluvert við umskiptin.

Eygló verður í Reykjavík og í Suðurkjördæminu á virkum dögum, en fer heim til Vestmannaeyja um helgar þar sem hún á tvær dætur sem eru átta og tveggja ára. „Við Sigurður E. Vilhelmsson, maðurinn minn, erum harðákveðin í því að búa í Eyjum og teljum hvergi betra að ala upp börn,“ útskýrir Eygló. „Hann hefur alltaf stutt mig í því sem ég geri og ætlar að gera það áfram.“

*- ag*



**Á þing** Eygló er búsett í Vestmannaeyjum svo hún mun ferðast reglulega til og frá meginlandinu þegar hún hefur störf á Alþingi.

✻ augnablikið



**Beyoncé** var svartklædd frá toppi til táar þegar hún mætti í MTV-stúdíóið í New York í vikunni, í níðþröngum leðurbuxum.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is* **Penni** Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Fullar verslanir af
nýjum jólavörum
Ekki missa af !
Kjóll 7500
VERO MODA
SMÁRALIND - KRINGLAN


Vinsælu Daisy
bolirnir komnir aftur
í nýjum litum
Kjóll 6990
VILA
SMÁRALIND

# núna

✻ hvar fær maður svona gardínur?

## FLOTTUSTU STÍGVÉL Í HEIMI

Þessi æðislegu lakkstígvél fást hjá Þráni skóara á Grettisgötunni. Það góða við skóna hjá Þráni er að fólk getur gengið að gæðunum vísum og svo er verðinu stillt í hóf. Það þarf því hvorki að gefa handlegg eða nýra fyrir þessa!





**Erlutjörn**
Einar segir að í Njarðvík fái fólk mikið fyrir peninginn og það sé örstutt að fara í bæinn.

Einar Bárðarson er fluttur í framtíðarhúsnæðið

## Heldur hjólum atvinnulífsins gangandi

Athafnamaðurinn Einar Bárðarson lætur ekki deigan síga þótt það kreppi að. Í síðasta mánuði skipti hann á íbúð sinni fyrir draumahúsið við Erlutjörn í Njarðvík. Þegar Einar er spurður að því hvort húsakaupin hafi ekki verið glapræði á tímum sem þessum segir hann í gríni að hann sé að halda hjólum atvinnulífsins gangandi. „Þessi kaup voru búin að vera lengi í burðarliðnum, fólkið sem við keyptum af tók íbúðina okkar upp í. Í fyrra seldum við hæð sem við áttum í Vesturbænum í Reykjavík og keyptum okkur íbúð sem við ætluðum bara að búa í í smá tíma. Núna vildum við taka skrefið til fulls," segir Einar og bætir því við að á Reykjanesinu fái fólk meira fyrir peninginn og Njarðvík sé í raun eins og úthverfi frá Reykjavík. „Við skoðuðum mikið af húsum víðs vegar hérna á svæðinu. Okkur leist svo vel á þetta hús því hér var allt tilbúið og við þurftum ekki að fara út í neinar æfingar. Það hentar vel þegar maður er að passa upp á þann litla aur sem maður á eftir í buddunni," segir Einar, alsæll í Njarðvík.








# EDDUGESTIR VORU PRÚÐBÚNIR OG ELEGANT

Edduverðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn í Háskólabíói síðastliðið sunnudagskvöld. Þótt verðlaunin væru örlítið smærri í sniðum en venjulega spillti það ekki gleðinni sem ríkti á hátíðinni.

*- mmj*



**Hljómsveitarskvísur**
Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona er hér ásamt Ragnhildi Gísladóttur og Birki Kristinssyni. Þær stöllur eru saman í gamansveitinni Heimilistónum en lögin þeirra fá fólk til að brosa hringinn.



**Hafnarfjarðartískan er appelsínugul**
Pacas og Beggi tóku sig vel út með Þorgerði Katrínu. Þau þrjú eiga það sameiginlegt að búa öll í Hafnarfirði og því má velta fyrir sér hvort appelsínugulur sé nýi bæjarliturinn?



**Smarta fólkið**
Hin undurfagra Nadia Banine er hér með tvo stæðilega menn, Sigfús Sigurðsson og Arnar Gauta Sverrisson.



**Glæsileg**
Rithöfundurinn Gerður Kristný skartaði kjól frá Diane von Furstenberg en taskan er frá hinni ítölsku Prödu. MYNDIR/VALLI



**Allt í gríni**
Baggalúturinn Karl Sigurðsson mætti með Kastljósdrottningunni Elsu Maríu Jakobsdóttur sem skartaði flottustu sokkum norðan Alpafjalla.



**Myndarlegt kærustupar**
Ilmur Kristjánsdóttir leikkona mætti með kærastanum, Magnúsi Viðari Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Saga Film, á Edduna. Ilmur klæddist kjól og húfu frá hönnuðinum Steinunni Sigurðardóttur en hún er einmitt systir Magnúsar Viðars.


40%
afsláttur
kistur
og skrín
Okkar hugmynd að
jólagjöf
á lægra verði
30%
afsláttur
af öllum
speglum
30%
afsláttur
af öllum
kertum
til jóla
the PIER
tilboðin gilda frá 21 til 27 nóv
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# ÞARF STÖÐUGT AÐ KOMA SJÁLFRI SÉR Á ÓVART

**Leikkonan *Ingibjörg Reynisdóttir* segir að tækifærin hafi ekki gargað á sig síðan hún kom heim úr leiklistarnámi. Hún hefur þó með seiglunni náð góðum árangri og sannað það að þeir fiska sem róa. Síðustu ár hefur hún ræktað rithöfundinn innra með sér og nú er hún búin að skrifa sína aðra unglingabók, Rótleysi, rokk og rómantík.**

*Viðtal:* **Marta María Jónasdóttir**
*Ljósmyndir:* **Arnþór Birkisson**



Leikkonan, rithöfundurinn og fótaaðgerðafræðingurinn Ingibjörg Reynisdóttir virðist hafa töluvert meiri tíma en gengur og gerist hjá öðrum. Eftir að hafa lært fótaaðgerðafræði togaði leiklistin í hana. Árið 1995 hélt hún á vit ævintýranna og hóf leiklistarnám í Kaupmannahöfn við Den Ny Dramaskole – Center for the performing arts. Skólavistin var ævintýri líkust og eftir að hún kom heim hefur hún leikið með sjálfstæðum leikhópum, í sjónvarpi og bíómyndum. Í haust sá þjóðin aðeins meira af Ingibjörgu þegar hún lék svaðalegt glæpakvendi í Svörtum englum. „Það var gaman að fá svolítið bitastætt og skemmtilegt hlutverk. Það var alveg frábært að vinna með Óskari Jónassyni. Hann er alger draumaleikstjóri. Þetta var ótrúlega skemmtilegt tækifæri og vonandi verður meira af þessu í framtíðinni.“

Í Svörtum englum stóð Ingibjörg frammi fyrir eldraun þegar hún fækkaði fötum í nokkrum senum. Þegar hún er spurð að því hvort það hafi ekki verið erfitt að koma nakin fram segir hún það blendið. „Þegar ég las handritið fékk ég smá í magann og tilhugsunin var ekkert sérlega góð framan af. Þegar við vorum komin í senurnar var þetta auðveldara en mig hafði grunað. Það var svo vel að öllu staðið og leikstjórinn var sérstaklega nærgætinn. Hann ræddi við okkur áður og við gátum aðeins farið yfir þetta. Svo er þetta bara svo rosalega mikið feik og langt frá raunveruleikanum. Við vorum alveg ber og allt það en ég var í slopp þegar ég hoppaði upp í rúm og klæddi mig úr honum undir sænginni. Mótleikari minn gerði slíkt hið sama og svo þegar tökur hófust var bara dengt sér í stöðu og sængin dregin af. Þetta hefði kannski verið erfitt ef ég hefði þurft að fara í rosalegt aksjón í rúminu. Þetta var nú bara gamli góði trúboðinn og því einfaldleikinn í fyrirrúmi.“

### SKAPAR SÍN EIGIN TÆKIFÆRI

Þegar Ingibjörg var í leiklistarnámi dundaði hún sér við að skrifa handrit að bíómynd. Hún segir aðalástæðuna vera þá að hún hafi ekki ætlað að vera atvinnulaus þegar hún kæmi heim úr námi. „Ég var svo græn, ætlaði aldeilis að vera búin að skapa sjálfri mér vinnu þegar ég kæmi heim með því að skrifa flott kvenhlutverk í handritið. Þetta kvikmyndahandrit var því vaðandi í svakalega djúsí kvenhlutverkum,“ segir hún en segir jafnframt að það hafi reyndar aldrei komist neitt lengra, hafi strandað á Kvikmyndasjóði. Eftir töluverðan barning missti hún áhugann enda ekki hlaupið að því fyrir hana að fá styrki, algerlega óþekkt og reynslulaus. Það leið þó ekki á löngu þar til hún settist aftur við skriftir og þá varð til leikritið Móðir mín, dóttir mín. „Ég skrifaði það einnig til að skapa sjálfri mér tækifæri og halda mér við sem leikari því þá var orðið svolítið síðan ég hafði leikið á sviði. Mig langaði til að leika hlutverk sem væri krefjandi og þess vegna skrifaði ég þetta hlutverk fyrir sjálfa mig sem spannaði allan tilfinningaskalann.“

Ingibjörg hefur hingað til ekki beðið eftir að tækifærin detti af himnum ofan. Þegar hana hefur þyrst í spennandi verkefni hefur hún yfirleitt búið þau til sjálf. Í fyrra kom hún sjálfri sér á óvart þegar hún skrifaði unglingabókina Strákarnir með strípurnar ásamt dóttur sinni, Lovísu Rós Þórðardóttur. Mæðgurnar dunduðu sér við skrifin á kvöldin sér til skemmtunar og Ingibjörg segir að bókin hafi aðallega verið skrifuð uppi í rúmi. „Við fengum ákaflega góð viðbrögð og því langaði mig til að skrifa meira. Eftir áramótin ákvað ég að taka skrifin föstum tökum og líta á þau sem alvöru starf. Bókin Rótleysi, rokk og rómantík er afraksturinn af því,“ segir Ingibjörg . Þegar hún var að skrifa bókina mætti hún samviskusamlega upp í Þjóðarbókhlöðu með tölvuna sína. Bókin Rótleysi, rokk og rómantík er sjálfstætt framhald af Strákunum með strípurnar. Í nýju bókinni eru aðalpersónurnar komnar í menntaskóla og hvert ævintýrið rekur annað. „Þetta er samtímasaga sem unglingarnir geta speglað sig í. Þeir þekkja það sem er í gangi og þá staði sem stundaðir eru, til dæmis koma Myspace og Facebook við sögu, Prikið og Hressó, msn og sms,“ segir Ingibjörg.

### ELSKAR AÐ GRAFA EFTIR TILFINNINGUM

Ingibjörg viðurkennir að hafa legið svolítið mikið á Netinu meðan á bókaskrifunum stóð til að fá sem besta innsýn inn í


NÚ ERU JÓLIN AÐ KOMA!



E-MAXX ER GEGGJAÐ RAFMAGNS FJÓRHJÓLADRIFIÐ LEIKTÆKI SEM SVÍKUR ENGANN.

DÓT FYRIR STÓRA STRÁKA.

LÁTTU ÞETTA EKKI VANTA Í JÓLAPAKKANN.

VDO Offroad Line

BORGARTÚN 36 • S:588 9747


## * bak við tjöldin

**Líkamsræktin:** Laugar, ég er misdugleg. Reyni að mæta 3-4 sinnum í viku.

**Diskurinn í spilaranum:** Dinah Washington er í uppáhaldi.

**Uppáhaldsmaturinn:** Tapas og ítalskt.



**Hvað tekur þú alltaf með þér í flugvél:** Tímarit, ég ligg í slúðrinu.






**Uppáhaldsbarinn:** Ölstofan er barinn minn.

**Mesta dekrið:** Andlitsbað og nudd á snyrtistofunni Eygló sem mamma mín á.

**Eftirminnilegasta sumarfríið:** Benidormferðin fræga með vinkonunum árið 1988.

líf unglinga. Hún segir að allar bloggsíðurnar sem hún hafi lesið hafi verið eins og himnasending hvað orðaforða og athafnir varðar. Spurð um næsta skref segir hún það fara svolítið eftir því hvernig þessi bók muni gera sig. „Ef vel gengur skrifa ég örugglega meira. Þessa dagana er ég að vinna að kvikmyndahandriti upp úr báðum bókunum með Júlíusi Kemp kvikmyndagerðarmanni. Stefnan er að gera kvikmynd eftir bókunum. Þetta er langt ferli og við erum í raun á byrjunarreit í handritsvinnunni. Við erum að undirbúa handritsumsókn til Kvikmyndasjóðs og svo er bara stíf keyrsla í skrifum fram undan.“ Það liggur beinast við að spyrja Ingibjörgu hvaða hlutverk hún ætli að leika í kvikmyndinni. „Ætli ég leiki ekki mömmuna, ef ekki það þá bara flottasta og mest djúsí hlutverkið, en þetta eru nú aðallega unglingar,“ segir hún og hlær og bætir við. „Annars finnst mér skemmtilegast að leika krefjandi hlutverk þar sem ég þarf að grafa eftir tilfinningum.“

Draumahlutverk? „Nei í rauninni ekki. Aðallega að vinna í skemmtilegum verkefnum með góðu fólki. Fá að taka þátt og vera með. Það er ekki auðvelt að koma úr námi og hlaupa beint inn í leikhúsin eða inn í kvikmyndaheiminn. Leikarar á Íslandi þurfa í mörgum tilfellum að sinna öðrum störfum með, þess vegna er hvert tækifæri dýrmætt. Ég er búin að taka leiklistarferilinn í miklum hænuskrefum og það er ekki eins og tækifærin hafi alltaf gargað á mig. Ég hef þurft að hafa fyrir því að koma mér á framfæri. Maður sáir fræjum og þegar öllu er á botninn hvolft er það kannski það fallega við þetta allt, yndislegt að uppskera um síðir,“ segir hún.

Líf Ingibjargar er þó ekki bara vinna og aftur vinna og fólk þarf að hafa tíma fyrir ævintýrin í lífinu. Eitt slíkt átti sér stað í október þegar Ingibjörg gekk að eiga kærasta sinn til margra ára, Óskar Gunnarsson. „Þetta brúðkaup var svolítið í takt við mig. Ég fékk bónorð í apríl og við ákváðum að gifta okkur í október því þá varð maðurinn minn fertugur. Þetta var svolítið dæmigert fyrir mig en brúðkaupið var eiginlega vikuna eftir að allt fór til andskotans. Það hefur komið fyrir áður að allt sé í hasar og þá er ég í mesta stuðinu. Brúðkaupsveislan heppnaðist vel enda fannst fólki notalegt að geta fengið sér í aðra tána þegar allt var á öðrum endanum.“

## SÖNGVASEIÐUR

**Jónína Leósdóttir rithöfundur**



Það þarf mjög lítið til að ég fari á innsogið. Ég er næstum óþægilega hrifnæm og verð daglega fyrir miklum áhrifum af öllu mögulegu í umhverfi mínu: Fólki, bókum, bíómyndum, málverkum, leikritum, tónlist, landslagi, fegurð, góðvild ... Þannig mætti lengi telja. Þess vegna hafa áhrifavaldarnir í lífi mínu bæði verið margir og margvíslegir.

Þegar ég fer í leikhús eða bíó fylgja hughrifin mér iðulega heim og stundum líða margir klukkutímar þar til ég hef stigið almennilega út úr verkinu. Þetta hefur bæði kosti og galla. Líklega sá ég t.d. kvikmyndina The Sound of Music einum of oft á unglingsárunum og náði ekki nægilegri raunveruleikatengingu á milli. Auðvitað getur verið ósköp gott að trúa á það góða í manneskjunni og að allt fari vel að lokum en söngvamynd frá Hollywood er kannski ekki besti undirbúningurinn undir lífið.

*- mmj*

ÁHRIFA-valdurinn








Ómissandi í nóvember: **Myrkrið og jólaljósin í lok mánaðarins.**

# útlit
✻ Hooywood-hvað?



**GUCCI BY GUCCI**

Nýjasti ilmurinn frá ítalska tískuhúsinu Gucci er það sem við þurfum þessa dagana. Gucci-ilmurinn er nútíma sítrus- og viðarilmur, eggjandi og kröftugur en um leið kvenlegur.

## ELDRI MENN



Einn af kostunum við að eiga eldri eiginmenn er að þeir eru yfirleitt búnir að hlaupa af sér hornin. Allavega ef konur hnjóta um þá eftir að þeir eru búnir að spila út (í fyrstu, annarri eða þriðju umferð). Þessir menn eru líka yfirleitt búnir að framkvæma hluti sem ungar konur nenna ómögulega að gera. Svo eru flestir eldri menn frekar heimakærir þannig að ungar konur með eldri menn þurfa yfirleitt ekki að hafa barnapíur á sínum snærum. Þeir gömlu eru hvort sem er heima.

**LITLA LÚXUSFRÚIN** Heima hjá mér hefur ansi oft verið gert grín að litlu „lúxusfrúnni" sem hefur aldrei upplifað að vera blankur núðluborðandi námsmaður í útlöndum á hjóli. Frasar á borð við „þegar ég var á pínum aldri" hljóma ansi oft og stundum væri auðvelt að gera sér í hugarlund að eiginmaðurinn væri fæddur í fyrri heimsstyrjöldinni en ekki við upphaf hippatímabilsins.

**HOLLYWOOD-TÍMABILIÐ** Þótt ég finni ekki fyrir því dagsdaglega að eiginmaðurinn sé töluvert eldri játa ég mig algerlega sigraða þegar Hollywood-tímabilið ber á góma. Þegar hann segir frá þessum skemmtistað hef ég það alltaf á tilfinningunni að annar eins staður hafi aldrei verið starfræktur og auðvitað trúi ég því blindandi. Um daginn kom aldur heimilisföðurins sér ansi vel þegar unglingurinn var á leið á 80's ball. Hún vissi ekki alveg hvernig hún ætti að vera en pabbinn gat svo sannarlega komið með góð ráð. Ekki bætti úr skák að móðir mín, sem var mikil diskódrottning, var líka á svæðinu og fóru hún og eiginmaðurinn alveg fram úr sjálfum sér í lýsingunum. Á tímabili voru þau farin að raula helstu smellina frá þessum tíma og þá var gott að eiga þjáningarsystur sem gat ranghvolft í sér augunum á sama tíma og ég sjálf.

**PITSUKAUP 1979** Þegar veitingastaðurinn Hornið ber á góma snýst hlutverkið við, þá verð ég þessi tuðandi sem er á leið á Hrafnistu og hann verður ungur og töff. Það gerðist eftir að eiginmaðurinn trúði mér fyrir því að hann hafi étið upp Tinna-safnið sitt um það leyti sem Hornið var opnað. Eiginmaður minn og vinur hans höfðu aldrei smakkað jafn ljúffengan mat og pitsur. Þeir brugðu því á það ráð að laumast með nokkrar Tinna-bækur að heiman, selja þær í fornbókabúð og fóru svo út að borða á Hornið fyrir ágóðann. Svona gekk þetta þangað til safnið var uppurið. Kannski ætti ég bara að skipta um skoðun og gleðjast yfir þessum tíma þar sem það er líklega komið aftur að núðlunum, slátrinu og bjúgunum. Nema náttúrlega að hann finni eitthvað bitastætt í bókaskápnum til að selja.

**Glamúr í förðun um jól og áramót:**

## GLITRANDI EYELINER OG RAUÐAR VARIR

Heitustu litirnir í augnskuggum og blýöntum núna eru gráir, silfur og muskulegir fjólubláir tónar sem eru blandaðir með gráum eða brúnum litum," segir Margrét Ragna Jónasardóttir, eigandi Make up Store. Margrét farðaði Ingibjörgu Egilsdóttur og sýndi okkur hvað er vinsælast í förðun um jólin og í vetur.

„Ég notaði léttan farða á Ingibjörgu og setti gráan, pínu fjólubláan og silfur á augun. Svo setti ég highlight undir augabrúnirnar, út á gagnaugað og á kinnbeinin, en það er að koma aftur inn ásamt mikilli augnmálningu um hátíðirnar. Svo eru glitrandi eyelineerar og rauðar varir algjört must," útskýrir Margrét sem hefur verið önnum kafin við að flytja verslun sína undanfarið niður á fyrstu hæð Kringlunnar þar sem Make up store hefur nú opnað í stærra rými, með séraðstöðu undir förðunarkennslu fyrir allt að tíu manns í senn.

„Það er mikið glamúr um jól og áramót í ár og rauði liturinn er afgerandi, bæði í varalit, fötum og skarti. Mér finnst það skemmtilegt því það hefur verið svo mikið gyllt undanfarin ár. Í haust eru líka búnir að vera meira gráir litir í alls kyns tónum með smá silfri," bætir hún við og segir dökkar neglur einnig vera mjög áberandi um þessar mundir. „Glitrandi lökk eru sérstaklega vinsæl. Svartir og fjólubláir litir eru allsráðandi núna og við höfum ekki undan að panta naglalökkin," segir Margrét. *- ag*



**Ruby Red-línan í Make up store verður án efa vinsæl um jólin, enda rauði liturinn afgerandi um þessar mundir.**

**Strákalína Nikita nýtur mikilla vinsælda:**

## Atikin slær í gegn

„Það er nánast eins og það hafi ekki verið til föt á stráka í þessum hópi því við erum að drukkna í fyrirspurnum," segir Rúnar Ómarson, framkvæmdastjóri fatafyrirtækisins Nikita, sem hefur nú hannað línu fyrir stráka sem heitir Atikin, eða Nikita aftur á bak. „Þetta er götutíska fyrir stráka í kringum tvítugt og upp úr, þó svo að aldur sé auðvitað bara hugarástand. Við hönnuðum þessa línu með það fyrir augum að strákar sem hafa verið að skeita eða verið á snjóbretti í einhvern tíma og hafa átt sem dæmi ótal týpískar hettupeysur, geti fengið vandaðri hönnun. Við erum til dæmis með skyrtur og sjakköt fyrir skeitara sem er bæði hægt er að nota hversdagslega eða meira spari," útskýrir Rúnar og viðurkennir að þrýstingur frá starfsfólki innan fyrirtækisins hafi haft sitt að segja við gerð nýju línunnar. „Nikita hannar 99 prósent föt fyrir stelpur, en eftir því sem strákum fjölgaði innan fyrirtækisins úti um allan heim urðu þeir einfaldlega öfundsjúkir og vildu fá eitthvað fyrir sig," segir Rúnar og brosir, en Atikin-fötin fást í takmörkuðu upplagi í Smash Kringlunni og Fargo á Akureyri. *- ag*



**Töff munstur** Ben Fee, kvikmyndagerðarmaður og snjóbrettaiðkandi, í Atikin-hettupeysu úr Haust 2008-línunni

**Ný lína** Rúnar og Heiða hjá Nikita hafa fengið frábær viðbrögð við nýju fatalínunni Atikin sem er fyrir stráka.



**Flottur** Gulli Guðmundsson, einn af þremur Íslendingum sem hefur fulla atvinnu af því að renna sér á snjóbretti, er í Atikin-teyminu.


Allt til jólakortagerðar



Föndur og gjafavara
FÖNDRA
Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

# LAGERSALA!

## LOKADAGAR



**50% afsl.**

PIAZZA útisófasett frá Saccaro



**Kr. 99.250,-**
**áður kr. 210.500,-**

EXCELLENCE sett frá Garden Signature
úr áli með borðplötu úr hertu gleri. Viðhaldsfrí útisett.



**Kr. 39.250,-**
**áður kr. 78.500,-**

JASMIN sett
úr Polyrattan og áli, hert glerplata.
Hentar vel á svalir



**Kr. 137.750,-**
**áður kr. 275.500,-**

SPRING sett frá Garden Signature úr áli með borðplötu úr hertu gleri. Viðhaldsfrí útisett.



**Kr. 13.990,-**
**áður kr. 27.980,-**

Svart granít 15mm þykkt, í stærðunum 30 x 60 cm og 60 x 100 cm. Verð pr. fermetra.



**Kr. 73.750,-**
**áður kr. 147.500,-**

JASMIN sett
úr Polyrattan og áli, hert glerplata. Hentar vel á svalir eða í sólstofu.



**Kr. 82.500,-**
**áður kr. 185.800,-**

SILVER sett frá Garden Signature
Borð úr áli með steinplötu, hallanlegir álstólar með tekkörmum. Viðhaldsfrí útisett.

Vönduð garðhúsgögn frá Saccaro, Sun Furniture, Garden Signature og Royal Teak




Lagersala Signature er einungis að Vesturhrauni 3 í Garðabæ.




**Kr. 19.900,-**
**áður kr. 58.000,-**



Seljum nokkur sýningareintök af sófum, sófaborðum og borðstofusettum á stórlækkuðu verði.

**Grípið tækifærið! OPIÐ:**
**Í dag frá kl. 13 - 18**
**Um helgina frá kl. 13 -17**

Sími 565 3399

Signature ••• húsgögn

# tíðin
* fylgist vel með

**SLAGARAVEISLA** Í kvöld munu Sprengjuhöllin, Hjaltalín og Motion boys spila á Nasa og standa fyrir sannkallaðri slagaraveislu. Húsið verður opnað klukkan 23 og miðinn kostar aðeins 1.500 krónur, svo nú er bara að pússa dansskóna og skella sér á ball með þremur af vinsælustu hljómsveitum landsins.

**SIGUR RÓS** Hljómsveitin lýkur vel heppnuðu tónleikaferðalagi sínu um heiminn í Laugardalshöllinni á sunnudagskvöld. Hljómsveitirnar For A Minor Reflection og Parachutes hita upp fyrir þá Jónsa, Kjartan, Georg og Orra sem verða ósttuddir á sviðinu í fyrsta skipti á Íslandi síðan 2001. Ekki láta þig vanta.

## DÍANA MIST

### Föstudagur 14. nóvember: TF-Stuð

Ákvað að sauma mér ABBA-samfesting fyrir kvöldið úr pallíettuefni meðan ég sötraði romm með klaka. Þegar vinkona mín kom yfir var ég orðin vel full og svona líka svakalega hress. Hún hafði orð á því að þessi pallíettusamfestingur væri kannski of mikið „overkill“. Þá sagði ég að hún hlýti bara að vera abbó. Kíktum niðrí bæ. Vorum ekki alveg nógu fullar á Boston en þar var **Ísgerður Elfa** leikkona og **Raggi bassi** úr Botnleðju. Kíktum því næst á b5. Þar voru aðallega blindfullir karlar sem voru að koma af herrakvöldi Fram ásamt slatta af sveittum útlendingum. Þar voru **Rikki Daða** og **Steini Kók.** Útlendingarnir voru reyndar heitir í kerlinguna en maður hefur náttúrlega sín takmörk og beindi öllum gæjunum yfir á lögfræðinginn, **Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur,** á Lex. Næsti stoppistaður var Domo. Fór óboðin í afmæli **Arnþrúðar Daggar Sigurðardóttur.** Þar var kærastinn hennar, **Sindri Kjartansson**, og bróðir hans, **Sigurjón.** Þar voru líka **Silja Hauksdóttir, Hrönn Sveinsdóttir** og **Greipur Gíslason,** einn best klæddi maður Íslands. Þegar líða tók á nóttina fann ég hvernig pallíettusamfestingurinn var eitthvað að gefa sig á saumunum og þegar ég beygði mig niður í ævintýralegum dansi heyrði ég hvernig saumarnir gliðnuðu á bossanum. Einhvern veginn náði ég að koma mér út af staðnum án þess að mikið bæri á …



## TOPP 10








HREFNA HALLGRÍMSDÓTTIR
leikkona

MYND AF STRÁKUNUM MÍNUM TVEIMUR SEM VAR TEIKNUÐ Í SUMARFRÍI Á TENERIFE.




NONI-BERJADJÚS HELDUR HEILSUNNI Í LAGI.



TÖLVAN MÍN GEYMIR ALLA MÍNA VINNU.






BLÁ PATH OF LOVE-BUDDA EFTIR RÖGNU FRÓÐA SEM ÉG GEYMI ALLT Í.



SKRÍTLUGALLINN HEFUR KOMIÐ MEÐ ÓFÁ ÆVINTÝRI OG GLEÐI INN Á HEIMILIÐ.



LAMPI SEM ELDRI SONUR MINN FÖNDRAÐI OG GAF OKKUR FORELDRUNUM Í JÓLAGJÖF Í FYRRA.


## ÁLFAR OG MENN




Hugljúft ævintýri um samskipti manna og álfa eftir Guðnýju S. Sigurðardóttur. Dóttir hennar, Júlía Guðmundsdóttir, myndskreytti bókina þegar hún var níu ára. KEMUR ÚT Á FÖSTUDAGINN.

## ALGER FREKJUDÓS!



Frábær saga um litla frekjudós sem lærir á endanum mikilvæga lexíu. **Bráðskemmtileg saga um stelpu sem veit ekkert hvað hún á að gera við skapið í sér.**

## NÝR SKELMIR ENN BETRI!




Sjálfstætt framhald fyrstu bókarinnar um Skelmi Gottskálks sem kom út í fyrra og notið hefur mikilla vinsælda.

**Hörkuspennandi unglingabók.**

## NÝ SPIDERWICKBÓK!

**Nýjasta bókin í hinum geysivinsæla Spiderwickbókaflokki. Æsispennandi ævintýri handa krökkum á aldrinum 7-14 ára.**




NÝJAR BÆKUR GAMALT VERÐ!

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is



afsláttar-
dagar
30%
afsláttur
Fjölþjálfi
Verso 107
Segulviðnám með 12 kg kasthjóli.
Æfingatölva með púlsmæli.
Fyrir allt að 110 kg.
Tilboð
kr. 55.930
Kr. 5.650
á mánuði í 12 mánuði*
Fjölþjálfi
Verso 307
Segulviðnám með 14 kg kasthjóli.
Æfingatölva með 6 prógrömmum og púlsmæli
Fyrir allt að 130 kg.
Tilboð
kr. 69.230
Kr. 6.955
á mánuði í 12 mánuði*
Hlaupabretti
Marathon ST
Hraði 1-16 km/klst og rafdrifin hækkun 0-12%
Sterkur mótor og stór hlaupaflötur með dempun.
Æfingatölva með 4 prógrömmum og púlsmæli.
Fyrir allt að 120 kg.
Tilboð
kr. 175.000
Kr. 7.145
á mánuði í 36 mánuði*
Hlaupabretti
Marathon TX1
Hraði 1-16 km/klst og rafdrifin hækkun 0-12%
Sterkur mótor 2,0 HP og stór hlaupaflötur með dempun.
Æfingatölva með stóru stjórn- og mælaborði,
4 prógrömmum og púlsmæli.
Fyrir allt að 140 kg.
Tilboð
kr. 217.700
Kr. 8.738
á mánuði í 36 mánuði*
Bæði hlaupabrettin má reisa upp og færa til á innbyggðum hjólum.
Vönduð æfingatæki frá KETTLER
MARKIÐ
*Miðað við afborgunarlán Visa/Mastercard og núverandi vexti.
www.markid.is • Sími 553 5320 • Ármúla 40
PIPAR • SÍA • 82210

föstudagur FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 21. NÓVEMBER 2008



# KLINGENBERG SPÁIR

**Gerður Kristný Guðjónsdóttir**

„Gerður Kristný er fædd 10.06.1970 sem gefur þversummuna 24. Hún er því talan 6. Gerður Kristný hefur sigurvegaratákn yfir tölum sínum. Orkan hennar bendir til að það sé eins og hjá Sykurmolunum, annaðhvort „heimsyfirráð eða dauði.“ Gerður hefði einnig orðið góð í íþróttum því allt sem hún tekur sér fyrir hendur er með sigur í huga og hún þolir ekki annað sætið. Það er hægt að segja að hún sé kona sem er beint af beljunni, komi til dyra eins og hún er klædd.

Gerður Kristný er staðföst og hefur sterka mynd af því sem hún ætlar sér. Hún er ein af þessum konum sem hvorki mun láta kreppu né heimsstyrjöld stoppa sig. Hún er valkyrja okkar tíma og við hinar örþreyttu ættum bara að kíkja á hvað henni virðist vera auðvelt að komast áfram með hlutina. Hún gefur sér sem betur fer engan tíma til að hugsa heldur framkvæmir jafnvel degi áður en hugsunin stígur fæti í höfuð hennar.

Gerður er búin að vera á rosalega hröðu ári. Mörg tækifæranna hefur hún gripið, önnur sett til geymslu. Hún er á ári áttunnar, en talan 8 þýðir oft flutningar annaðhvort í vinnu eða á heimili og sú orka verður fram að vori 2009. Árið 2009 er viss lokakafli í örlagasögu Gerðar. Ég sé bók í undirbúningi hjá henni, sem hún er jafnvel búin að skrifa og sem ég fæ ekki betur séð en að eigi eftir að selja til sterks forlags erlendis. Þar með verður hennar bauk borgið. Hún er að fara í stórkostlega sterkt tímabil mikilla breytinga, þar sem hún mun sýna að hún er hin íslenska valkyrja.“
www.klingenberg.is





## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir leikkona



1 **Góður íslenskur matur eins og til dæmis plokkfiskur. Ég er búin að vera með æði fyrir gömlum heimilismat í kreppunni.**



2 **Kertaljós í skammdeginu.**

3 **Fullt af fólki í Eymundsson í Smáralind klukkan 17 á upplesturinn minn úr Þín hjartans þrá.**

4 **Kíkja í leikhús á Dansaðu við mig í Iðnó, Hart í bak í Þjóðleikhúsinu eða Vestrið eina í Borgarleikhúsinu.**




5 **Skemmtileg kvöldstund í góðra vina hópi að spila eða kíkja saman í bæinn.**


FATTOC

## CAREERS IN TECHNOLOGY & FINANCE

**FATTOC LLC** is one of the leading electronic trading firms in the world. We are a small company of highly talented, cooperative engineers, scientists, and traders. We trade in major markets including foreign exchange, metals, equities, and fixed income.

We plan to open a software development subsidiary or satellite company in Iceland. Personnel will be expected to, on some occasions, travel to the corporate headquarters in Beverly Hills, California, USA.

We are seeking individuals with backgrounds in the following:

| | |
|---|---|
| **Languages** | Python, Java, C/C++, Perl |
| **Databases** | SQL, MySQL, Postgres |
| **GUI** | QT, HTML, Javascript |
| **Statistics** | Factor Analysis, Regression Analysis, Time Series Analysis |
| **Network** | Juniper, Cisco, Foundry Equipment, Dynamic Routing Protocols, Low Latency Routing & Switching, Network Monitoring tools, including Open NMS, Intermapper, etc. |

## DECEMBER 2, 2008

An invitation-only private seminar will be held in Reykjavik on **Tuesday, December 2, 2008.** Please submit your resume for consideration. Invitations will be emailed to qualified candidates.

We invite interested candidates to view our website at www.fattoc.com and email their resume to jobs@fattoc.com attention of John Benediktsson.

Ævar Örn Jósepsson skráði



Hörður Torfason (Jörundur Ragnarsson) í myndatöku fyrir Samúel sumarið 1975 við styttu Bertels Thorvaldsen af Adonis í Hallargarðinum við Fríkirkjuveg. Blaðamaður fylgist með og ljósmyndarinn smellir af.

# TABÚ

## ÆVISAGA HARÐAR TORFA

Fáir listamenn hafa markað dýpri spor í íslenska samtímasögu en Hörður Torfa. Þeir eru til sem hafa hærra og sperra sig meira, en rétt eins og dropinn sem holar steininn hefur Hörður náð að búa um sig í íslenskri þjóðarvitund og breyta henni nánast án þess að nokkur tæki eftir því.

Að vísu tóku nánast allir eftir því þegar hann lýsti því yfir opinberlega, fyrstur Íslendinga, að hann væri „hómósexúalisti" í viðtali í tímaritinu Samúel árið 1975. Þá fór allt á hvolf, enda glæpsamlegur öfuguggaháttur að vera hinsegin í flestra augum. Hörður, sem hafði verið einn dáðasti og vinsælasti tónlistarmaður landsins, eftirsóttur leikari og fyrirsæta, hraktist af landi brott, ofsóttur og forsmáður jafnt af almenningi og þeim sem ferðinni réðu í listalífinu. Það sem hann gerði í framhaldinu (og gerir enn) hefur ekki farið jafnhátt.

Með seigluna, réttlætið og umfram allt þrákelknina að vopni vann hann hörðum höndum að stofnun baráttusamtaka fyrir réttindum samkynhneigðra. Það tókst er Samtökin '78 voru stofnuð á heimili hans þann níunda maí 1978. En hann lét ekki staðar numið heldur hélt áfram að vinna að réttindamálum samkynhneigðra á sinn hógværa en markvissa hátt. Ekki með hnefann á lofti eða slagorð á vörum, heldur með gítarinn, söngvana sína og sögurnar að vopni – og umfram allt sjálfan sig.




**Margt hefur breyst frá 1975. Fólk þarf ekki lengur að fara í felur með kynhneigð sína. Þjóðfélagið hótar ekki lengur að drepa þá sem eru hinsegin, líkt og fjölmargir hótuðu Herði í kjölfar játninga hans. Tabú er áhrifarík saga einstaklings sem breytti sögu þjóðar með því að vera hann sjálfur.**

Tindur
Bókaútgáfa

# Stjarnfræðilegt vanhæfi

**UMRÆÐAN**

Helgi Hjörvar skrifar um stjórn Seðlabanka Íslands


HELGI HJÖRVAR

Dramadrottningin Davíð Oddsson þráir augljóslega að allt snúist um hann sjálfan. En hvað sem þeirri barnslegu þrá líður snýst umræða um stöðu Seðlabankans um annað og meira en eina persónu en það er traust og trúverðugleiki þessarar mikilvægu stofnunar. Pólitískum deilum við Davíð Oddsson er mikilvægt að halda utan við það mat en sjálfur hef ég gert grein fyrir afstöðu minni í þeim efnum m.a. í greininni „Klassískur kommúnistaleiðtogi“ í Morgunblaðinu vorið 2001.

Á næstu dögum þurfum við að taka málefnalega afstöðu til þess hverjum við ætlum að treysta fyrir þeim 700 milljörðum sem við, með harmkvælum og píslargöngu, höfum grátið sem neyðaraðstoð út úr alþjóðastofnunum og frá viðskiptalöndum okkar. Spyrja verður á faglegum forsendum hvort yfirstjórn Seðlabankans sé treystandi fyrir þessu fjöreggi okkar. Óháð einstökum persónum þarf að hafa eftirfarandi í huga:

1. Seðlabankinn er gjaldþrota. Stjórnendur hans töpuðu 150 milljörðum í óvarlegri lánastarfsemi til svokallaðra „óreiðumanna“ í því sem kallað var ástarbréfaviðskipti. Þetta jafngildir hálfri milljón króna á hvert mannsbarn í landinu.

2. Seðlabankinn nýtti ekki góðu dagana til að byggja upp gjaldeyrisvaraforða í samræmi við vöxt fjármálakerfisins, þrátt fyrir ábendingar um nauðsyn þess, m.a. frá Þorvaldi Gylfasyni. Viðbúnaður bankans við fjármálakreppu var því í skötulíki.

3. Jafnvel í vor synjaði bankinn láni frá J.P. Morgan sem bauðst á góðum kjörum og nam hærri fjárhæð en aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nú. Lýsir það ótrúlegu vanmati á viðbúnaðarþörf.

4. Bankinn áttar sig ekki á hlutverki sínu í fjármálastöðugleika og beitti ekki stjórntækjum sínum til að hemja vöxt bankanna, heldur lækkaði þvert á móti bindiskyldu sem var mjög misráðið.

5. Seðlabankinn hefur nær aldrei náð verðbólgumarkmiði sínu frá því honum var sett það í upphafi aldarinnar.

6. Bankinn vanmat augljóslega áhrif of sterks gengis á neyslu og fjárfestingagleði og þar með þenslu.

7. Að geyma gjaldeyrisforða þjóðarinnar á Englandi eftir að Icesave-vandinn var ljós og hætta á frystingu hans, er líkt því að vera í sjóorrustu hjá skipstjóra sem gleymdi púðrinu í landi. Yfirsjónin ætti að varða við þjóðaröryggi.

8. Óviðunandi er að stjórnendur Seðlabankans hafi frétt það í London í febrúar sl. að íslensku bankarnir væru í alvarlegum vanda. Ætlast verður til þess vegna stöðu og hlutverks bankans að hann hefði átt að uppgötva það sjálfur og fyrr.

9. Óskiljanlegar eru ívilnanir hinn 15. apríl í tengslum við bindiskyldu vegna útibúa erlendis eftir þær upplýsingar sem Seðlabankinn hafði fengið í London.

10. Hafi Seðlabankinn fengið svo greinargóðar upplýsingar um stöðu bankanna í London er skýrsla bankans um fjármálalegan stöðugleika frá maí sl. beinlínis villandi upplýsingagjöf.

11. Ófaglegt er að engin viðbragðsáætlun hafi verið til í bankanum vegna fjármálakreppu.

12. Lækkun og hækkun vaxta á víxl jók ekki trúverðugleika.

13. Óheppilegt var og trúlega viðvaningsháttur að Seðlabankinn keppti við viðskiptabankana um fjármagn, m.a. með skuldabréfaútgáfu og í lánalínum.

14. Viðvaningsháttur var að bankinn þagði þegar fréttir bárust af því að hann væri ekki með í samningum norrænu seðlabankana við þann bandaríska. Að bankinn skyldi ekki ná samningum við þann bandaríska var nógu slæmt en þögnin jók á ótta og óvissu og gróf enn frekar undan trúverðugleika á ögurstundu.

15. Ákvörðun um ríkisvæðingu Glitnis var stórslys. Svo röng var hún að stjórnvöld vonuðust fljótlega eftir þroti bankans svo ekki þyrfti að efna samninga! Hve illa er þá komið fyrir trúverðugleika Seðlabankans?

*Á næstu dögum þurfum við að taka málefnalega afstöðu til þess hverjum við ætlum að treysta fyrir þeim 700 milljörðum sem við, með harmkvælum og píslargöngu, höfum grátið sem neyðaraðstoð út úr alþjóðastofnunum og frá viðskiptalöndum okkar.*

16. Fum og fát í gengismálum dró enn frekar úr trúverðugleika og fagmennsku í Seðlabanka Íslands. Ákvörðun um að festa gengið við 175 stig verður lengi kennd sem hrapaleg mistök, enda lifði „staðfesta“ bankans í gengismálum aðeins í tvo daga, því oftrúin á krónuna var svo víðs fjarri veruleikanum á gjaldeyrismarkaði. Hún hefur síðan fallið um tugi prósenta.

17. Kastljósviðtal við formann bankastjórnar hjálpaði ekki til við að verja stærsta fyrirtæki landsins, Kaupþing, falli.

18. Þyngra er en tárum taki ótímabær yfirlýsing Seðlabankans um svokallað Rússalán. Bæði spillti það mjög þeim lánasamningum sem Geir Haarde hafði átt frumkvæði að og einnig orðspori okkar á alþjóðavettvangi.

19. Fyrrnefnt Kastljósviðtal, sem m.a. var birt í Wall Street Journal, dró nokkuð úr trúverðugleika íslensks fjármálakerfis á viðkvæmu augnabliki. Einkum þau ummæli sem voru þýdd svo:…Iceland is „not going to pay the banks' foreign debts“.

20. Óheppilegt var að seðlabankastjóri skyldi hóta stjórnarformanni stærsta fyrirtækis landsins knésetningu.

21. Óheppilegt er að seðlabankastjóri dylgi um viðskipti einstaklinga við bankakerfið og ástæður beitingar hryðjuverkalaga.

22. Óheppilegt er að seðlabankastjóri aflétti einhliða trúnaði af fundum sínum með forystumönnum ríkisstjórnarinnar og samningum við IMF.

23. Óheppilegt er að seðlabankastjóri veiti seðlabankastjórum annarra ríkja tilsögn í mannasiðum.

Öll gerum við mistök og sætum stundum ósanngirni. En þegar heildarmyndin er metin, ásamt öllu því smálega sem ég hirti ekki um að tína til, er eðlilegt að efasemdir vakni. Þær styrkjast við lestur nýjasta heftis Peningamála og óraunsærra væntinga um traust og trúverðugleika. Sá lestur vekur áhyggjur um að Seðlabankastjórnin gæti eytt IMF-láninu í enn einn óraunsæjan leiðangur sem bankinn hefði ekki styrk til að ljúka. Það hefur hent margar þjóðir í okkar stöðu og þær setið eftir enn skuldugri en fyrr. Það er þess vegna ekki verið að persónugera vandann þegar kallað er eftir breytingum í Seðlabankanum. Það er einfaldlega verið að segja hið sjálfljósa að þegar við nú stöndum á hyldýpisins brún er mikilvægt að hafa faglega yfirstjórn Seðlabankans.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.*




# Versló, SUS og Andri Snær

**UMRÆÐAN**

Þórlindur Kjartansson


ÞÓRLINDUR KJARTANSSON

Rithöfundurinn, og handhafi frelsisverðlauna SUS, Andri Snær Magnason, lýsti því yfir í þættinum Silfri Egils fyrir rúmri viku að efnahagsvandinn á Íslandi væri gjaldþrot Heimdallar, SUS, Verslunarskóla Íslands og viðskiptaháskólanna. Líklega hefur hann þar fyrst og fremst verið að vísa til einhvers konar staðalmyndar af fólki sem tilheyrir þessum félagsskap. Nú þegar hefur forseti Nemendafélags Verslunarskólans lýst óánægju sinni með þennan málflutning rithöfundarins, enda hljóta það að teljast kaldar kveðjur frá Andra Snæ til ungs fólks á aldrinum 16 til 20 ára í tilteknum skóla að við því blasi einhvers konar gjaldþrot. Og hvorki getur það talist uppbyggilegt né málefnalegt framlag af hans hálfu, þótt vafalaust hafi hvorki búið illgirni né Þórðargleði í orðunum. En það er mikill sannleikur í því að þel geti snúist við atorð eitt – og nú þegar óöryggi og óvissa ríkir meðal fólks er líklegt að meinleysislegar yfirlýsingar á borð við þetta geti hreyft óþægilega við fólki sem tekur orðin til sín en hefur ekkert til þeirra unnið.

Heimdallur og SUS eru reyndar allt annar handleggur í þessum efnum. Það er ekkert við það að athuga þótt hugmyndafræði þessara ágætu félaga skuli tekin til skoðunar og gagnrýnd. Einkum er þó við þá staðalmynd að etja sem hugmyndafræðilegir andstæðingar þessara félaga ungra Sjálfstæðismanna vilja ólmir halda á lofti. Þau stefnumál og grundvallarafstaða sem í raun og sann einkenna starf ungra sjálfstæðismanna hafa ekki átt birtingarmynd í alþjóðlega fjármálakerfinu á síðustu misserum. Í raun er öðru nær.

Hugmyndafræði ungra Sjálfstæðismanna byggist á frjálslyndi og einstaklingshyggju. Sú frjálshyggja felur í sér að fólk eigi að hafa gott svigrúm til að skapa og framleiða og geti notið ávaxtanna af því þegar vel gengur. Hún felur einnig í sér þá trú að eðlilegt sé að tryggja að fjármagn geti leitað í þann farveg sem mestu skilar fyrir hag fólksins þannig að fjárhagslegur ábati sé mestur fyrir þá sem geta sinnt þörfum meðborgara sinna á sem snjallastan hátt. Það er þó einnig nauðsynleg forsenda að markaðurinn skeri úr um það hvort hugmyndir séu góðar eða slæmar og því er nauðsynlegt að áhættufé tapist ef það er lagt í fyrirtæki eða verkefni sem ekki ganga upp. Á þessum grundvelli er markaðskerfið bæði réttlátt og hagkvæmt.

Vandinn í efnahagslífi heimsins, sem nú bitnar hvað harðast á Íslandi, er einmitt einna helst fólginn í því að stórfyrirtæki hafa haft tækifæri til að ganga fram í fölsku skjóli og taka áhættu á kostnað almennings. Eigendur og starfsmenn fyrirtækjanna hafa hins vegar notið ávaxtanna þegar vel gekk. Ótrúlegur gróði hefur hlaðist upp í fjármálafyrirtækjum um heim allan og mikill fjöldi hæfileikafólks hefur sogast inn í fjármálageirann þar sem gáfur þeirra hafa verið nýttar til að gera einfalda hluti flókna. Þessi gróði og þetta starfsfólk hefði eflaust nýst betur ef markaðurinn hefði stýrt þeim í átt að fjölbreyttari rekstri og iðju. En þegar ein tegund atvinnurekstrar – í þessu tilviki fjármálageirinn – telur sig starfa í þægilegu skjóli ríkisins frá því að tapa á slæmum ákvörðunum, verður til skekkja. Ruðningsáhrif fjármálageirans eru því sambærileg við aðra ríkistryggða stóriðju og beina kröftum samfélagsins í ranga átt.

Það er auðvelt að vinna knattspyrnuleik ef allir í hinu liðinu þurfa að leika með blý í skónum. En það er vitleysisgangur að hlaupa um fagnandi eftir slíkan sigur, það er dramb að sannfæra sjálfan sig um að sigurinn sýni fram á snilli og heimskulegur hroki að reyna að sannfæra aðra um það. En verst af öllu er þó þegar allt samfélagið fer að trúa á náðargáfu leikmanna sigurliðsins. En nákvæmlega þannig hefur fjármálageiri Vesturlanda getað starfað á síðustu árum en allur annar iðnaður þurft að heyja við hann ósanngjarna keppni um starfsfólk og fjármagn.

Andstæðingar ungra sjálfstæðismanna vilja á stundum láta eins og hugmyndafræði okkar snúist um að verja hagsmuni stórfyrirtækja eða valdhafa. Þetta er alrangt. Réttlæti markaðshagkerfisins felst einmitt í því að þar geta sviptingar orðið miklar. Sá sem er ríkur einn daginn getur tapað öllu og sá sem er fátækur getur snúið gæfunni sér í vil. Hið mikilvægasta er að allir keppi á jafnréttisgrunni og enginn þurfi að hafa blý í skónum þegar hann hleypur út á völlinn.

Að okkar dómi er ekki grundvallarágreiningur um það milli ungra sjálfstæðismanna og Andra Snæs Magnasonar, nema hann hafi skipt mjög um skoðun frá því hann gaf út bók sína Draumalandið. Sú bók féll í góðan farveg meðal frjálslynds ungs fólks því forsenda hennar var að einstaklingarnir sjálfir væru betur til þess fallnir að nýta sköpunarkraft sinn og dugnað til góðra verka heldur en miðstýring ríkisvaldsins. Það kom því mörgum ungum sjálfstæðismönnum á óvart að heyra Andra Snæ afflytja málstað okkar með þeim hætti sem hann gerði í Silfri Egils. Vonandi getum við flest látið okkur nægja að rífast um það sem við erum ósammála um, en látum ekki flokkadrætti reka okkur í deilur þegar við erum sammála.

*Höfundur er formaður SUS.*

# *Opnum í dag… Íslensk hönnun*

Tæplega 100 árum eftir að fyrsta Andersen & Lauth verzlnunin opnaði Í Reykjavík opnum við nú herraverzlun að Laugavegi 7. Andersen & Lauth er íslenskt hönnunarfyritæki sem selur hönnun sína um víða veröld. Okkur er sönn ánægja að geta boðoð þér að skoða haust/vetur 2008 línuna í verzlun okkar að Laugavegi 7.




*Andersen & Lauth*

*Reykjavík*

*established 1934*

*Andersen & Lauth, herraverzlnun, Laugavegi 7, sími 551 6811*

*www.andersenlauth.com*

**FRANSKI HEIMSPEKINGURINN VOLTAIRE FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1694.**

*„Menn ana aldrei eins langt og þegar þeir vita ekkert hvert þeir eru að fara.“*

***Voltaire var mikilvægur boðberi upplýsingarinnar. Frægasta bók hans, Birtíngur, kom út árið 1975 í íslenskri þýðingu Halldórs Laxness.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. NÓVEMBER 2006

## *Íslendingar kaupa West Ham*

Þennan dag var lýst yfir að WH Holding, félag í eigu Björgólfs Guðmundssonar og Eggerts Magnússonar, hefði lagt 85 milljónir punda, þá 11,3 milljarða króna, til kaupa á knattspyrnufélaginu West Ham, auk þess sem skuldir upp á þrjá milljarða króna, á þávirði, voru yfirteknar.

West Ham hafði verið að stórum hluta í fjölskyldueign, tveir af þremur stærstu hluthöfum West Ham voru afkomendur þeirra sem stofnuðu félagið árið 1895. Þessi kaup Íslendinga voru dæmi um hættulega þróun að mati margra Englendinga sem töldu að of mörg ensk félög væru komin í eigu erlendra aðila.

Íslendingar voru ekki þeir einu sem vildu kaupa West Ham því Íraninn Kia Joorabchian hafði lengi haft hug á að kaupa félagið og hafði meðal annars fengið tvo argentínska landsliðsmenn til liðs við félagið, þá Carlos Tévez og Javier Mascherano. Í raun var óljóst hver átti þessa leikmenn og



eftir að Tevez hafði átt stóran þátt í að bjarga West Ham frá falli þetta tímabil þá kærðu félögin sem féllu, West Ham fyrir að hafa notað Tévez. West Ham tapaði málinu en hefur áfrýjað því og það mál stendur enn þá yfir.

Eggert Magnússon varð stjórnarmaður félagsins en eftir að hafa gert of dýra samninga var hann settur af.

## MERKISATBURÐIR

1793 Jean-François Pilâtre de Rozier og François Laurent d'Arlandes fljúga í loftbelg fyrstir allra.

1931 Leikrit var flutt í fyrsta sinn í Ríkisútvarpinu. Það eru kaflar úr Bóndanum á Hrauni eftir Jóhann Sigurðsson.

1984 Niðurstöður könnunar Hagvangs sýna að Íslendingar eru hamingjusamasta þjóð í heimi, mjög trúhneigðir og stoltir af þjóðerni sínu.

1993 Endurvarp hefst frá erlendum sjónvarpsstöðvum, í samvinnu við Stöð 2, undir heitinu Fjölvarp.

2002 NATO býður Búlgaríu, Eistlandi, Litháen, Lettlandi, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu að gerast meðlimir.

## AFMÆLI



**NICOLLETTE SHERIDAN** leikkona er 45 ára.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** söngkona er 43 ára.



**ÁSKELL MÁSSON** tónskáld er 55 ára.

# Tækifæri byggð á eigin þekkingu

Þeir sem vilja prófa nýja hluti í atvinnuskyni en hafa ekki fullmótaðar hugmyndir um í hverju þeir felast geta mætt hjá Viðskiptasmiðju Klaks í Kringlunni 1 í Reykjavík í dag, 22. nóvember klukkan 11 til 14. Þar verður hugmyndasmiðja í gangi þar sem einstaklingum verður hjálpað að finna tækifæri byggð á eigin þekkingu og reynslu. Hugmyndasmiðjan er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Tækifærið er svo þróað í viðskiptamódel með það að leiðarljósi að hægt sé að sækja um þátttöku í Viðskiptasmiðjunni. Hún er á vegum Klaks sem er nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins og Háskólans í Reykjavík.




Klak sem stendur að hugmyndasmiðjunni er nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins og Háskólans í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.




# 75 ára afmæli

## Herder Andersson

fatahönnuður,

Ljósheimum 11, Reykjavík,
fæddur í Svíþjóð og fluttist til
Íslands árið 1958.

Undanfarin ár hefur mestur tími hans farið í að hanna kirkjuklæði. Herder situr aldrei auðum höndum, hann segir það gott að hafa nóg fyrir stafni þegar aldurinn færist yfir. Kvöldinu ætlar hann að eyða í faðmi fjölskyldu, íslenskri og sænskri.

Um þessar mundir kemur út í Svíþjóð fyrsta bók hans og verður það stærsta gjöf hans.





*Okkar ástkæri,*

**Valdimar Jörgensson**
Laugarnesvegi 87, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 17. nóvember.

**Arndís Jónsdóttir**
**Jörgen H. Valdimarsson** **Björg Valsdóttir**
**Jórunn Valdimarsdóttir** **Sigurður Freysson**
**Gunnar Valdimarsson** **Lára Á. Kristjánsdóttir**
**og barnabörn.**


**SUÐUR-GRÆNLENSKIR DAGAR:** HALDNIR Í NORRÆNA HÚSINU

# Kyrrð og stórbrotið landslag

Íslendingum gefst kostur á að kynna sér dásemdir Suður-Grænlands um helgina en Flugfélag Íslands, Destination South Greenland og Norræna húsið standa sameiginlega að kynningu um þennan heillandi áfangastað í Norræna húsinu á morgun.

Ferðafrömuðir frá svæðinu munu sækja Ísland heim og verður grænlenskur trommudansari með í för. Þá gefst gestum kostur á því að bragða grænlenskan mat og hlýða á hina ýmsu fyrirlestra.

Edda Lyberth, staðarhaldari í Bröttuhlíð, sem hefur búið á Suður-Grænlandi í rúma tvo áratugi, mun rekja sögu Suður-Grænlands en hún tekur á móti ferðamönnum á ári hverju og segir þeim sögu Eiríks rauða sem reisti Bröttuhlíð rétt fyrir aldamótin 1000. Þar eru nú rústir frá tímum kappans ásamt eftirlíkingu af bústað hans og Þjóðhildarkirju, fyrstu kirkjunni á Grænlandi.

„Við veltum því fyrir okkur í ljósi aðstæðna hvort þetta væri rétti tíminn til að koma til Íslands en komumst að þeirri niðurstöðu að nú væri einmitt þörf á ferskum andblæ frá okkur hérna handan við hafið.“

Áhugi Íslendinga á veiðiferðum til Grænlands hefur farið vaxandi undanfarin ár og þá sérstaklega á stangveiðiferðum og hreindýraveiði. Göngufólk og aðrir útivistarhópar fara einnig í vaxandi mæli á þessar slóðir. „Auk þess kemur fjöldi gesta frá Evrópu og Ameríku en síðastliðið sumar tókum við á móti 34 skemmtiferðaskipum svo dæmi sé tekið,“ bendir Edda á og bætir við að svæðið sé skemmtilegur valkostur fyrir fólk sem hefur ánægju af útivist og sækist eftir kyrrð. „Kyrrðin er okkar sérstaða og eru jöklagöngur og siglingar í stórbrotnu landslagi óviðjafnanlegar.“

Kristján Möller samgönguráðherra setur dagskrána í kvöld klukkan 17.30 en kynning á ferðamöguleikum svæðisins hefst á morgun klukkan 13. Þá segir Pálmi Gunnarsson, söngvari og veiðiáhugamaður, frá reynslu sinni af veiðum úr fengsælum ám og vötnum á Suður-Grænlandi og Emil Guðmundsson kynnir ferðir fyrir eldri borgara um fornar byggðir Íslendinga í Eystribyggð svo dæmi séu tekin. Dagskráin verður svo brotin upp með þjóðlegum trommudansi og öðrum skemmtilegheitum.



Edda Lyberth mun rekja sögu Suður-Grænlands en hún leggur stund á menningartengda ferðaþjónustu í Bröttuhlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Svanhildur Stefánsdóttir**
Ártúni 22,

andaðist 19. nóvember á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 26. nóvember kl. 13.00.

**Guðmundur Rúnar Magnússon**
**Steinn Logi Guðmundsson** **Ingibjörg Erna Sveinsdóttir**
**Kristbjörg Guðmundsdóttir** **Magnús Árnason**
**Sigurjón Guðmundsson** **Kristbjörg Elídóttir**
**Hrönn Guðmundsdóttir** **Ásgeir Þór Eiríksson**
**Stefán Magnús Guðmundsson** **Alda Ragna Þorvaldsdóttir**
**og ömmubörn.**





*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn K. Örvar**
úrsmiður,

er látinn.

**Hanna Marta Vigfúsdóttir**
**Björg Örvar**
**Kjartan B. Örvar** **Anna Birna Björnsdóttir**
**Björn Lárus Örvar** **Unnur Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**


Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.

# Afsláttardagar

## 40% afsláttur af öllum vörum!







Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnanlegu verði

Opið 10-19 mán-fös, 10-18 lau og 13-18 sun. **Te & Kaffi** opið alla daga.

habitat

Holtagörðum og Akureyri








NOKKUR ORÐ

Kjartan Guðmundsson

# Flokk jú!

Á menntaskólaárunum átti ég það til að sofa yfir mig og mæta of seint í skólann. Annars langlundargóðum stærðfræðikennaranum mínum var mjög í nöp við þennan leiða ávana. Eitt sinn sem ég drattaðist inn undir lok kennslustundar var honum nóg boðið og hótaði mér öllu illu ef ég dirfðist að mæta svo mikið sem sekúndu of seint daginn eftir. Ég ákvað að hlíta föðurlegum ráðleggingum fræðarans og var mættur út á strætóstoppistöð óvenjusnemma næsta morgun. Nú skyldi gerð yfirbót.



Vagninn kom tólf mínútum of seint, en ég sá fram á að mæta tímanlega í skólann ef strætóferðin gengi fullkomlega snurðulaust fyrir sig. Sem hún gerði ekki. Á miðri leið gaf erlendur ferðamaður sig á tal við vagnstjórann og eftir stutt samtal þeirra kallaði stjórinn aftur í vagninn: „Er ykkur ekki sama þótt ég leggi smá lykkju á leið mína til að koma þessum ágæta ferðamanni á áfangastað?“ Allir hinir farþegarnir vildu ólmir verða við þeirri bón. Ég harðneitaði, vitandi að hin minnsta töf myndi framkalla réttláta reiði kennarans. Vagnstjórinn spurði um ástæðu mótmæla minna. Svar mitt: „Ég er að verða of seinn í skólann,“ vakti gríðarlega kátínu vagnstjórans og farþeganna. Allir hlógu dátt. Líklega þóttu þeim áhyggjur mínar flokkast undir lúxusvandamál sem skipti litlu í hinu stóra samhengi hlutanna. Líklega var það hárrétt ályktun.

Margir pólitíkusar virðast uppteknir af innanhússmálum og flokkapólitík þessa dagana, veifandi fingri í allar áttir og heimtandi að úldin stefnumál fái uppreist æru. Er flokkapólitík ekki lúxusvandamál dagsins? Er ekki hlegið að þeim, eins og það var hlegið að mér í strætó?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Gjafir í jóladagatalið

frá kr **29**

SØSTRENE GRENES
ALL OVER THE WORLD
HANDELSKOMPAGNIE

**Smáralind**
**www.grenes.dk**

# ENN MEIRA ÚRVAL AF ÓDÝRUM VALKOSTUM

# Mesta



**48%** afsláttur við kassa

**NAUTAHAKK**
774 kr/kg.
Merkt verð 1.498.-




**30%** afsláttur við kassa
531 kr/pk
Merkt verð 759.-

**BBQ og buffaló vængir**
- fulleldaðir, 800 g



ÓDÝRT Í HAGKAUP
999 kr.
GOTT VERÐ

**Lasagne 1 kg.**
- fyrir 4




ÓDÝRT Í HAGKAUP
999 kr.
GOTT VERÐ

**Kjúklingur + 2 ltr. Coke**




**25%** afsláttur við kassa
531 kr/kg
Merkt verð 708.-

**Saltað hrossakjöt**
- úrbeinað



KÓKÓMJÓLK
6 Í PAKKA
20% afsláttur við kassa



JÓLAKÖKUR
MARGAR TEG.
20% afsláttur við kassa

Frón, Kexsmiðjan og Góðkaup



RISABRAUÐ
1 KG.
149 kr/stk.
Verð áður 228.-




NÓA
KONFEKT 1kg
1.999 kr/pk
Verð áður 2.598.-




KELLOGG´S
KORNFLÖGUR
528 kr/pk.
GOTT VERÐ

750 g



KLEINUR
ÚR BAKARÍI
59 kr/stk.
Verð áður 114.-

Gildir til 16. nóvember eða á meðan birgðir endast.



úrvalið
á betra verði!
OPIÐ
til 20
alla daga
45%
afsláttur
við kassa
KJÚKLINGA
LUNDIR
1.649 kr/kg.
Merkt verð 2.999.-
25%
afsláttur
við kassa
1.648 kr/kg
Merkt verð 2.198.-
VSOP lambasteik
25%
afsláttur
við kassa
2.999 kr/kg
Merkt verð 3.998.-
Nautalundir
- frosnar
40%
afsláttur
við kassa
1.079 kr/kg
Merkt verð 1.798.-
Helgarsteik
- frá Íslandsgrís
30%
afsláttur
við kassa
2.064 kr/kg
Merkt verð 2.949.-
Piparsteik
- frá Íslandsnauti
KORNAX
HVEITI
HVEITI
2 KG.
229 kr/pk.
GOTT VERÐ
Brazzi
BRAZZI
APPELSÍNUSAFI
107 kr/stk.
GOTT VERÐ
LÍFRÆN
GRÍSK JÓGÚRT
559 kr/stk.
GOTT VERÐ
skyr
jógúrt
LÍFRÆNT
SKYR
399 kr/stk.
GOTT VERÐ
Nappies
Fraldas
Blöjor
BLEIUR
3 STÆRÐIR
869 kr/pk.
GOTT VERÐ
Jói FEL
KÖKUDEIG
FRÁ JÓA FEL
20%
afsláttur
við kassa
7UP
2 LÍTRA.
89 kr/stk.
Verð áður 196.-
HAGKAUP
Ein ferð betra verð




Hafnarfjarðarleikhúsið – Miðasala á midi.is og í síma 555-2222

**Frumsýning** 21. nóv. - **Uppselt**
2. sýn. sun. 23. nóv. - **Örfá sæti laus**
3. sýn. fös. 28. nóv.
4. sýn. lau. 29. nóv.
5. sýn. fim. 4. des.
6. sýn. lau. 6. des.

Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning.★★★★ JVJ, DV
lau 22/11 uppselt
**Sýningum lýkur 6. desember!**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
fös. 21/11 uppselt,
lau. 22/11 uppselt
**Aukasýningar í sölu**

Sá ljóti
Maríus von Mayenburg
Er hægt að vera of fallegur? ★★★★ EB, FBL
fös. 21/11 uppselt
lau. 22/11 örfá sæti laus, **síðasta sýning**

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og
Jóhann G. Jóhannsson
sun. 23/11, örfá sæti laus
**Síðustu sýningar**



Kardemommubærinn
Leitin að jólunum
Sýningar komnar í sölu.
Tryggðu þér sæti!

GJAFAKORT Á KARDEMOMMUBÆINN

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# Nýtt starfsár hafið

Á morgun er opið hús í Hallgrímskirkju á degi heilagrar Sesselju og verður dyrum kirkjunnar lokið upp kl. 13.30. Dagskráin er þríþætt, kynning í tali og tónum á óratoríunni Ceceliu eftir Áskel Másson, kynning á nýjum geisladisk Mótettukórsins og dagskrá Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Listvinafélagið er nú að hefja sitt 27. starfsár og liggur fyrir viðamikil dagskrá næsta árið. En tilefnið er meira: Mótettukórinn hefur lokið upptökum og vinnslu á geisladiski sínum, Ljósið þitt lýsi mér, en diskurinn verður kominn á markað í næstu viku. Kórinn flytur af því tilefni nokkur lög af disknum og kynnir efni hans.

Þá verður kynnt verkið Cecelia, óratoría sem Áskell Másson samdi við texta Thors Vilhjálmssonar með tóndæmum og frásögnum. Áskell segir frá verkinu, Thor Vilhjálmsson les upp og Mótettukórinn syngur. Verkið verður flutt í heild sinni á degi heilagrar Sesselju að ári.

Thor kemur meira við sögu: Páll á Húsafelli mun á morgun leika á steinahörpu sína, en sýningu hans og Thors á myndum af heilagri Sesselju í forkirkju lýkur í næstu viku. Komandi starfsár Listvinfélagsins verður kynnt. Meðal þess sem er á döfinni eru tónleikar helgaðir Olivier Messiaën í desember. Í janúar verða hátíðartónleikar á 250 ára ártíð Georgs Friedrichs Händel þar sem Scola Cantorum ásamt barokkhljómsveit flytur Messias eftir tónskáldið. Efnt verður til Sigurbjörnsvöku á föstunni, sex miðvikudaga í röð, sem verða helgaðir sérstökum áhugaefnum Sigurbjörns Einarssonar biskups og fyrrverandi sóknarprests í sókninni. Að dagskrá lokinni á morgun er boðið upp á kaffi og kökur í suðursal kirkjunnar.



**HALLGRÍMSKIRKJA** Opið hús verður í Hallgrímskirkju á morgun á degi heilagrar Sesselju.

- pbb

# Hverflyndi gæfunnar

**Á morgun munu fornir, þýskir, blautlegir og andríkir söngvar hljóma yfir Grafarvoginn úr kirkjunni þegar Vox academica flytur Carmina Burana eftir Carl Orff ásamt liðsstyrk.**

Carmina Burana á sér marga aðdáendur hér á landi enda hefur það margoft verið flutt hér: Þetta áleitna, fjöruga og dramatíska kórverk sækir efni sitt og tónmyndir til evrópskrar miðaldahefðar og í þessum bæversku ljóðum er sungið um hverflyndi gæfunnar og hömlulaust gjálífi, um hörmuleg örlög þeirra sem hreykja sér of hátt og smæð mannsins frammi fyrir almættinu. En kvæðin fjalla líka um þau gildi sem í raun skipta okkur öll mestu máli: himneska ásýnd náttúrunnar, unað ástarinnar og margbreytilegt eðli mannsins. Tónlist Orffs er í senn létt og leikandi, fjörug og gáskafull, magnþrungin og dramatísk, margbrotin og krefjandi.



**TÓNLIST** Þóra Einarsdóttir sópransöngkona er einn söngvara sem flytur Carmina Burana í Grafarvogskirkju á morgun.

Vox academica fær sem fyrr til liðs við sig einvalalið úr hljómsveitinni Jón Leifs Camerata, alls fimmtíu og fimm hljóðfæraleikara. Þóra Einarsdóttir sópran er nú flutt heim og kemur fram hér í stóru hlutverki sem hún hefur flutt áður víða. Með henni munu Alex Answorth barítón og Þorgeir Andrésson tenór túlka einsöngshlutverk verksins og félagar úr unglingakór Grafarvogskirkju taka einnig þátt í flutningnum.

Kórinn Vox academica er löngu orðinn íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur fyrir vandaðan flutning á stórum kórverkum og er skemmst að minnast flutnings kórsins á Sálumessu Verdis í Hallgrímskirkju í apríl sem leið. Stjórnandi Vox academica er Hákon Leifsson, sem einnig er organisti og tónlistarstjóri Grafarvogskirkju og kennari í kórstjórn við Tónskóla þjóðkirkjunnar.

Tónleikarnir verða í Grafarvogskirkju annað kvöld, laugardaginn 22. nóvember kl. 20:00. Miðasala er við innganginn, en einnig er hægt að kaupa miða í forsölu í 12 tónum, Skólavörðustíg 15.

- pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 21. nóvember 2008**

### ➜ Tónleikar



**20.00 Sopranos** Hörn Hrafnsdóttir mezzó-sópran, Margrét Grétarsdóttir sópran og Svana Berglind Karlsdóttir sópran, verða með tónleika í Salnum, Hamraborg 6 í Kópavogi.

**20.30 Bubbi Morthens** verður með tónleika á Græna hattinum, Hafnarstræti 96 á Akureyri. Á efnisskránni verður blanda af gömlu og nýju efni. Húsið verður opnað kl. 20.00.

**21.00 Better Days Blues** Kristjana Stefáns verður með tónleika í Hvíta húsinu, Hrísmýri 1 á Selfossi

**23.00 Sprengjuhöllin, Hjaltalín** og **Motion Boys** verða með tónleika á Nasa við Austurvöll. Húsið verður opnað kl. 23.00.

### ➜ Leiklist

**20.00 GRAL** Grindvíska atvinnuleikhúsið sýnir leikverkið 21 manns saknað í Saltfisksetrinu, Hafnargötu 12a, Grindavík. Nánari upplýsingar á www.gral.blog.is.

**20.00 Stúdentaleikhúsið** sýnir leikritið SCARTA í Norræna húsinu við Sturlugötu. Nánari upplýsingar www.studentaleikhusid.is

### ➜ Myndlist

**Kona í forgrunni**, vegferð í lífi og list. Alda Ármanna mun opna vinnustofu sína milli kl. 16-18 og taka á móti fólki að Logafold 46 á neðri hæð, í tilefni af útgáfu nýrrar bókar.

**Samansafn Ása** Óla sýnir teikningar og málverk í DaLí Gallery, Brekkugötu 9, Akureyri. Opið fös-lau. kl. 14-17.

**Kling & Bang vs. Torsstrasse** 111 Sýning á verkum sextán listamanna frá Berlín ásamt verkum níu íslenskra listamanna. Opið fim.-sun. 14-18. Aðgangur ókeypis. Kling & Bang, Hverfisgötu 42.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



Ungblind
Ljósmyndasýning
Björns Sigurjónssonar



Kellíngabækur
Kynning á
bókum kvenna 2008



Utan-garðs
Málverkasýning
Halldóru Helgadóttur

**Sunnudaginn 23. nóvember 2008 kl. 13.00-16.00**
Opnun sýninganna **Ungblind** og **Utan-garðs**
Kynning á nýútgefnum bókum kvenna 2008

MENNINGARMIÐSTÖÐIN GERÐUBERG
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is

## NÝ TÍMARIT

Andvari þessa árs er kominn út í ritstjórn Gunnars Stefánssonar. Þar er haldið áfram þeim sið að birta viðamiklar ritgerðir um liðna skörunga og er það Kristinn Kristmundsson sem fjallar að þessu sinni um Bjarna Bjarnason sem lengst af var kenndur við Laugavatn.




Tvær ritgerðir eru í heftinu um Stein Steinar, eftir Gunnar Kristjánsson og Guðmund Andra Thorsson. Anna Jóhannsdóttir og Ástráður Eysteinsson fjalla um landslagsmálverkið í íslenskum stofum, Gunnar Karlsson kemur fram með nýstárlegan lestur á Gunnarshólma, Gerður Steinþórsdóttir skrifar um Torfhildi Þ. Hólm og sögulegu skáldsöguna. Tveir ritdómar birtast í heftinu: um bréfasafn Jóns Guðmundssonar sem kom út í fyrra og Kristján B. Jónasson fjallar um Ljóðhús eftir Þorstein Þorsteinsson. Ritstjóri minnist Sigurbjarnar Einarssonar í pistli.

Hausthefti Skírnis er komið út í ritstjórn Halldórs Guðmundssonar. Heftið geymir Skírnismál þar sem þeir takast á Hannes Hólmsteinn og Þorvaldur Gylfason, Þórarinn Eldjárn á ljóð í heftinu og Gunnar J. Árnason fjallar um myndlistarmanninn Hlyn Hallsson.




Meðal ritgerða má nefna umfjöllun Sveins Einarssonar um Guðmund Kamban og birt eru tvö bréf hans til Soffíu Guðlaugsdóttur leikkonu. Páll Bjarnason fjallar um tengsl Jónasar Hallgrímssonar og Tómasar Sæmundssonar, Ingunn Ásdísardóttir ritar um Freyjudýrkun á Íslandi, Berglind Gunnarsdóttir skrifar um skáldskap Halldóru B. Björnsson, Guðni Th. Jóhannesson skrifar um þorskastríðin og Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurðardóttir um birtingarmyndir fötlunar í Íslendingasögum. Heftið er um 200 síður í Skírnisbroti. Hið íslenska bókmenntafélag gefur út.

Síðasta hefti Tímarits Máls og menningar í ritstjórn Silju Aðalsteinsdóttur er komið út, fjölbreytt að efni. Þar birta meðal annars




Vilborg Dagbjartsdóttir, Böðvar Guðmundsson, Þröstur Haraldsson, Valgarður Egilsson, Snæros Sindradóttir og Sverrir Norland ljóð. Þorleifur Hauksson skrifar grein um samband Davíðs Stefánssonar og Þóru Vigfúsdóttur, en ævisaga Davíðs eftir Friðrik G. Olgeirsson er ritdæmd í heftinu. Þar birtast einnig yfirlitsgreinar um ljóðskáldaævir og smásögurit frá í fyrra. Auk þess er í heftinu margvíslegt efni um menningarvettvanginn, stök rit auk texta eftir sagnaskáld. Heftið er 144 síður.

„…fyrst á visir.is“

vísir.is
…ég sá það á visir.is

# Barokk-popp í Langholti

Annað kvöld bregður Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir sig betri fætinum, flytur sig af Melunum upp í Langholt: í Langholtskirkju verður besta hljómsveit landsins með efnisskrá sem helguð er helstu perlum barokksins; sum þessara verka eru öllum kunn: Vatnamúsík Händels, Hljómsveitarsvíta nr. 3 eftir Bach, en í henni er einmitt Aría á G-streng, og hin sívinsæla kanón Pachelbels eru þeirra á meðal. Poppið úr barokkinu. Hljómsveitarstjóri er Nicholas Kraemer en einsöng syngur Dominique Labelle, sem hefur hlotið frábærar viðtökur um allan heim fyrir óviðjafnanlega söngrödd sína og túlkun á barokktónlist. Hún er fædd í Montréal en vakti fyrst athygli í rómaðri sviðsetningu Peters Sellars á Don Giovanni sem hann setti niður í Spönsku Harlem og fór víða um heim. Þar söng hún Donnu Önnu. Hún hefur hlotið einstaklega lofsamlega dóma fyrir flutning sinn á verkum Händels og Bachs, en Boston Globe sagði um flutning hennar á kantötu nr. 202 eftir þann síðarnefnda: „Það þurfa allir meiri Dominique inn í líf sitt.“ Nýverið söng hún einsöng í H-moll messu Bachs á Bach-hátíðinni í Leipzig, og Mattheusarpassíuna með Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam undir stjórn Ivans Fischer, og hún hlaut Händel-verðlaunin árið 2002 fyrir hljóðritun sína á óperunni Arminio. Þessi kona er því meistarasöngvari sem hefur lagt sig sérstaklega eftir barokkflutningi.

Á æfingum fyrir tónleikana í vikunni bræddi hún hjörtu þeirra í Sinfóníunni með yndislegri túlkun sinni og kalla menn þar á bæ ekki allt ömmu sína.

Tónleikarnir á föstudaginn hefjast kl. 19.30 og verður húsið opnað klukkustund fyrir tónleikana. Sætaval er frjálst. - pbb



**TÓNLIST** Dominque Labelle, yndisleg söngkona með einstök tök á söngstíl barokktímans.



DVD og Geisladiskar
á fínu verði
Mörg hundruð titlar




Verð kr. 490.-
Eldri útgáfan
Nr. 1-47 - Sendum út á land



Einnig vasabrotsbækur:
Galdrameistarinn kr. 490.-
Ríki ljóssins kr. 490.-
Dætur lífsins kr. 490.-

Ótrúlegt úrval af bókum:
Vasabrots- og
innbundnar bækur
á ótrúlegu verði!




Úrval af trévörum
og steinplöttum
Brandaraverð

Heildsalar - Verslanir
Óskum eftir vörum
Flestir vöruflokkar koma til greina.



Jólagjafir
í miklu úrvali
á hlægilegu verði

Krónan
í fullu
verðgildi

Opið:
Mánud. - fimmtud. Kl. 12-18
Föstudaga Kl. 12-19
Laugard.- sunnudag Kl. 12-17

KREPPU
MARKAÐURINN




Smiðjuvegi 8 - Græn gata - Kópavogi - Sími 695 1612

## > MORRISONS MINNST Á BAR

Ray Manzarek og Robby Krieger úr hljómsveitinni The Doors ætla að taka þátt í athöfn í Los Angeles 8. desember til að halda upp á afmæli Jims Morrison sem hefði orðið 65 ára hefði hann lifað. Athöfnin fer fram á barnum Barney´s Beanery. Morrison, sem lést árið 1971, var fastagestur þar undir lok sjöunda áratugarins ásamt Janis Joplin. Seinna meir var honum meinaður aðgangur þangað eftir að hann pissaði á barinn. Afhjúpaður verður minningarskjöldur einmitt á staðnum þar sem hann pissaði.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Hita upp fyrir Cold War Kids

Hjaltalín er leiðinni í tónleikaferð um Evrópu með bandarísku sveitinni Cold War Kids. Um vikulangan túr er að ræða sem hefst í Tórínó á Ítalíu á laugardagskvöld.

Tónleikaferðin kom upp mjög snögglega því Hjaltalín var fengin til að hlaupa í skarðið fyrir aðra upphitunarsveit sem forfallaðist. „Við erum að fara í Evróputúr í janúar og það eru mestmegnis ferðalög í gegnum Þýskaland, Austurríki, Sviss, Bretland og Frakkland. Núna byrjum við á Ítalíu og förum svo á suðurströnd Frakklands og til Spánar. Hún er aðeins syðra þessi ferð þannig að það passar ágætlega,“ segir Högni Egilsson í Hjaltalín. „Þetta verður heljarinnar ferðalag. Þetta eru fjögur þúsund kílómetrar sem við erum að ferðast. Við tökum bíl og keyrum á milli. Þetta verður ofsalega gaman.“

Högni játar að um góða kynningu sé að ræða fyrir Hjaltalín enda þykir Cold War Kids með efnilegri sveitum í bandaríska rokkinu. Hún hefur gefið út tvær plötur, nú síðast Loyalty to Loyalty. Sveitin átti á síðasta ári að hita upp fyrir The White Stripes á tónleikaferð en hætt var við ferðina.

Hjaltalín hitar upp fyrir tónleikaferðina með tónleikum á Nasa í kvöld þar sem einnig koma fram Sprengjuhöllin og Motion Boys. Skömmu síðar stíga krakkarnir upp í flugvél á vit ævintýranna á Ítalíu.

Milli jóla og nýárs ætlar Hjaltalín svo að taka upp ný lög með aðstoð sinfóníuhljómsveitar. Högni vonast til að efnið komist á næstu plötu sveitarinnar sem verður að öllum líkindum stærri og litríkari en sú síðasta. **- fb**



**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín er á leiðinni í tónleikaferð með Cold War Kids.








**HAMINGJAN ÚTI** París Hilton og Benji Madden hafa slitið níu mánaða sambandi sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

# París sparkar kærastanum

**Hótelerfinginn París Hilton hefur bundið enda á samband sitt við rokkarann Benji Madden úr hljómsveitinni Good Charlotte. Þau voru saman í níu mánuði en að sögn vina þeirra reyndust þau á endanum vera of ólík til að hamingjan entist. „Hann hefur hjálpað henni að fullorðnast og þau vilja vera vinir áfram. París ætlar nú að njóta þess að vera á lausu í bili,“ sagði vinkona hennar við The Sun.**

**Ekki er langt liðið síðan bandarískir fjölmiðlar birtu myndir af París úti á lífinu með fyrrverandi kærasta sínum, Stavros Niarchos. Vinir hennar staðhæfa þó að hann eigi ekki þátt í skilnaði Parísar og Madden.**

# Saga dragg-keppni rakin

Listamaðurinn Georg Erlingsson Merritt hefur skipulagt sýningu þar sem saga Draggkeppni Íslands er rakin. Sýningin hefst í Regnbogasal Samtaka 78 í kvöld.

„Þau hjá samtökunum spurðu mig hvort ég væri til í að leyfa fólki að sjá afrakstur keppninnar í gegnum árin,“ segir Georg, sem hefur séð um rekstur hennar frá árinu 1999.

Sýndir verða sigurkjólar bæði frá draggdrottningu og -kóngi auk þess sem fleiri kjólar, ljósmyndir, myndbönd og annað verður til sýnis.



**GEORG** Georg Erlingsson í góðu stuði í einni af draggkeppnunum sem haldnar hafa verið.

Georg telur að fjöldi fólks eigi eftir að láta sjá sig. „Það er svo marga sem dauðlangar að sjá vídeó og ljósmyndir af sjálfum sér í keppninni og líka þeir sem voru á þessum keppnum. Ég veit að það verða margir sem vilja koma að sjá þetta,“ segir Georg, sem vann keppnina árið 1998 er hún var haldin í Ingólfskaffi. Keppnin hóf göngu sína árið á undan og hefur hún verið haldin ellefu sinnum.

Að sögn Georgs verða kjólar áberandi á opnuninni í kvöld klukkan 20 því fyrrverandi keppendur ætla að mæta í gömlu kjólunum sínum og með góða skapið með í för.

Sýningin stendur yfir til 3. desember.

# Flott útgáfa frá framúrskarandi tónleikum

Í ársbyrjun 2008 voru liðin þrjátíu ár síðan Hinn íslenzki Þursaflokkur lék á sínum fyrstu tónleikum. Af því tilefni var gefinn út veglegur pakki með efni sveitarinnar og blásið til tónleika í Laugardalshöll 23. febrúar. Þar kom Þursaflokkurinn fram ásamt Caput-hópnum sem taldi tuttugu manns við þetta tækifæri. Upptökur frá tónleikunum eru nú komnar út í pakka sem inniheldur 16 laga 78 mínútna hljóðdisk og mynddisk með tónleikunum í heild sinni.

Það hefur verið fastur liður hér á landi undanfarin ár að skrifa nýjar útsetningar á verkum poppara sem svo flytja þær ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum. Margir þeirra hafa verið óspennandi og sumir jafnvel vandræðalega lélegir. Samstarf Þursa og Caput tókst hins vegar með miklum ágætum.

Blásturshljóðfærin eru mest áberandi í framlagi Caput-hópsins ásamt slagverki en strengirnir eru sparlegar notaðir. Þetta hæfir tónlist Þursanna mjög vel og kemur mjög vel út bæði í elstu lögunum og lögum af Gæti eins verið.

Endurkomur af þessu tagi geta verið hættulegar. Stundum hverfa töfrarnir við þær, en þessi tókst sérstaklega vel. Gamla Þursastemningin var á sínum stað, en um leið hleypti innlegg Caput-hópsins nýju lífi í gamla lagasafnið. Útgáfan sjálf er líka fyrsta flokks. Þursaboxið sem kom út í febrúar var stórglæsilegt og þessi pakki er í sama gæðaflokki. CD-diskurinn inniheldur 16 lög af þeim 22 sem voru á tónleikunum.

Á honum eru engar kynningar og sneitt hjá þeim lögum sem skera sig hvað mest úr heildinni, t.d. hinu teknó-vædda Sérfræðingar segja, Gegn um holt og hæðir með Ragnheiði Gröndal og polkapönkinu Jón var kræfur karl og hraustur. Fyrir vikið er hljómdiskurinn mjög heilsteyptur, samfelld tónlist.

Á DVD-disknum eru hins vegar tónleikarnir í heild sinni. Þar fær maður upplifunina beint í æð, alveg eins og hún var í Höllinni. Og Þursasía eftir Ríkarð Ö. Pálsson í flutningi Caput fylgir með sem aukaefni. Það verk er byggt á lagasafni Þursa og gaman að heyra það aftur.

Tónlist Þursaflokksins er einstök í íslenskri tónlistarsögu. Þessi tónleikaútgáfa staðfestir það og sýnir jafnframt að enn geta Þursar gert framúrskarandi hluti. Meðlimir sveitarinnar fóru á kostum á tónleikunum og ákefðin og gleðin sem þeir settu í verkið ásamt flottum útsetningum skila þessari frábæru útkomu.

**Trausti Júlíusson**



**TÓNLIST**

**Í Höllinni á þorra 2008**

Hinn íslenzki Þursaflokkur og Caput

★★★★★

Sérlega glæsileg útgáfa á hljóm- og mynddisk af vel heppnuðum tónleikum Þursa og Caput í Höllinni 23. febrúar síðastliðinn.



**MAMMÚT** Hljómsveitin Mammút kemur fram á tónleikum í Smáralind á laugardaginn.

# Fólk sýni baráttuanda

Mammút, Agent Fresco og fleiri hljómsveitir koma fram á tónleikum í Vetrargarðinum í Smáralind á laugardaginn. Tildrög tónleikanna eru þau að tónlistarmaðurinn Ká Eff Bé, Kristinn F. Birgisson, samdi lag til kærustu sinnar sem hefur glímt við heilakrabbamein síðastliðin fimm ár. Hann og félagi hans, Ástþór Óðinn, sem sjálfur missti móður sína fyrir nokkrum árum vegna krabbameins, ákváðu þá að efna til tónleika með aðstoð Krabbameinsfélagsins. „Þetta eru baráttukveðjutónleikar. Við viljum hvetja fólk til að mæta og sýna sinn baráttuanda,“ segir Kristinn. Allir sem koma að tónleikunum gera það án endurgjalds. Frítt er inn á tónleikana sem hefjast klukkan 16 og standa yfir í tvo tíma.

# Baltasar er kóngurinn

Baltasar Kormáki er lýst sem kónginum í íslensku kvikmyndalífi á heimasíðunni Hollywoodreporter.com eftir að mynd hans Brúðguminn hlaut sjö Edduverðlaun á dögunum.

Einnig er minnst á hinn stóra sigurvegara kvöldsins, mynd Óskars Jónassonar, Reykjavík-Rotterdam, sem hlaut fimm verðlaun. „Kormákur leikur aðalhlutverkið í Reykjavík-Rotterdam sem sýnir fjölhæfni þessa unga manns, sem sló í gegn með 101 Reykjavík. Á örskömmum tíma er hann orðinn eins manns kvikmyndaiðnaður á Íslandi,“ sagði í fréttinni. Heimasíðan Screendaily.com fjallar einnig um Edduverðlaunin þar sem kemur fram að Brúðguminn hafi hlotið fjórtán tilnefningar sem sé nýtt met.



**BALTASAR KORMÁKUR** Baltasar fær góða umsögn á bandarísku heimasíðunni Hollywoodreporter.com.






**TOLLI FESTIR UPP SÝNINGUNA** Er hægt að búa hér? spyr Tolli um leið og hann vísar til horfinnar kynslóðar sem hugsaði ekki um rassgatið á sjálfri sér heldur uppbyggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Út með sjálfsmynd þrælsins

**Á stærstu sýningu Tolla til þessa vísa verkin til kynslóðar sem við miklu verri kost byggði upp almennilegt samfélag.**

„Nei, alls ekki. Tímasetningin er snilld," segir myndlistarmaðurinn Tolli spurður hvort ekki sé óðs manns æði að efna til myndlistarsýningar nú á þessum síðustu og verstu.

Í dag opnar Tolli sína stærstu sýningu til þessa í Reykjavík Art Gallerí við Skúlagötu 30 og Gallerí listamenn við Skúlagötu 32. Sýningin er tvískipt. Annars vegar Búdda-myndir Tolla og hins vegar Íslandsmyndir – landslagsmyndir.

„Einmitt á þessari stundu er þörf á Fjölnismönnum. Búdda er auðvitað allra og alls. Miðja hans er kærleikur og hugarró sem er sú orka sem við þurfum til athafna. Ör bogamannsins skeikar ekki þegar hún er hlaðin þessu. Við þurfum að vera vissir núna. Ekki mörg tækifæri sem við fáum," segir Tolli um Búdda-myndir sínar.

Myndirnar hefur Tolli unnið hér heima sem og í Danmörku og Þýskalandi. Íslandsmyndirnar, allt landslagsmyndir, eru að sögn listamannsins tilbeiðsla til landsins: Fegurð – kraftur – kærleikur. „Það er Ísland," segir Tolli. Nokkuð óvænt nú þegar mótmælabylgja og reiðialda ríður yfir landið. Tolli segir að menn megi ekki rugla öllu saman í einn graut. Myndirnar tali og af þeim megi læra. Það má spegla sig í þeim og velta fyrir sér þeirri spurningu af hverju við búum hér á hjara veraldar þrátt fyrir óvinveitt samfélag.

„Ég sá eitt sinn graffití á vegg við Tryggvagötu. Nýbúið er að þrýstiþvo það í burtu: Ég elska þetta land en óttast ríkisstjórnina. Sem lýsir viðhorfum mínum til þess að vera Íslendingur. Á margan hátt er íslenskt samfélag æðislegt en á sínar veiku hliðar. Yfir allan vafa er hafið að ég er þakklátur fyrir að vera fæddur á þessum stað. Vegna náttúrunnar. Hefur ekkert með þjóðsöng eða fána að gera," segir Tolli og málar fjöll og firnindi, nafnlausa staði og eyðibýli sem húka fram á ystu nöf mögulegrar byggðar. Lítið hús undir ægilegu fjalli í faðmi hrikalegrar náttúru. Yfirgefið.

„Þar bjó fólk sem tilheyrði renaissance-kynslóð þessa lands. Fólkið sem byggði háskóla, spítala, lagði vegi og brúaði árnar. Hugsjón þess var ekki að hlaða undir rassgatið á sjálfu sér heldur var málið að koma börnum til mennta. Þess vegna standa þessi eyðibýli sem symból um hvað hægt er að gera. Vitnisburður genginnar kynslóðar sem við miklu verri kost náði að byggja upp samfélag. Sem er „existens" Íslendinga. Er þetta hægt? Er hægt að búa hérna?" spyr Tolli og festir myndir á veggi galleríanna.

Tolli sýndi í Magasin du Nord í Köben þegar svarti október reið yfir. Tolli hefur ekkert upp á Dani að klaga. „Þeir eru eins og þeir eru. Sérstakir. Eins og við erum markeraðir af því að hafa verið kúguð nýlenduþjóð eru þeir markeraðir af því að hafa verið nýlenduherrar í x-tíma. Ekkert endilega gott karma en karma sem þeir verða að eiga við. Eins megum við losna við þessa sjálfsmynd þrælsins og ekki láta það slá okkur út af laginu þó að við höfum kinksað í útrásinni."

**jakob@frettabladid.is**





LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PRIDE AND GLORY | kl. 5, 7.45 og 10.15 | 16 |
| IGOR - 650 kr. | kl. 4 og 6 | L |
| TRAITOR | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5, 7.45 og 10.15 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| BODY OF LIES | DIGITAL | kl. 5:50 - 8 - 10:40 | 16 |
| BODY OF LIES | | kl. 4 - 8 - 10:40 | VIP |
| PASSENGERS | | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| HOW TO LOSE FRI... | | kl. 5:50 - 8:30 - 10:40 | 12 |
| RESCUE DAWN | | kl. 8:10 - 10:40 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | DIGITAL-3D | kl. 4 - 6 | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | | kl. 3:30 - 5:30 - 8 | L |
| EAGLE EYE | | kl. 10:30 | 12 |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | | kl. 4 | L |
| WALL-E m/ísl. tali | | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BODY OF LIES | DIGITAL | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| W | | kl. 5:50 - 8 - 10:40 | 12 |
| PASSENGERS | | kl. 8:30 - 10:30 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | DIGITAL-3D | kl. 4 | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | DIGITAL | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| SEX DRIVE | | kl. 3:40 | 12 |
| JOURNEY 3D | DIGITAL-3D | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5:40 - 8 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10:20 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:40 | L |
| PATHOIOGY | kl. 8 | 16 |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BODY OF LIES | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 6 | L |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| HOW TO LOSE ... | kl. 8 | 12 |
| JAMES BOND | kl. 5:40 - 10:20 | 12 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 5:40 | L |







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 4 - 6 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 500 kr. | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 500 kr. | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 6 | L |
| TRAITOR | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 | 14 |
| QUARANTINE | kl. 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PRIDE AND GLORY | kl. 5.30 - 8 - 10.40 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 7 - 8.30 - 10 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| IGOR 500 kr. | kl. 5.30 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 8 - 10 | L |
| IGOR 650 kr. | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR






## ÁTÖK OG EINKAMÁL, SORGIR OG SIGRAR

*Saga af forseta* er ítarleg og einstaklega forvitnileg úttekt á viðburðaríkum embættisferli Ólafs Ragnars Grímssonar, umdeildasta forseta lýðveldisins.

Hér er nýju ljósi varpað á margvísleg umsvif forsetans og athafnasemi, tengsl hans við valdamenn í viðskiptum og stjórnmálum innanlands og utan, litrík samskipti við aðra ráðamenn og einkamál hans sem stundum hafa verið mjög í sviðsljósinu.

Guðjón Friðriksson sagnfræðingur er margverðlaunaður rithöfundur. *Saga af forseta* er byggð á rannsóknum hans og viðtölum við fjölda fólks heima og erlendis, auk forsetans sjálfs.

**Áríðandi bók fyrir áhugafólk um íslenska samtíð!**

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

## > ÍM í sundi hófst í gærkvöld

Íslandsmeistaramótið í sundi í 25 metra laug hófst í Laugardalslaug í gærkvöld en mótið stendur fram á sunnudag. Þarna er samankomið flest af okkar besta sundfólki sem mun reyna við Íslandsmet sem og reyna að ná lágmörkum fyrir Evrópumeistaramótið í 25 metra laug. Mótið hófst í gær á 800 metra skriðsundi kvenna þar sem Ólympíufarinn Sigrún Brá Sverrisdóttir úr Sunddeild Fjölnis fór með sigur úr býtum á tímanum 8 mínútur 58,57 sekúndur. Tími Sigrúnar nægði þó ekki til þess að slá Íslandsmet Ingibjargar Arnardóttur úr Sundfélaginu Ægi, 8 mínútur 53,83 sekúndur, sem sett var árið 1992.



# sport

sport@frettabladid.is

HEIÐAR HELGUSON: Á LÁNI TIL QPR TIL LOKA JANÚAR MEÐ MÖGULEIKA UM AÐ GANGA Í RAÐIR FÉLAGSINS EFTIR ÞAÐ

# Það þýðir ekkert að sitja bara á afturendanum

Harðjaxlinn Heiðar Helguson var enn á Möltu, þar sem hann skoraði eina mark Íslands í vináttulandsleik í fyrradag, þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Hann hefur ákveðið að ganga í raðir Coca Cola Championship-deildarfélagsins QPR á lánsamningi frá úrvalsdeildarfélaginu Bolton til loka janúar. Heiðar hefur til þessa ekki fengið mörg tækifæri til að spreyta sig undir stjórn Gary Megson hjá Bolton og hefur stöðugt verið orðaður við félög á borð við Charlton, Watford, Sheffield United, Nottingham Forest en QPR varð á endanum fyrir valinu.

„Ég var hættur að taka eftir því að verið væri að orða mig við hin og þessi félög þar sem þetta var orðinn nánast daglegur viðburður. Þetta dæmi með QPR kom fyrst upp fyrir svona hálfum mánuði síðan en svo kom eitthvað bakslag í þetta fyrir viku eða svo og þá leit út fyrir að ekkert yrði af þessu. Þetta var svo allt í einu komið aftur á í gær og ég er bara ánægður með það. Fyrst stóð til að þeir ætluðu að kaupa mig en þar sem ég hef ekki spilað reglulega í nokkuð langan tíma þá vildu þeir til að byrja með fá mig á láni og svo kemur bara í ljós hvað verður í janúar. Það fer bara eftir því hvernig maður stendur sig,“ segir Heiðar.

Heiðar viðurkennir að hann geti varla beðið eftir því að fara að spila reglulega á ný eftir að hafa þurft að verma tréverkið löngum stundum hjá Bolton.

„Það þýðir ekki að sitja bara á afturendanum og horfa á aðra spila fótbolta hvern einasta laugardag. Það er ekkert varið í það. Ég er því gríðarlega spenntur yfir þessu tækifæri og vonast náttúrulega til þess að fá að spila sem mest. Ég hef spilað mikið í þessari deild með Watford og átti frábæran tíma þar og ég veit alveg út á hvað þetta gengur. Það verður ekkert sem kemur mér á óvart þar en deildin er reyndar alltaf að verða sterkari og sterkari,“ segir Heiðar sem verður að öllum líkindum í leikmannahópi QPR gegn sínum gömlu félögum í Watford á laugardaginn.



## ÚRSLIT

### Subwaybikar karla í körfub.

Snæfell-KR 73-79 (43-49)

**Stig Snæfells:** Sigurður Á Þorvaldsson 26, Jón Ólafur Jónsson 16, Hlynur Bæringsson 14 (14 frák.), Slobodan Subasic 10, Atli Rafn Hreinsson 3, Magni Hafsteinsson 2, Gunnlaugur Smárason 2.

**Stig KR:** Jakob Örn Sigurðarson 27, Jón Arnór Stefánsson 22 (5 frák. 4 stoðs.), Fannar Ólafsson 10 (9 frák.), Helgi Már Magnússon 6, Darri Hilmarsson 4, Skarphéðinn Freyr Ingason 3, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3, Baldur Ólafsson 2, Jason Dourisseau 2.

FSu-Þór Ak. 55-63 (34-34)

### N1-deild karla í handbolta

Valur-Stjarnan 28-22 (14-11)

**Mörk Vals (skot):** Arnór Gunnarsson 8/5 (12/5), Elvar Friðriksson 7 (13), Sigurður Eggertsson 6 (7), Orri Freyr Gíslason 3 (3), Heimir Örn Árnason 2 (4), Ingvar Árnason 1 (1), Sigfús Sigfússon 1 (3), Gunnar Harðarson (1)

**Varin skot:** Ólafur Gíslason 2 (7/1) 22%, Pálmar Pétursson 16/1 (31/1) 52%

**Hraðaupphlaup:** 1 (Sigurður)

**Fiskuð víti:** 5 (Sigurður 3, Elvar, Orri)

**Utan vallar:** 10 mín

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Fannar Friðgeirsson 6/1 (11/2), Hermann Björnsson 5 (7), Guðmundur Guðmundsson 3 (9/1),Ragnar Helgason 2 (2), Kristján Kristjánsson 2 (3), Fannar Þorbjörnsson 1 (3), Jón Heiðar Gunnarsson 1 (1), Daníel Einarsson 1 (1), Gunnar Jóhannsson 1 (1), Jón Arnar Jónsson (2), Hrafn Ingvarsson (1)

**Varin skot :** Styrmir Sigurðsson 9 (27/4) 33%, Árni Þorvarðarson 4 (14/1) 28%

**Hraðaupphlaup :** 2 (Kristján, Jón Heiðar)

**Fiskuð víti :** 3 (Fannar 3)

**Utan vallar :** 2 mín

**Dómarar :** Arnar Sigurjónsson og Svavar Ó. Pétursson. Voru sæmilegir



**ARNÓR** Einn margra landsliðsmanna sem eru meiddir þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meiðsli hjá landsliðsmenn:

## Arnór á leið undir hnífinn

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Arnór Atlason mun leggjast undir hnífinn næsta þriðjudag vegna þrálátra meiðsla í hné.

Það er liðþófinn sem er að trufla Arnór en hann meiddist á sama liðþófa fyrir ári síðan.

„Meiðslin uppgötvuðust eftir Makedóníuleikina í sumar en það var eðlilega ekkert gert út af Ólympíuleikunum. Ég hef nú ekkert verið sárþjáður en síðustu tvær vikur hafa verið erfiðar og ég verð því að láta laga þetta,“ sagði Arnór sem stefnir að því að vera kominn aftur í slaginn 7. febrúar er lið hans, FCK, mætir GOG í dönsku deildinni.

Arnór verður því ekki með íslenska landsliðinu gegn Þjóðverjum í lok mánaðarins og getur heldur ekki tekið þátt í landsliðsverkefnunum í janúar.

- hbg

# Jón og Jakob voru erfiðir

KR-ingar slógu bikarmeistara Snæfells út úr bikarkeppninni í Stykkishólmi í gær og eru komnir áfram í sextán liða úrslit eftir 73-79 sigur í spennandi leik.

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar héldu sigurgöngu sinni áfram og eru komnir áfram í 16 liða úrslit Subway-bikars karla eftir að hafa slegið bikarmeistarana út á þeirra eigin heimavelli í Stykkishólmi í gær. KR vann 79-73 í spennandi leik þar sem KR-liðið var með frumkvæðið stærsta hluta leiksins en Snæfellingar voru með í leiknum allt til enda.

„Þetta var erfiður sigur því Snæfell er með gott lið. Þeir eru með stórt lið og það reyndist okkur erfitt í vörninni. Við hefðum vissulega getað spilað betur en þetta er bikarkeppni og þar er sigurinn það eina sem skiptir máli,“ sagði KR-ingurinn Jón Arnór Stefánsson eftir leik. Hann og Jakob þurftu að taka af skarið í þessum leik og voru bestu menn liðsins. „Þetta var kannski svolítið einhæft um tíma en við reyndum bara að keyra á körfuna og vera leiðtogar og stýra þessu liði til sigurs,“ sagði Jón Arnór.

Snæfellingar byrjuðu mjög vel og þetta leit ekkert alltof vel út fyrir KR í upphafi þegar þeir voru komnir fimm stigum undir, Jason Dourisseau var kominn útaf með þrjár villur og KR-bekkurinn komin með tæknivillu fyrir mótmæli. Jón Ólafur Jónsson skoraði 9 fyrstu stig Hólmara sem voru í fínum gír. Jakob Örn Sigurðarson og Jón Arnór Stefánsson sýndu þá hversu þeir eru magnaðir og komu KR hreinlega aftur inn í leikinn, fyrst Jakob með 12 stigum á fyrstu sjö mínútum fyrsta leikhluta og svo Jón Arnór með því að skora 7 stig á einni mínútu. Það var hins vegar Darri sem kom KR yfir í lok fyrsta leikhluta með sóknarfrákasti og laglegri körfu um leið og leiktíminn rann út. KR var komið í gang, hafði tökin í öðrum leikhluta og leiddi með sex stigum í hálfleik, 43-49.

Snæfellingar voru ekki á því að gefast upp og það tók þá aðeins tvær og hálfa mínútu að jafna leikinn í seinni hálfleik. KR-ingar voru áfram aðeins á undan en heimamenn gáfu ekki eftir og allur seinni hálfleikurinn var mjög spennandi. Jón Arnór Stefánsson var mjög áræðinn í lokaleikhlutanum og kom hlutunum á hreyfingu í lokaleikhlutanum með því að fara sterkt á körfuna. Afmælisbarnið Fannar Ólafsson skoraði líka sex mikilvæg stig á þessum tíma og átti góðan leik.

KR-ingar voru sterkari á lokasprettinum og lönduðu sigrinum þrátt fyrir að leyfa sér að klikka á fjórum vítum á lokamínútunni.

„Þetta spilaðist eins og við vildum en við náðum bara ekki að klára þetta í lokin. Mér fannst ekkert að vörninni en Jón og Jakob voru að hitta þvílíkt vel í fyrri hálfleik og þeir eru erfiðir. Við áttum möguleika á að vinna leikinn og við töluðum um það fyrir leikinn að þar vildum við vera,“ sagði Sigurður Þorvaldsson, annar þjálfara Snæfells og besti maður liðsins, með 26 stig. Sigurður sér framfarir hjá sínum mönnum. „Liðið er á réttri leið og það er allt annað að sjá sóknina hjá okkur eftir að hún var búin að vera mjög stirð framan af vetri. Við erum samt ekki alveg nógu klárir í að klára leikina í vetur og þá sérstaklega hérna á heimavelli,“ sagði Sigurður að lokum. Hlynur Bæringsson var einnig sterkur að vanda en Slobodan Subasic, sem lék sinn fyrsta leik í gær, er ekki í leikæfingu og þarf tíma til þess að hjálpa liðinu meira en hann gerði í gær.

ooj@frettabladid.is



**HART BARIST** Snæfellingar veittu KR-ingum harða keppni í Fjárhúsinu í Stykkishólmi í gærkvöld en bikarmeistararnir urðu að lokum að sætta sig við 73-79 tap og KR er því komið áfram í 16 liða úrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**KOMINN HEIM** Gunnar Kristjánsson skrifaði undir samning við KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnar Kristjánsson:

## Kominn aftur í herbúðir KR

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Gunnar Kristjánsson hefur ákveðið að ganga á ný í raðir uppeldisfélags síns, KR, eftir að verða laus allra mála hjá Víkingi þar sem hann hefur verið undanfarin tvö ár. Gunnar skrifaði undir samning við KR út leiktíðina árið 2010.

Hinn tuttugu og eins árs gamli Gunnar hefur leikið með öllum yngri landsliðum Íslands og vann sér jafnframt sæti í landsliðshópi Eyjólfs Sverrissonar fyrir leikina gegn Liechtenstein og Svíþjóð í undankeppni EM 2008. - óþ

Leyfiskerfavandræði í Noregi:

## Birkir og Pálmi voru ólöglegir

**FÓTBOLTI** Norskir fjölmiðlar greindu frá því í gærkvöld að ellefu af fjórtán félögum í norsku úrvalsdeildinni hafi brotið reglur um skráningu á í það minnsta tuttugu leikmönnum í leyfiskerfi norska knattspyrnusambandsins á nýafstöðnu keppnistímabili.

Noregsmeistarar Stabæk eru þar sagðir ekki hafa staðið sig við skráningu á fjórum leikmönnum og er Pálmi Rafn Pálmason einn þeirra. Annar Íslendingur er einnig á listanum en það er Birkir Már Sævarsson hjá Brann.

Málið er ekki hið skrýtnasta og verður að teljast ólíklegt að eitthvað verði frekar aðhafst í því þar sem svo mörg félög hafi ekki farið að settum reglum - óþ

Valsmenn áttu ekki í miklum vandræðum með Stjörnuna í N1-deild karla í handbolta í gærkvöld:

# Valsmenn komnir á toppinn í deildinni

**HANDBOLTI** Það var vel mætt í Vodafonehöllina að Hlíðarenda í gærkvöldi þegar Valur og Stjarnan mættust í N1-deild karla. Leikurinn var jafn og spennandi í fyrri hálfleik en í þeim síðari stungu Valsmenn af og unnu að lokum öruggan sigur gegn fremur lánlausum Stjörnumönnum.

Fyrri hálfleikur var nokkuð jafn eins og áður segir. Stjörnumenn byrjuðu betur og náðu tveggja marka forystu en þá lokuðu Valsmenn vörninni, skoruðu sex mörk í röð og sóknarleikur Stjörnunnar virtist frekar ráðalaus. Valsmenn náðu þó ekki að hrista Stjörnuna alveg af sér og var munurinn þrjú mörk í hálfleik 14-11.

Í upphafi síðari hálfleiks virtist sem Stjörnumenn ætluðu að halda í við Valsmenn en þegar Pálmar Pétursson fór í gang í marki Valsmanna héldu þeim engin bönd og þeir náðu góðu forskoti sem þeir héldu allt til enda. Stjörnumenn voru í stökustu vandræðum í sínum sóknarleik allan leikinn og helst fyrrum Valsmaðurinn Fannar Friðgeirsson sem ógnaði af viti.Mestur varð munurinn átta mörk en lokatölur voru 28-22.

„Pálmar kom sterkur inn í markið í dag og vörnin var allt í lagi. Við höfum ekki verið að fá á okkur mjög mikið af mörkum sem er jákvætt, sérstaklega þar sem við eigum Sigfús Sigurðsson inni. Það vantaði kannski aðeins upp á hraðann hjá okkur, en það var margt jákvætt í dag,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, og bætti við:

„Við eigum tvo erfiða leiki eftir í deildinni fram að jólum og svo einn bikarleik. Umgjörðin í dag var frábær, mig langar að hrósa stjórninni og Valsmönnum fyrir það. Við erum enn ósigraðir á heimavelli í vetur og það er auðvitað gott mál,“ sagði Óskar Bjarni að lokum. - sjj



**ÖFLUGUR** Elvar Friðriksson átti fínan leik fyrir Valsmenn í gærkvöld og skoraði sjö mörk í 28-22 sigri heimamanna í Vodafonehöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 1

- Intel Core2Duo E2140
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB SATA II - 8MB
- 256MB Geforce 7100
- 19" WideScreen skjár
- Windows Vista Home Basic

**114.950**

## ACER ASPIRE ONE BLUE

- 1.6GHz Intel Atom N270
- 1.5GB DDR2 533MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- 8.9" WideScreen skjár
- Aðeins 1 kg

acer **77.950**

## ACER EXTENSA 5220Z-1A

- 1.73GHz Intel T1400
- 1GB DDR2 667MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- 15.4" WideScreen skjár
- 384MB Intel GMA X3100

acer **87.950**

## AMD TÖLVA 1

- AMD Sempron LE1150
- 1GB DDRII 667MHz
- 160GB SATA II WD - 16MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- Windows Vista Home Basic

@tt.is **59.950**

## INTEL TÖLVA 3

- Intel core 2 Duo E7200
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB SATA II WD - 16MB
- 512MB Geforce 9500GT
- Windows Vista Home Premium

@tt.is **124.950**

## ACER EXTENSA 5620Z-2A

- 1.4GHz Intel Core2 Duo T5270
- 2GB DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 15.4" WideScreen skjár
- 384MB Intel GMA X3100

acer **127.950**

## SAMSUNG DVD SKRIFARI

Samsung 22 hraða svartur skrifari, SATA eða PATA DVDR±R/RW, DL

SAMSUNG **4.950**

## HREYNSILOFT

Hreynsiloft, upplagt að gera jólahreingerningu inní tölvunni með hágæða hreynsilofti frá Manhattan

MANHATTAN **1.650**

## TURNUPPFÆRSLA 4

- Athlon 64 X2 5200+
- 4GB DDR2 XMS 800MHz
- 500GB WD SATA II - 16MB
- 512MB Geforce NX9500GT
- Aero Cool turnkassi

**99.950**

## 4GB MINI MINNISLYKILL

Sandisk Cruzer Micro Skin 4GB minnislykill vandaður og flottur fyrir allmenna notkunn

**1.950**

## SENNHEISER HD 201

Sennheiser HD 201 létt og þægileg lokuð heyrnatól sem að ná utan um eyrun

SENNHEISER **2.950**

## 500GB WESTERN DIGITAL

500GB Western Digital SE16 - SATA II harður diskur WD500AAKS, 300MB/s, með 16MB buffer, 7.200RPM

Western Digital **11.950**

## 500W FORTRON AFLGJAFI

500W Fortron Blue Storm II öflugur aflgjafi með einni 120mm viftu undir aflgjafanum, ATX rev 2.2

**12.950**

## CREATIVE LIVE CAM VIDEO

Creative Live Cam Video IM Pro flott vefmyndavél með video FX tækni, heyrnatól og hlóðnemi fylgja

CREATIVE **3.950**

## 160GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar, fæst í svörtu, hvítu og bleiku

Western Digital **14.750**

## ATI RADEON R4670

MSI ATI Radeon R4670 skjákort, 750MHz core, 512MB GDDR3 2000MHz og 2x DVI tengjum Frábært í leikina.

GRAPHICS BY ATI · MSI

**17.950**

# @tt.is

*Allt tölvutengt á betra verði*

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## > Lucy Liu

„Mér finnst gaman að sjá konur slást eins og fagmenn en ekki eins og kettir. Að horfa á konur sem hafa krafta bæði á andlega og líkamlega sviðinu er mjög spennandi.“ Liu er í hlutverki spæjarans Alex Munday í kvikmyndinni Charlie's Angels sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER Á NOSTALGÍUTRIPPI

# Af Jordan, Maradona og Skaupinu

Mér hefur verið sagt að Ísland sé á leiðinni aftur til ársins 1986. Að efnahagsumhverfið verði svipað og þá. 1986 var engu að síður gott ár. Að mig minnir. Duran Duran og Wham voru bestir, trylltu táningsstúlkur og strákar voru látnir blása á sér hárið.

Danir fóru á kostum á knattspyrnuvellinum og hrifu alla íslensku þjóðina með. Sungu „við erum rauðir, við erum hvítir“. Þeir voru kallaðir danska dínamítið með Preben Elkjær og Michael Laudrup fremsta í flokki. Fóru í sextán liða úrslit á HM í Mexíkó og töpuðu þar stórt fyrir Spánverjum. Butragino slátaði þeim með þrennu. Knattspyrnan var nefnilega ekki orðin gjörspillt af oflaunuðum stráklingum heldur léku menn af tilfinningu og þjóðernisást. Maradona leiddi Argentínu til sigurs gegn Vestur-Þjóðverjum. Hafði áður sólað enska miðju- og varnarmenn upp úr skónum. Skoraði líka með hendinni til að hefna fyrir Falklandseyjastríðið. Maradona breyttist úr litlum fátæklingi frá Buenos Aires í guð sem enn er dýrkaður í sumum hverfum Napólí.

1986 lék Michael Jordan lausum hala á fjölum stórra NBA-halla í Bandaríkjunum. Sló hvert metið af fætur öðru í stigaskorun. Var langbestur þrátt fyrir að Magic Johnson og Larry Bird væru enn að berjast um NBA-titilinn. Að horfa á Jordan var svona svipað og að sjá snilldartilþrifin hjá Maradona.

1986 var Skaupið líka fyndið og Stöð 2 með Völu Matt og Jón Óttar var að stíga sín fyrstu skref. 1986 var bara fínt ár og það er bara gott að við erum á leiðinni þangað aftur. Nema ef vera skyldi fyrir tískuna. Hana vil ég ekki sjá aftur.



**1986** Ísland er á leiðinni til ársins 1986. Þá réðu Maradona, Jordan og danska dínamítið ríkjum.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Logi í beinni** STÖÐ 2



▶ **20.00 It's a Boy Girl Thing** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15 Útsvar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Singing Bee** SKJÁREINN





▶ **21.30 Punk'd** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Káta maskínan** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.15 Táknmálsfréttir**

**17.25 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar** (60:65)

**17.47 Músahús Mikka** (31:55)

**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty II) (29:41) Bandarísk þáttaröð um venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Útsvar** Að þessu sinni eigast við lið Ísafjarðarbæjar og Grindavíkur. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.

**21.15 Á beinu brautinni** (Right on Track) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2003 um kappakstursshetjuna Ericu Enders sem hóf keppni ung að árum. Meðal leikenda eru Beverley Mitchell, Brie Larson, Jon Lindstrom og Jodi Russell.

**22.45 Afeitrun** (D-Tox) Bandarísk spennumynd frá 2002. Lögreglumaður sem eltst hefur við raðmorðingja árangurslaust fer í áfengismeðferð en fljótlega fara sjúklingar á hælinu að týna tölunni. Leikstjóri er Jim Gillespie og meðal leikenda eru Sylvester Stallone og Kris Kristofferson.

**00.20 Sabah** (Sabah) (e)

**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events**

**10.00 In Good Company**

**12.00 The Honeymooners**

**14.00 In Good Company**

**16.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events**

**18.00 The Honeymooners**

▶**20.00 It's a Boy Girl Thing** Rómantísk gamanmynd um hina prúðu Nell og Woody sem er fótboltastjarna skólans, sem vakna einn daginn í líkama hvors annars.

**22.00 Hendrix**

**00.00 Fallen. The Journey** Annar hluti

**02.00 The Descent**

**04.00 Hendrix**

**06.00 Irresistible**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (197:300)

**10.15 America's Got Talent** (7:15)

**11.10 Jamie's Chef** (1:4)

**12.00 Grey's Anatomy** (15:25)

**12.45 Neighbours**

**13.10 Forboðin fegurð** (75:114)

**13.55 Forboðin fegurð** (76:114)

**14.40 Meistarinn** (8:15)

**15.35 Bestu Strákarnir** (18:50)

**16.00 A.T.O.M.**

**16.23 Bratz**

**16.48 Nornafélagið**

**17.08 Dexter's Laboratory**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.35 The Simpsons** (2:25)

▶**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.

**20.45 Wipeout** (3:11)

**21.30 Charlie's Angels** Natalie, Dylan og Alex eru hörkukvendi sem hræðast ekki neitt. Þær starfa hjá spæjaraþjónustu Charlies og glíma við óþokka af öllum stærðum og gerðum. Næsta verkefni þeirra er að bjarga tæknisénínu Eric Knox úr höndum mannræningja og koma í veg fyrir að dýrmætur hugbúnaður hans verði misnotaður.

**23.05 Match Point Gagnrýnendur** Mynd frá Woody Allen um ungan fyrrverandi atvinnumann í tennis sem kemur sér innundir hjá vellauðugri breskri hefðarfjölskyldu.

**01.05 Lords of Dogtown**

**02.50 Path of Destruction**

**04.20 Wipeout** (3:11)

**05.05 The Simpsons** (2:25)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**18.10 Utan vallar**

**19.00 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.

**19.30 NFL deildin** Magnaður þáttur þar sem hver umferð í NFL deildinni er skoðuð í bak og fyrir. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**20.00 Spænski boltinn** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.

**20.30 Fréttaþáttur** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir.

**21.00 Ultimate Fighter** Mögnuð þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC.

**21.45 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**22.30 World Series of Poker 2008**

**23.25 NBA - Bestu leikirnir** Los Angeles Lakers og Boston Celtics mættust í úrslitum NBA árið 1987 og fjórði leikur einvígsins gleymist seint, þó einkum tilþrif Magic Johnson.

## SPORT 2 enski boltinn

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.

**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.50 PL Classic Matches** Leeds - Tottenham, 2000. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** Leeds - Man United, 2001.

**22.50 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**23.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Game tíví** (11:15) (e)

**09.15 Vörutorg**

**10.15 Óstöðvandi tónlist**

**15.35 Vörutorg**

**16.35 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**17.20 Skrekkur 2008** (e)

**19.20 Friday Night Lights** (10:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas þar sem allt snýst fótboltalið skólans. (e)

**20.10 Charmed** (10:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. Engill dauðans heimsækir heillanornirnar og á lista hans er nafn sem þær kannast við, Leo. Nornirnar gera allt sem þær geta til að bjarga honum en galdurinn fer úr böndunum þegar allir fara að líkjast Leo.

▶**21.00 Singing Bee** (10:11) Nýr, íslenskur skemmtiþáttur þar sem fjörið ræður ríkjum. Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Kynnir þáttarins er Jónsi og hljómsveitin Buff sér um tónlistina. Núna sjáum við brot af því besta sem gerst hefur í Singing Bee í vetur og sýnum fjölmörg atriði sem ekki hafa sést áður og áhorfendur eiga eftir að skemmta sér yfir.

**22.00 The Contender** (1:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu stórstjörnu í hnefaleikaheiminum.

**22.55 In Plain Sight** (9:12) (e)

**23.45 Hysteria. The Def Leppard Story** (e)

**01.15 Sugar Rush** (1:10) (e)

**01.40 Jay Leno** (e)

**02.30 Jay Leno** (e)

**03.20 Vörutorg**

**04.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45

### Wipeout




Næstu 24 keppendur í þessum hörkuspennandi og bráðskemmtilega raunveruleikaþætti berjast sín í milli og við klukkuna og allir vilja þeir verða fyrstir til að ljúka við þrautirnar og komast í fjögurra manna úrslit. Meðal þess sem keppendurnir þurfa að eiga við þessa vikuna er kleinuhringjahlaup, tannburstasópur, risaboltar og margt fleira stórskemmtilegt. Hinir fjórir bestu mætast svo í undanúrslitum þar sem þeir keppa um 50 þúsund dala verðlaun.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Contender
### Skjáreinn

Í kvöld byrjar á Skjáeinum þriðja þáttaröðin af The Contender en þær fyrri hafa notið mikilla vinsælda. Þetta er bandarísk raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu stórstjörnu í hnefaleikaheiminum. Sextán efnilegir hnefaleikakappar mæta til leiks og berjast þar til aðeins einn stendur eftir. Fylgst er með keppendum í æfingabúðum, fjarri fjölskyldum sínum, þar sem löngunin til að láta drauma sína rætast keyrir þá áfram af mikilli hörku. Maðurinn að baki þáttunum er einn frægasti boxari allra tíma, Sugar Ray Leonard.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Bulgari sambandið
**15.30** Heimsaugа
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (64:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (65:260)
**17.00 Ally McBeal** (22:23)
**17.45 ET Weekend**
**18.30 Punk'd** (16:16)
**19.00 Hollyoaks** (64:260)
**19.30 Hollyoaks** (65:260)
**20.00 Ally McBeal** (22:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**20.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíðindað á hressilegan hátt.
▶**21.30 Punk'd** (16:16) Grallaraspóinn Ashton Kutcher snýr aftur og heldur áfram að hrekkja helstu stjörnurnar í Hollywood og taka allt saman upp á falda myndavél.
**22.00 Prison Break** (8:22) Michael Scofield braust út úr fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
**22.45 My Bare Lady** (3:4) Fjórar klámmyndaleikstjörnur frá Bandaríkjunum fá tækifæri á að spreyta sig í virtum leiklistarskóla í Bretlandi og fá hlutverk í alvöru leikhúsi.. Nú þurfa þær að sanna það sem þær hafa hingað til haldið fram, að þeirra leikur sé ekki síðri en annarra.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaus um málefni sem alla varðar. Umsjónarkona er Ásdís Olsen.
**21.00 Vitleysan** Grínistarnir Þórhallur Þórhallsson og Eyvindur Karlsson láta gamminn geysa. Það sannast að sjaldan fellur eplið langt frá eikinni en hér eru synir Ladda og Karls Ágústs Úlfsonar mættir til leiks.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Politiskolen **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Min funky familie **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Den lille prinsesse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Enden er nær **20.00** TV Avisen **20.30** Reimers **21.10** Rush Hour 2 **22.40** A Sound of Thunder

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Sjukehuset i Aidensfield **12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Hairy Bikers kokebok **13.35** 'Allo, 'Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Megafon **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Fragglene **17.25** Sauer **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Kodenavn Hunter **22.10** Kveldsnytt **22.25** Si at du elsker meg **23.15** Christina Aguilera - live i Australia

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Debatt **11.50** Mitt i naturen **12.40** Carin **13.10** Svensson, Svensson **13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Djursjukhuset **16.00** Disneydags **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Doobidoo **20.00** Robins **20.30** Training Day **22.30** Kulturnyheterna **22.45** Morgonsoffan **23.15** Dödens fält **01.35** Sändningar från SVT24


# Ráð við kvefi

**Bólgu í munni og hálsi má lina með því að...**
- Sjúga Strepsils-hálstöflur
- Drekka heita drykki - til dæmis kamillute með hunangi
- Forðast tóbaksreyk

**Stíflaðar nasir má lina með því að...**
- Nota nefúða - til dæmis Otrivin
- Sofa með hátt undir höfði - sem dregur einnig úr hósta

**Þegar maður er með kvef og særindi í hálsi er almennt gott að...**
- Drekka mikið af vökva
- Þvo hendurnar oft
- Forðast líkamlega áreynslu
- Lofta vel og vandlega heima fyrir en forðast þó vind og kulda
- Nota snýtupappír og henda eftir notkun




**Otrivin auðveldar þér andardrátt þegar þú ert með kvef!**
- Otrivin skal úða einu sinni í hvora nös eftir þörfum, 2-3 sinnum á dag.
- Nota í mesta lagi 10 daga í röð.

**Strepsils, við særindum í hálsi!**
Strepsils er fáanlegt með fjórum bragðtegundum:
- Ávaxtabragði
- Sítrónu- og hunangsbragði
- Sítrónu- og jurtabragði (sykurlaust)
- Mentólbragði

**OTRIVIN** nefúði og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. **Otrivin 1 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. **Otrivin 0,5 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

**STREPSILS** töflur innihalda: Amýlmetakresól 0,6 mg, 2,4 tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg. Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt í eina viku. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Skyndibitastaðurinn er Culiacan þar sem ég fæ mér yfirleitt búrrító með kjúklingi, en fínni staður er Argentína.“*

Bergling Richardsdóttir, hár-og förðunarmeistari og eigandi www.netbud.is.

# Grinch er eins og stór rokksýning

Íslenska fyrirtækið Caoz kom að hönnun gervisins sem Stefán Karl Stefánsson notast við í leiksýningunni How the Grinch stole Christmas, eða Hvernig Tröllið stal jólunum, eftir Dr. Seuss. Sýningin er nú sýnd fyrir fullu húsi í Baltimore. Sýningin hefur fengið frábæra dóma en leikarinn líkir umfanginu við stórt rokksjóv.

Gagnrýnendur hafa tekið Stefáni opnum örmum í stærstu dagblöðum Baltimore og lofsungið frammistöðu hans. Leikarinn var að sjálfsögðu himinlifandi með viðtökurnar. Segir ánægjulegt hversu vel Bandaríkjamenn hafi tekið „íslenskum“ Trölla. „Þetta er auðvitað amerísk klassík og fólkið þekkir verkið mjög vel,“ segir Stefán.

Sýningin er ógnarstór að umfangi. Stefán segir að ferðast sé með hana í ellefu trukkum. Til að gefa gleggri mynd af stærðinni er bara starfsfólkið ferjað um í tveimur langferðabifreiðum. Áætlaður kostnaður við þennan „túr“ er sagður vera fimm milljónir dollara. Miðað við gengi dollarans í dag eru það rúmar sjö hundruð milljónir íslenskra króna.

Sýningu lýkur í Baltimore í næstu viku og fer þaðan í eitt virtasta og stærsta leikhús Boston, Citi Performing Arts Center. Ferðalaginu lýkur síðan, vonandi, á Broadway snemma á næsta ári. Stefán segir þetta mikið puð. Hann sýni fjórtán til sextán sýningar á viku og það taki mikið á. „Þetta er eins og spila tvo fótboltaleiki á dag. Það er hins vegar hugsað vel um okkur. Maður er með sinn aðstoðarmann og síðan er sérstakur kokkur sem eldar ofan í okkur.“ - fgg



**Í FANTAFORMI** Stefán Karl hefur fengið frábæra dóma fyrir frammistöðu sína sem Trölli. Sýningin fer í næstu viku til Boston, svo Los Angeles og endar loks á Broadway í New York ef allt gengur að óskum.



**MIKIÐ GERVI** Gervið sem Stefán notast við í sýningunni er hannað af Gunnari Karlssyni hjá Caoz.



**LÁRÉTT**
**2.** nautasteik, **6.** í röð, **8.** fornafn, **9.** bókstafur, **11.** leita að, **12.** slagorð, **14.** hrópa, **16.** pípa, **17.** ennþá, **18.** óðagot, **20.** tveir eins, **21.** svara.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðlag, **3.** umhverfis, **4.** gróðrahyggja, **5.** af, **7.** endurröðun, **10.** raus, **13.** gerast, **15.** sálar, **16.** iðka, **19.** sjúkdómur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** tu, **8.** mér, **9.** emm, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** öskra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** fum, **20.** dd, **21.** ansa.

**LÓÐRÉTT: 1.** stef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** frá, **7.** umröðun, **10.** mas, **13.** ske, **15.** anda, **16.** æfa, **19.** ms.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Guðmundur Sophusson.
2. Palli fermeter.
3. Diego Armando Maradona.





Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


BJÖRN JÖRUNDUR: FJÓRÐA ÞÁTTARÖÐ IDOL SÝND EFTIR ÁRAMÓT

# Mætir löðrandi af kynþokka í nýja Idol-keppni

Fjórða serían af Idol-stjörnuleit fer í loftið eftir áramót. Að sögn Pálma Guðmundssonar, sjónvarpsstjóra Stöðvar 2, verða áheyrnarpróf haldin í janúar og er áætlað að sýningar hefjist í febrúar. Pálmi segir að ákvörðunin sé tekin í kjölfar mikils þrýstings frá áhorfendum stöðvarinnar en Idolið hefur legið í dvala undanfarin tvö ár. „Miðað við ástandið í þjóðfélaginu er þetta örugglega eitthvað sem fólk tekur opnum örmum,“ segir hann.

Ný dómnefnd mun stjórna leitinni að næstu söngstjörnu landsins en Björn Jörundur Friðbjörnsson, söngvari í Ný dönsk, mun leiða hana. Gömul og kunnugleg andlit úr Idol-seríunum munu þó líta dagsins ljós. Þeir Sigmar Vilhjálmsson og Jóhannes Ásbjörnsson munu nefnilega endurtaka leikinn sem kynnar. „Við settum það sem skilyrði að það yrðu framleiddar dúkkur með okkur,“ segir Jóhannes þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Þegar við settumst niður á fund með Pálma sjónvarpsstjóra var þetta algjört forgangsatriði, dúkkurnar,“ áréttar Jóhannes og tekur skýrt fram að þeir ætli sér ekki að dusta rykið af gömlu bröndurunum sínum. „Nei, við ætlum að semja nýja og leyfa hinum bara að verða gleymskunni að bráð.“ Væntanlega eiga þó einhverjir eftir að sakna rafmagnaða andrúmsloftsins milli þeirra og Bubba Morthens. Jóhannes er þess hins vegar fullviss að þeir eigi eftir að ná álíka vel saman með Birni og þeir gerðu með Bubba.

„Krakkarnir eiga ekki eftir að skipta neinu máli þegar ég mæti á svæðið, ber að ofan,“ segir Björn Jörundur þegar Fréttablaðið náði tali af honum og er ekkert að skafa utan af hlutunum. „Það veltur samt allt á því hvernig ég kem undan jólahaldinu. Ef það kemur ekki nógu vel út kaupi ég mér svona níðþrönga og flegna boli eins og Simon Cowell klæðist alltaf,“ bætir Björn við. Hann segir það löngu tímabært að gæða Idolið einhverjum kynþokka. „Jafnvel þótt Einar Bárðar, Bubbi, Þorvaldur og Páll Óskar yrðu lagðir saman myndu þeir ekki ná því að verða myndarlegri en ég,“ bætir Björn við og býst við skemmtilegum vetri. „Ég hafði mjög gaman af Bandinu hans Bubba og býst við einhverju áþekku. Þetta verður spennandi.“

freyrgigja@frettabladid.is



**SAMEINAÐIR Á NÝ** Þeir Simmi og Jói sameinast á skjánum á ný eftir áramót þegar þeir kynna til leiks fjórðu þáttaröðina af Idol. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**KYNTÁKN IDOLSINS** Björn Jörundur leiðir nýja dómnefnd í Idol. Hann segir tímabært að gæða keppnina einhverjum kynþokka.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Björn Blöndal**, sérfræðingur og bassaleikari í Ham, býður til kokkteilpartís nú um helgina. Er það í tilefni bókar hans, **Spessa** og hjónakornanna **Auðar Jónsdóttur** og **Þórarins Leifssonar,** Forstjóri dagsins. Þar verður ýmislegt sér til gamans gert en gestum gefst færi á að láta mynda sig með forstjóranum, sem er Björn, af sjálfum Spessa og fá svo myndina senda í tölvupósti.



Sænski rithöfundurinn **Jens Lapidus** sat kvöldverðarboð á Fiskmarkaðnum í boði **Jóhanns Páls Valdimarssonar** útgefanda og var til þess tekið hversu vel fór á með honum og **Einari Kárasyni** sem er náttúrlega öllum hnútum kunnugur í Skandinavíu.



**Hörður Torfason** og Raddir fólksins boða enn til mótmæla á Austurvelli á laugardag. Þar verða ræðumenn, **Hjalti Rögnvaldsson,** upplesari Íslands, les baráttuljóð og Lúðrasveit Íslands blæs ættjarðarlög. Víst er að þolinmæði margra er að bresta vegna aðgerðarleysis yfirvalda – enginn ætlar að taka ábyrgð. Orðið á götunni er að nokkrir þeir sem teljast óvenju harðir í horn að taka ætli að efna til óeirða á laugardag og er mikill viðbúnaður vegna þess orðróms innan lögreglu. - jbg



# Ragnhildur Steinunn til Egyptalands

„Ég hlakka mikið til. Ef maður fær frítíma reynir maður að skoða píramídana en það verður bara að koma í ljós,“ segir sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir sem er á leiðinni á kvikmyndahátíð í Egyptalandi til að kynna myndina Astrópíu. Flýgur hún í dag til höfuðborgarinnar Kaíró þar sem hátíðin fer fram og dvelur þar í fimm daga.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Ragnhildur kynnir Astrópíu á erlendri grundu en myndin var sýnd hér heima í fyrra við miklar vinsældir. „Þeir eru búnir að fara út og suður með myndina. Leikstjórinn var síðast í Texas og ég ætlaði að koma með en komst ekki vegna þess að tökur á þættinum mínum voru á sama tíma,“ segir hún og á þar við sjónvarpsþáttinn Gott kvöld. „Það hitti þannig á að ég var að klára tökur í gær (miðvikudag) og átti nokkra daga eftir af sumarfríinu sem ég gat nýtt.“

Ragnhildur hefur haft í nógu að snúast síðustu daga við undirbúning ferðarinnar. Síðast í gær sótti hún nýjan og stórglæsilegan kjól sem fatahönnuðurinn Birta Björnsdóttir saumaði á hana, sem hún mun klæðast í Kaíró. „Maður verður að vera í einhverju íslensku, það þýðir ekkert annað.“

Þátturinn Gott kvöld verður sýndur fram að jólum en hættir þá göngu sinni. Ragnhildur segir óvíst hvað taki þá við hjá sér. „Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt en alveg ógeðslega mikil vinna. Þetta var eins og að vera búin í stóru prófi þegar við kláruðum,“ segir Ragnhildur áður hún heldur á vit ævintýranna. - fb



**RAGNHILDUR STEINUNN** Sjónvarpskonan knáa er á leiðinni til Kaíró, höfuðborgar Egyptalands, til að kynna myndina Astrópíu.




Við ætlum að koma til móts við okkar viðskiptavini og veita 25% afslátt af öllum vörum til jóla!

Verið velkomin

Öndvegi

heima

mood

BÚUM BETUR
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

HEIMA
HÚSIÐ

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - **Opið virka daga 10-18, lau. 11-16, sun. 13-16.**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

## Tilraunaeldhúsið

Ilmur af íslenskri kjötsúpu tók á móti mér þegar ég kom heim úr skólanum í gær. Ég brosti út í annað enda benti lyktin til þess að atvinnulausi bankamaðurinn á heimilinu hefði ekki setið auðum höndum þann daginn. Sú var líka raunin. Þvottur hafði verið þveginn, gólfin þrifin og á eldhúsbekknum stóðu heilir staflar af nýbökuðu bakkelsi. Að ógleymdri kjötsúpunni ljúffengu sem beið á hellunni og bankastarfsmaðurinn fyrrverandi hrærði í af mikilli natni líkt og hann væri að sjóða saman viðkvæmar afleiður í stórri skuldasúpu.

**VITANLEGA** var það bara blekking að það væri alvöruvinna að fylgjast með tölum á tölvuskjá. Afdankaði bankamaðurinn hefur enda blómstrað þessa daga sem liðnir eru síðan bankakerfið skilaði honum. Viku eftir hrunið mikla var hann kominn norður í land og farinn að vinna þar raunverulega vinnu eins og að mjólka kýr og dreifa skít. Menn segja að bankakreppan kenni okkur að meta framleiðslustörfin á ný og bankastarfsmaðurinn fyrrverandi á eftir að sjá að maður uppsker eins og maður sáir. Túnin sem hann jós skít á dögunum munu skila góðri sprettu næsta sumar. Ólíkt þeirri sviðnu jörð sem blasir við eftir mykjudreifarana sem á ferð voru í fjármálaheiminum.

**ÞAÐ** hefur svona rétt hvarflað að mér hvort ekki væri réttast að senda ríkisstjórnina, seðlabankastjórnina og bankastjórana í sveit líkt og venja var með ódæla drengi hér áður fyrr. Þar myndi þetta ágæta fólk læra fyrir hvað orðið „búskapur“ í hugtakinu „þjóðarbúskapur“ stendur og hvers vegna við segjum að kálfurinn launi sjaldnast ofeldið. Sveitadvölin hafði að minnsta kosti afar góð áhrif á bankamanninn á mínu heimili sem er hinn rólegasti þessa dagana og hefur boðið upp á hefðbundinn íslenskan heimilismat í hvert mál síðan hann sneri aftur í bæinn.

**ÞEGAR** kjötsúpan kláraðist í gær og búið var að kveikja á sjónvarpsfréttunum helltust skyndilega yfir mig gríðarlegar áhyggjur. Er ekki bókstaflega allt farið fjandans til hér á Íslandi? Ég reyndi að ræða um ástandið við bankamanninn sem virtist ekki heyra í mér, lagði bara frá sér kökublað Gestgjafans sem hann hafði verið að blaða í og tjáði mér að hann hygðist hefja smákökubaksturinn strax eftir helgi. Mín vegna má kreppan vara aðeins lengur. Ég þarf að minnsta kosti ekki að hafa áhyggjur af því að svelta.

**GÓÐAN DAG!**
Í dag er föstudagurinn 21. nóvember, 325. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.17 | 13.12 | 16.10 |
| Akureyri | 10.20 | 12.58 | 15.36 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


